# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ** **23. febrúar 2013** | 46. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**3 SÉRBLÖÐ**

Ferðir | Fólk | Atvinna






ÍSKLIFUR Í COLORADO 40



METNAÐUR FYRIR ÍSLENSKRI HÖNNUN 30



PÁFI KVEÐUR 34



# SIGRÍÐUR THORLACIUS

**er ein besta söngkona sinnar kynslóðar og starfar jöfnum höndum með hljómsveitinni Hjaltalín og á eigin vegum. Hún segist alls ekki vera nein dúlla og sá síður að flokka söngkonur ýmist sem kyntákn eða krútt fer óskaplega í taugarnar á henni.** ▶ 24


KONUDAGURINN ER Á MORGUN!
Opið í dag frá 10-18
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
25 ÁRA

HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
Mikið úrval • Frábær gæði • Betri verð
www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland




„Það er allt útatað; menn, vélar og hús og lyktin ætlar allt að drepa.“ 4

Bjarni Sigurbjörnsson bóndi á Eiði í Kolgrafafirði



**LAUS GEGN TRYGGINGU 6**
Dómari ákvað í gær að Oscar Pistorius skuli leystur úr haldi. Pistorius er ákærður fyrir að myrða unnustu sína.

**ÓLAFUR RAGNAR NÝTUR MESTS TRAUSTS 12**
Bjarni Benediktsson nýtur minnsts trausts íslenskra stjórnmálaleiðtoga.

## SKOÐUN 16→18



**DEILAN LEYST EN VANDINN ÓLEYSTUR 16**
Þorsteinn Pálsson um kjarasamninga og krónuna.

**LÆKNINGAR OG GOLF – ER MUNUR? 17**
Kristófer Sigurðsson um kjör unglækna.

**FRÍVERSLUN VIÐ ASÍURÍKI Í SJÓNMÁLI 18**
Jón Ágúst Þorsteinsson um viðskipti.

## HELGIN 22→46



**STYTTIST Í ÓSKARINN 22**
Óskarsverðlaunahátíðin er hápunktur bíóársins að margra mati. Nokkrir tilnefndir í ár skrá sig í sögubækur verðlaunanna.

**JARÐNÆÐI TILFINNINGANNA 26**
Upplýsingar liggja ekki á lausu um eignarhald á jörðum, kort eru ófullkomin og stjórnvöld hafa ekki skýra stefnu í málaflokknum. Engu að síður hafa allir skoðun á ástandinu og hvert skal stefnt

**HVER DAGUR ER SÁRSAUKAFULLUR 36**
Helga Lucia Haraldsdóttir hefur glímt við psoriasis frá fimmtán ára aldri.

**SÖFNUN ER GÓÐ FYRIR SÁLINA 38**
Þótt frímerki og mynt séu óðum að hverfa úr notkun er líflegt á félagsfundum safnara.

**KRAKKASÍÐA 42**
**KROSSGÁTA 44**

## MENNING 56→74



**LYGIN EINS OG KJARNORKUÚRGANGUR 56**
Rithöfundurinn Hanne-Vibeke Holst ræðir verk sín.

**NÝTT - UPP Á GAMLA MÁTANN 60**
Pönnukökur, vöfflur og skonsur standa alltaf fyrir sínu.

**BÚIÐ SPIL 64**
Framleiðendur Die Hard-myndabálksins eru búnir að ganga af honum dauðum, að mati gagnrýnanda.

**SJÖ VIÐTÖL Á EINUM DEGI 74**
Ólafur Arnalds er fullu við að kynna nýju plötuna sína sem kemur út hjá Universal á mánudag.

## SPORT 68



**STYRKIR TIL AFREKSFÓLKS OF LÁGIR 68**
Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra útilokar ekki að taka upp launakerfi fyrir íslenskt afreksfólk. Hún tekur undir að núverandi styrkir séu of lágir.

**ÁRNI BERST Í DUBLIN 68**
Árni Ísaksson tekur þátt í bardaga á Írlandi í kvöld.

Rauði krossinn
Reykjavík

**Aðalfundur**

**Kvennadeildar RKR 2013 verður haldinn í Sunnusal Hótel Sögu við Hagatorg, fimmtudaginn 7. mars kl. 18:00.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning í stjórn og nefndir
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Eyrún Ingadóttir les úr bók sinni Ljósmóðirin

Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku í síma 545 0405, 545 0400 eða með tölvupósti: audur@redcross.is í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.

*Stjórnin*

## FIMM Í FRÉTTUM VANTRAUST OG TÓNAR



**Magnús Halldórsson**, viðskiptafréttastjóri Stöðvar 2 og Vísis, gagnrýndi Jón Ásgeir Jóhannesson í harðorðri grein þar sem hann frábað sér tilraunir Jóns Ásgeirs til að hafa áhrif á fréttaskrif varðandi hans mál í miðlum 365.



**Þór Saari**, þingmaður Hreyfingarinnar, bar fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina á miðvikudag en dró hana síðan til baka á fimmtudagsmorgun.



**Kristín Jóhannesdóttir** kvikmyndagerðarkona hlaut heiðursverðlaun Eddunnar. Ræða hennar vakti mikla athygli þar sem hún gagnrýndi harðlega hversu erfitt konur eiga uppdráttar í kvikmyndagerð á Íslandi.



**Ásgeir Trausti** kom, sá og sigraði á Íslensku tónlistarverðlaununum og hafði heim með sér fern verðlaun; þar með talin fyrir bestu plötu síðasta árs.



→ Gunnar Nelsson, bardagaíþróttakappi, hefur öðlast enn frekari viðurkenningu hér heima og erlendis eftir bardaga sinn við Jorge Santiago, sem hann sigraði á sannfærandi hátt í vikunni.

# Hálfníræð skíðar enn á gervimjaðmakúlum

Elín Guðmannsdóttir hefur staðið á skíðum í marga áratugi og er ekki af baki dottin þótt hún sé orðin 84 ára og sé með gervimjaðmaliði. Sonur Elínar kveðst hafa haft áhyggjur af fyrstu skíðaferð hennar í fjögur ár en það hafi reynst óþarft.

**FÓLK** „Þetta hreyfði við manni,“ segir Elín Guðmundsdóttir, 84 ára skíðakona og fyrrverandi tannlæknir, sem í síðustu viku renndi sér sína fyrstu ferð í fjögur ár.

Myndband sem Ingimar Örn Jónsson, sonur Elínar, tók af henni að renna sér í Bláfjöllum hefur vakið athygli og hrifningu á Facebook. Ingimar viðurkennir að hafa haft dálitlar áhyggjur af móður sinni í skíðabrekkunni í fyrsta skipti í svo langan tíma.

„Hún er búin að fara í mjaðmaskipti og þá er maður hræddur um að það sé eitthvað að styrknum eða þrekinu en það var nú ekki að sjá á henni þegar við vorum að skíða niður. En þetta er bara eins og hún sagði sjálf; hræðslan er bara í huganum,“ segir sonurinn.

„Það hefur vantað snjó og svo fóru skíðin mín óvart til Noregs,“ útskýrir Elín hið langa skíðahlé sem nú er lokið. Hún kveðst við góða heilsu þó að gerviliðirnir í mjöðmunum sem hún fékk fyrir rúmum áratug setji henni viss mörk:

„Það er eiginlega það sem heldur aftur af mér að fara í erfiðar brekkur. Ég er ekki bangin en ég veit að það er ekki aftur snúið ef eitthvað kemur upp á í sambandi við það.“

Öll fjölskyldan hefur alla tíð stundað skíðaíþróttina af miklu kappi. „Hún ól okkur systkinin á sínum tíma upp á skíðum, meðal annars í Kerlingarfjöllum. Svo vorum við svo heppin að mamma og pabbi fengu strax áhuga á að fara til Austurríkis áður en skipulegar ferðir þangað byrjuðu. Það er auðvitað skíðaparadís,“ segir Ingimar.

„Þetta þótti bara sjálfsagt þegar veturinn var genginn í garð og snjór var kominn í fjöllin,“ bætir Elín við. Síðast fór hún í skíðaferð erlendis til Davos í Sviss fyrir fimm árum. Það sé einfaldlega frábært að vera á skíðum. „Yfirleitt fór ég erlendis á skíði á hverju ári. Annars er ég komin það mikið í golfið að það hefur tekið yfir.“



**ELÍN GUÐMANNSDÓTTIR** Snjóleysi og skíði sem fóru óvart til Noregs héldu Elínu Guðmannsdóttur frá skíðabrekkunum í fjögur ár. Nú er hún mætt aftur í Bláfjöll. MYND/INGIMAR ÖRN JÓNSSON

> **Ég er ekki bangin en ég veit að það er ekki aftur snúið ef eitthvað kemur upp á.**
>
> *Elín Guðmundsdóttir, skíðakona og fyrrverandi tannlæknir.*

Elín neitar því ekki að vera komin nokkuð áleiðis í aldurskalanum fyrir skíðagarp. „Ekkert alvarlega samt,“ undirstrikar hún þó og hlær hjartanlega.

gar@frettabladid.is

Steingrímur J. Sigfússon kveðst stoltur af fyrstu vinstristjórninni:

# VG mikilvægasti flokkurinn

**STJÓRNMÁL** Enginn stjórnmálaflokkur hefur skipt meira máli á Íslandi undanfarin fimmtán ár en Vinstrihreyfingin – grænt framboð. Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon, fráfarandi formaður flokksins, í ræðu sinni á fyrsta degi landsfundar VG á Hilton Nordica-hótelinu síðdegis í gær.

Steingrímur sagði flokkinn hafa skrifað marga kafla í íslenska stjórnmálasögu, meðal annars með því að setja umhverfis- og kvenfrelsismál á oddinn.

Steingrímur kvaðst afar stoltur af myndun fyrstu hreinu vinstristjórnarinnar árið 2009. Þá vék hann einnig að rótum efnahagshrunsins 2008: „Siðlaus græðgishyggja nýfrjálshyggjunnar, nýkapítalismans sem einkavæðir gróðann, rakar honum til sín í skattaskjól, borgar svimandi arð, laun og bónusa meðan því er logið að okkur að það sé góðæri, en vill svo þjóðnýta tapið þegar allt fer á hliðina, þá á ríkið, við, að borga, er versta kerfi sem hefur verið fundið upp á jörðinni, sannkallaður kapítalismi andskotans.“

Fundurinn heldur áfram í dag og þá verður kosið um formann og varaformann. Katrín Jakobsdóttir er ein í kjöri til formanns en um varaformannsembættið berjast þingmaðurinn Björn Valur Gíslason, Daníel Haukur Arnarsson, stjórnarmaður í Ungum Vinstri grænum og Þorsteinn Bergsson, bóndi og þýðandi í Fljótshlíð. - sh



**VÍGREIFUR** Katrín Jakobsdóttir, verðandi formaður, afhenti Steingrími blómvönd að lokinni ræðu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# 15 TÚLIPANAR 1.799 kr.

KAUP-AUKI!

GLOSS FRÁ AVON FYLGIR TÚLIPANA-VENDI!
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

KAUP-AUKI!

AFSLÁTTAR-KORT Á ÞRJÁ VEITINGASTAÐI FYLGIR!

KAUP-AUKI!

ILMVATNS-PRUFA FYLGIR!

Ath. afsláttarkort og ilmvatns-prufa fylgja eingöngu í Skútuvogi, Grafarholti og Hafnarfirði meðan birgðir endast!

# Konudagurinn í Blómavali!



## STÓR KONUDAGSVÖNDUR 3.990 kr.

KAUP-AUKI!

MASKARI FRÁ AVON FYLGIR KONUDAGS-VENDINUM!
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

## Túlipanar og súkkulaðikaka!

Ath. súkkulaðikaka eingöngu fáanleg í Skútuvogi, Grafarholti og Hafnarfirði meðan birgðir endast!



**15 túlipanar og frönsk súkkulaðikaka! Takmarkað magn! Aðeins 2.990 kr.**

**KOMDU Á KONUDAGINN OG NÝTTU ÞÉR TILBOÐIN!**

**OPNUNARTÍMI Á KONUDAGINN**

Blómaval Skútuvogi kl. 8-19 ■ Blómaval Grafarholti kl. 8-18
Blómaval Hafnarfirði kl. 10-17 ■ Blómaval Akureyri kl. 10-15

Sjá nánar opnunartíma um land allt á blomaval.is

blómaval

## 17.02.2013 → 22.02.2013




14,2%
fullorðinna Íslendinga reykja daglega en

**15%**
karlmanna á aldrinum 18 til 24 ára nota tóbak í vör.



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var formlega festur í lög í vikunni,
**20 ÁRUM**
eftir að hann var fullgiltur hér á landi.

Alls eru 6.449 lögbýli á Íslandi og 12.402 sumarhús.



## 3,4 MILLJARÐAR

**Ríkisendurskoðun áætlar að bótasvik geti numið allt að 3,4 milljörðum á ári.**

**11** Djúpið hlaut ellefu verðlaun á Edduverðlaunahátíðinni.

**$80.000.000**




Áætlað er að Everest, næsta kvikmynd Baltasars Kormáks, muni kosta 80 milljónir Bandaríkjadala.



1.500 tonn af hrossakjöti voru framleidd á Íslandi árið 2012 samanborið við 878 tonn árið áður.




**4** Ásgeir Trausti hlaut fern verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum.



**Á LEIÐ Í GÆSLU** Karl Vignir hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 8. janúar vegna kynferðisbrota gegn börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Karl Vignir áfram í varðhaldi:

# Framlengt um mánuð í viðbót

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald yfir Karli Vigni Þorsteinssyni var framlengt um fjórar vikur til viðbótar á miðvikudag. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á kröfu lögreglu, en Karl Vignir hefur setið í varðhaldi síðan í byrjun janúar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lítið viljað tjá sig um framgang málsins en hefur sagt að rannsókn málsins miðar vel.

Að minnsta kosti sex einstaklingar hafa lagt fram kæru á hendur Karli Vigni fyrir kynferðisbrot. Sum málin eru talin fyrnd að lögum, önnur ekki. - sv

### UMFERÐARSLYS

**Enn á gjörgæslu**

Karlinn sem slasaðist í árekstri á Holtavörðuheiði á fimmtudag er enn á gjörgæslu á Landspítalanum í Fossvogi. Kona sem var einnig lögð inn á gjörgæslu eftir slysið, hefur verið útskrifuð. Þau voru flutt með þyrlu á sjúkrahús, en alls voru sex manns í bílunum tveimur sem rákust á.

Furðunöfn á Indlandi:

# Frankenstein og Hitler í kjöri

**INDLAND, AP Maður að nafni Adolf Lu Hitler er í framboði til héraðsþings í Meghalya á Indlandi, þar sem gengið verður til kosninga á morgun.**

**Annar frambjóðandi heitir Frankenstein Momin. Alls eru 345 manns í framboði og nöfn nokkurra annarra þykja dálítið sérstök. Foreldrar í Meghalya hafa lengi verið óhræddir við að gefa börnum sínum óhefðbundin nöfn.**

**Hitler er orðinn 54 ára. Hann er þriggja barna faðir og hefur þegar setið þrjú kjörtímabil á þinginu. Faðir hans starfaði hjá breska hernum en hreifst engu að síður af hinum alræmda höfuðóvini Breta.** - gb

Formannskjör í VR:

# Ólafía fer fram gegn Stefáni

**FÉLAGSMÁL** Ólafía B. Rafnsdóttir hefur tilkynnt um framboð sitt til forseta VR.



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR

Ólafía starfaði um árabil á skrifstofu VR en hefur síðan meðal annars unnið sem kosningastjóri hjá Ólafi Ragnari Grímssyni og Árna Páli Árnasyni, auk þess sem hún var starfsmannastjóri 365 miðla.

Ólafía segir í tilkynningu að hún muni setja starfsendurmenntunarmál í öndvegi.

Stefán Einar Stefánsson, núverandi formaður, hefur tilkynnt að hann muni gefa kost á sér til endurkjörs. - þj

# Menn, tæki og hús á kafi í grútardrullu

Aðstæður til hreinsunarstarfa í Kolgrafafirði eru erfiðar vegna hlýinda og rigningar. Allt er á kafi í grút og lyktin hrikaleg jafnt utan- sem innandyra. Tilraunir til að smala síld úr firðinum báru ekki árangur. Þykkt grútarlag litar fjörðinn gulan.

**UMHVERFISMÁL** Aðstæður til hreinsunarstarfa í Kolgrafafirði hafa snarversnað vegna hlýinda og rigninga undanfarna daga. Tíu til fimmtán þúsund tonn hafa þegar verið grafin niður í fjöruna og nokkur hundruð tonn af grúti verið flutt til urðunar. Tilraunir Hafrannsóknastofnunar til að fæla burt lifandi síld og háhyrninga úr firðinum báru ekki árangur.

Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði í Kolgrafafirði, segir aðstæður skelfilega erfiðar í Kolgrafafirði. „Það er allt að fara á kaf í drullu og viðbjóði. Veðurfarið vinnur gegn okkur. Það er allt útatað; menn, vélar og hús og lyktin ætlar allt að drepa,“ segir Bjarni.

Kolgrafafjörður er rjómagulur á litinn vegna grútarmengunar að stórum hluta, segir Bjarni. Fjara sem var hreinsuð á miðvikudag er aftur orðin pökkuð af dauðri síld. „Þetta er nokkuð sem við áttum von á; við vissum af meiru í firðinum. En ég fullyrði að búið er að urða um fimmtán þúsund tonn nú þegar, svo það gengur verulega á þetta.“

Sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar verið við vöktun í firðinum, meðal annars til að meta umfang dauðrar síldar á botni fjarðarins. Sérfræðingar Hafró hófu á fimmtudag tilraunir til þess að fæla lifandi síld og hval út úr firðinum með hljóðmerkjum.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Hafró, segir að tilraunirnar hafi ekki borið árangur og ljóst að síldinni verður ekki smalað með þeim aðferðum sem hafa verið prófaðar til þessa. Þá vinnur Hafrannsóknarstofnun að áætlun um rannsókn á orsökum síldardauðans og hefur átt í samræðum við Vegagerðina um hugsanleg áhrif þverunar fjarðarins í því sambandi.



**KOLGRAFAFJÖRÐUR Í GÆR** Erfitt hefur reynst að vinna að hreinsun vegna veðuraðstæðna. Með hlýnandi veðri eykst rotnun og lyktin í firðinum er stæk. MYND/BJARNI SIGURBJÖRNSSON

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, fór til eftirlitsstarfa í Kolgrafafirði og víðar á svæðinu í vikunni og sá tuttugu erni. Þeir virtust allir vel fleygir og því ekki grútarblautir, án þess að hægt sé að útiloka það. „Fuglalífið á svæðinu, sérstaklega í Urthvalafirði [Kolgrafafjörður utan brúar], er ævintýralega mikið. Síðdegis þennan dag voru líklega 20 þúsund fýlar á Urthvalafirði og þúsundir máfa og tvö til þrjú þúsund æðarfuglar voru innan brúar,“ er mat Róberts sem segir að vesturhluti Kolgrafafjarðar innan brúar, frá brú inn að Eiðisstöpum, sé mjólkurlitaður og gruggugur, sem minni helst á frárennsli frá fiskvinnslu.

svavar@frettabladid.is

> **Fuglalífið á svæðinu, sérstaklega í Urthvalafirði [Kolgrafafjörður utan brúar], er ævintýralega mikið.**
> *Róbert Arnar Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTUSAMT SYÐRA** Svipað veður næstu daga. Suðlægar áttir með vætu einkum sunnan og vestan til. Hitinn víðast á bilinu 3-10 stig.




**Á morgun**
8-15 SA og A-til, annars hægari.




**Mánudagur**
5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | 0° | Gautaborg | 0° | London | 4° | Orlando | 29° | San Francisco | 14° |
| Basel | 1° | Frankfurt | 1° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 17° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | -1° |
| Berlín | 1° | Friedrichshafen | -3° | Las Palmas | 21° | New York | 5° | París | 2° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




smaralind.is Opnunartímar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

ftr.
Félag tæknifólks í rafiðnaði

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

Samkvæmt 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

*32. gr.*
*Stjórn félagsins skal einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 22. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar fyrir aðalfund og skal tillögum skilað til kjörstjórnar RSÍ innan þess tíma.*

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 mánudaginn 7. mars 2013 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

*Reykjavík 18. febrúar 2013.*

Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

www.rafis.is/ftr



**Forvarnarsjóður Reykjavíkur**

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til forvarnarverkefna úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur. Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einstökum hverfum eða almennt í borginni. Hverfisráð veita styrki til verkefna í hverfum, en velferðarráð til almennra verkefna í borginni að fenginni umsögn samráðshóps um forvarnir.

Verkefnin gefa einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að vinna að forvörnum í borginni.
Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrk til.

**Til úthlutunar úr Forvarnarsjóðnum árið 2013 koma alls 10 milljónir króna.**

**Umsóknarfrestur er til miðnættis laugardaginn 23. mars 2013.**
Umsóknareyðublað og upplýsingar um úthlutunarreglur og tengiliði er að finna á vef Reykjavíkurborgar;
**www.reykjavik.is/forvarnarsjodur**

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og styrkja félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Styrkir úr sjóðnum verða veittir til verkefna sem styðja:
- Forvarnir í þágu barna og unglinga.
- Eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar.
- Bætta lýðheilsu.
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs.
- Önnur verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.


Réttarhöldin yfir íþróttakappanum Oscar Pistorius hefjast 4. júní:

# Látinn laus gegn tryggingu

**SUÐUR-AFRÍKA** Dómari í Suður-Afríku ákvað að láta Oscar Pistorius lausan úr fangelsi í gær gegn tryggingu og þarf hann ekki að mæta fyrir rétt fyrr en 4. júní, þegar réttarhöldin í máli hans eiga að hefjast.

Hann er ákærður fyrir að hafa myrt kærustu sína, Reevu Steenkamp, að yfirlögðu ráði á heimili hans í síðustu viku. Sjálfur viðurkennir hann að hafa skotið Steenkamp en segist hafa talið sig vera að skjóta á innbrotsþjóf.

Desmond Nair dómari telur engar líkur á því að Pistorius geti flúið land eða farið í felur til að komast hjá refsingu. Til þess sé hann of þekktur maður.

Pistorius þarf að greiða jafnvirði nærri 15 milljóna króna í tryggingu. Hann þarf einnig að mæta tvisvar í viku til lögreglunnar að gera grein fyrir sér.

Pistorius varð fyrstur manna til að keppa í hlaupagrein á Ólympíuleikunum með tvo gervifætur. **- gb**



**OSCAR PISTORIUS** Fjölmiðlar hafa fylgst af áhuga með réttarhöldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SUÐURNESJALÍNA – EIGNARNÁM**




# Skilyrði fyrir eignarnámi ekki uppfyllt

Eigendur jarða á Reykjanesi sem Landsnet hefur farið fram á að verði teknar eignarnámi furða sig á kröfunni. Landeigendur telja samninga ekki fullreynda en þeir hafa krafist þess að línan verði jarðstrengur en ekki loftlína.

**STJÓRNSÝSLA** Landeigendur á Reykjanesi furða sig á eignarnámskröfu sem Landsnet hefur sett fram vegna ráðgerðra framkvæmda við háspennulínu á svæðinu. Þá telja þeir skilyrði fyrir eignarnámi ekki uppfyllt.

„Þetta kemur í fyrsta lagi verulega á óvart. Landeigendur hafa talið að samningaviðræður standi enn yfir en eitt af grundvallarskilyrðum þess að eignarnám sé krafist er að samningar hafi verið reyndir til þrautar. Við teljum þetta skilyrði ekki uppfyllt sem og reyndar fleiri,“ segir Ásgerður Ragnarsdóttir, sem er lögmaður landeigendanna ásamt Karli Axelssyni.



**ÁSGERÐUR RAGNARSDÓTTIR**

Þá segir Ásgerður einkennilegt að farið sé fram á eignarnám áður en tilskilin framkvæmdaleyfi frá Orkustofnun og sveitarfélögum liggja fyrir.

Forsaga málsins er sú að Landsnet fór í gær fram á að tiltekin landsvæði á Reykjanesi yrðu tekin eignarnámi. Telur fyrirtækið sig ekki geta tryggt raforkuöryggi á Reykjanesi án línunnar og að samningar við nokkra landeigendur hafi siglt í strand.

Landsnet hefur þegar náð samningum við eigendur 11 af 20 jörðum á svæðinu og þá standa samningar enn þá yfir við eigendur tveggja jarða. Ásgerður segir hina landeigendurna einhuga í þessari deilu og bætir við að þeir muni mótmæla eignarnámsbeiðninni.

Ásgerður segir að deilan hafi meðal annars staðið um það hvort nýja línan verði loftlína eða jarðstrengur en landeigendur telja síðari kostinn hagkvæmari þegar á allt sé litið. **magnusl@frettabladid.is**

Norskur unglingur strauk og keypti miða aðra leiðina til Íslands:

# Tólf ára ekki spurð um fararleyfi

**SAMGÖNGUR** Flugfélögum ber engin skylda til að kanna hvort börn á aldrinum 12 til 18 ára hafi leyfi forráðamanns til að ferðast ein. Þessi svör fékk norsk móðir hjá Icelandair, SAS og Norwegian. Sautján ára sonur hennar strauk að heiman og enginn vissi hvar hann var fyrr en hann birtist allt í einu á Íslandi, að því er kemur fram í frétt á vef Verdens Gang.

Pilturinn hafði keypt sér ferð til Íslands aðra leiðina. Hann hélt frá Rogaland til Gardermoen flugvallar við Ósló á sunnudagskvöld og hélt til um nóttina á flugvellinum. Á mánudagsmorgun fór hann um borð í flugvél til Íslands með farmiðann sem hann hafði keypt á netinu með Visa debetkortinu sínu. Stráksi hafði ákveðið að heimsækja vin sinn á Íslandi. Fjölskyldan á ættingja hér á landi og með aðstoð þeirra fannst pilturinn.

Móðirin kveðst ekki skilja hvers vegna ekki sé kannað hvort barn undir 18 ára aldri hafi leyfi til að ferðast aleitt.

„Aldurstakmarkið vegna kaupa á tóbaki, bjór og víni er 18 ára og 20 ára vegna kaupa á sterku áfengi. En 12 ára barn getur keypt sér flugmiða og farið úr landi aleitt.“

Hjá Norwegian fékk hún þau svör að leiki vafi á að barnið sé yngra en 12 ára sé það beðið um að staðfesta að það hafi leyfi til að ferðast án fylgdar.

Haft er eftir upplýsingastjóra SAS, Knut Morten Johansen, að það komi fyrir að unglingar séu stöðvaðir gruni starfsmenn að ekki sé allt með felldu. Þá sé haft samband við forráðamenn eða lögregluna á flugvellinum. **- ibs**



**Í LEIFSSTÖÐ** Flugfélögum ber ekki skylda til að kanna hvort 12 ára börn og eldri megi ferðast ein. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# TAX FREE DAGAR

## NÝJAR VÖRUR!

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**
21.-24. FEBRÚAR.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. febrúar.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



SILVIO BERLUSCONI Gerir sér vonir um að verða forsætisráðherra í fjórða sinn. NORDICPHOTOS/AFP

# Ítalir ganga að kjörborði

Mikil óvissa ríkir um úrslit þingkosninga á Ítalíu, sem haldnar verða á morgun og mánudag. Sigurstranglegastur er þó Pier Luigi Bersani, leiðtogi vinstrimanna.

**ÍTALÍA, AP** Samkvæmt skoðanakönnunum er það leiðtogi bandalags vinstri- og miðjuflokka, Pier Luigi Bersani, sem virðist ætla að hala inn mestu fylgi í þingkosningum á Ítalíu.

Nokkur óvissa ríkir að vísu um gildi skoðanakannana, því samkvæmt lögum mega ítalskir fjölmiðlar ekki birta niðurstöður þeirra síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar.

Kosningarnar hefjast á morgun og standa fram á mánudag. Mario Monti forsætisráðherra boðaði til þeirra í desember eftir að Silvio Berlusconi tilkynnti að flokkur hans væri hættur að styðja ríkisstjórn Montis.

Berlusconi hafði þá boðað að hann myndi sækjast eftir því að verða forsætisráðherra Ítalíu í fjórða sinn.

Flokkabandalagi Bersanis er spáð allt að 35 prósentum atkvæða, en hægri flokka bandalagi Berlusconis um 28 prósent.

**35%**

Flokkabandalagi Bersanis er spáð allt að 35% fylgi en bandalagi Berlusconis 28%.

Flokki hagfræðingsins Marios Monti, sem stjórnaði landinu í rúmt ár eftir að Berlusconi hrökklaðist í þriðja sinn frá völdum, er spáð 14 til 16 prósentum atkvæða. Hins vegar virðist nýr flokkur skemmtikraftsins Beppos Grille, sem heitir Fimm stjörnu hreyfingin, jafnvel geta náð nokkru meira fylgi en Monti, því honum er spáð 13 til 19 prósentum.

Í vikunni birti ítalskt dagblað skoðanakönnun þar sem ekki var spurt um fylgi við flokka heldur hvort fólk væri búið að ákveða sig. Niðurstaðan varð sú að þriðjungur kjósenda væri enn óákveðinn.

gudsteinn@frettabladid.is




Sæstrengur til Evrópu

Er kominn tími til að tengja?

**Ráðgjafarhópur um lagningu raforkustrengs boðar til málþings, þriðjudaginn 26. febrúar. Málþingið verður haldið í Hörpu–Silfurbergi B kl. 12:00-15:30.**

DAGSKRÁ

**12.00-12.20** Setning ***Gunnar Tryggvason**, formaður ráðgjafarhóp*

**Staða og horfur í orkumálum Evrópu – erindi og spurningar á ensku**

**12.20-12.40** ***Justin Wilkes***, European Wind Association: Iceland and the European offshore electricity grid

**12.40-13.00** ***Emmanouela Angelidaki***, Ofgem: GB regulatory developments on electricity interconnector investment

**Reynsla Norðmanna – erindi og spurningar á ensku**

**13.00-13.20** ***Eric Skjelbred***, Statnett: The Norwegian experience of interconnectors to Europe

**13.20-13.40** ***Marius Holm Rennesund***, Thema Consulting, Effects of interconnectors to Europe

**13.40-14:00** **Kaffihlé**

**Staða málsins á Íslandi – erindi og spurningar á íslensku**

**14.00-14.15** ***Pétur Stefánsson, f.h. National Grid***, Tenging Bretlands við evrópskan orkumarkað

**14.15-14.35** ***Gunnar Haraldsson***, *Hagfræðistofnun Háskóla Íslands*, Nokkur atriði varðandi þjóðhagsleg áhrif sæstrengs

**14.35-14.55** ***Stefán Gíslason***, *Environice*, Sæstrengur og sjálfbær þróun

**14.55-15.25** ***Pallborðsumræður***

**Fundarstjóri:** ***Helga Jónsdóttir**, stjórnarformaður Hörpu*

Aðgangur er ókeypis en áhugasömum er bent á að skrá sig á **www.anr.is**.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ www.anr.is

PORT hönnun






Gildistími vegabréfa breytist 1. mars

Þjóðskrá Íslands vekur athygli á því að frá 1. mars 2013 verður gildistími vegabréfa tíu ár frá útgáfudegi, en fimm ár fyrir börn yngri en 18 ára.

Einnig breytist afgreiðslutími vegabréfa og verður allt að **þrettán virkum dögum** frá pöntun auk frídaga á tímabilinu. Þar af er framleiðslutíminn tíu dagar og að lokinni framleiðslu eru vegabréfin póstsend á lögheimili umsækjanda eða á umsóknarstað. Póstsendingartími er allt að þremur dögum.

**Nánari upplýsingar má finna á vegabref.is**

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

# Viðskiptavinir Landsbankans ánægðastir

**Landsbankinn hefur breyst** mikið í takt við nýja stefnu. Það er mikið gleðiefni að viðskiptavinir kunni að meta þessar breytingar. Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir okkar nú þeir ánægðustu á íslenskum fjármálamarkaði. Vinna okkar heldur áfram. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

**1 Ný stefna og opnir fundir**

Landsbankinn þinn - ný stefna kynnt á opnum fundum um allt land.

**2 Loforðalisti**

28 loforðum um umbætur lokið um mitt ár. Allir starfsmenn skrifa undir siðasáttmála.

**3 Skuldalækkun - 23 milljarðar**

Lækkun skulda 60 þúsund viðskiptavina. Einfaldari 110% leið, lækkun annarra skulda.

**4 Endurgreiðsla vaxta 2010-2012**

Endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina, samtals 4,5 milljarðar.

**5 Endurskipulagning fyrirtækja**

Endurskipulagningu 1.000 fyrirtækja lokið. Öll fyrirtæki í óskyldum rekstri seld.

**6 Ábyrgð í rekstri**

Stór skref stigin til hagræðingar sem skila viðskiptavinum ávinningi til framtíðar.

**7 Nýjar og öflugar netlausnir**

Aukið öryggi og bætt aðgengi í netbanka. Auðkennislykill óþarfur. Nýr farsímavefur.

**8 Efstur banka í ánægjuvoginni**

Landsbankinn mælist efstur bankanna í Íslensku ánægjuvoginni með 62,9 stig.

Landsbankinn: Einkunn í Íslensku ánægjuvoginni og helstu aðgerðir bankans undanfarin þrjú ár




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000




Umsögn PFS um fyrirliggjandi landslénsfrumvarp:

# Vilja lög um .is sem allra fyrst

**FJARSKIPTI Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) segir í umsögn sinni um frumvarp vegna laga um landslénið .is að óheppilegt sé að réttur yfir léninu sé á hendi einkaaðila. Brýnt sé, með tilliti til samfélagslegs mikilvægis þjónustunnar, að almenn lög verði sett um starfsemina sem allra fyrst.**

**Skráningar á landslénum eru að sögn PFS víðast hvar á hendi opinberra aðila eða sjálfseignastofnana og núverandi fyrirkomulag geti meðal annars skýrt há ársgjöld lénaskráninga hér á landi miðað við annars staðar.**

**Frumvarpið er nú til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd.** - þj

Sýni af íslenskum matvörum stóðust próf MAST:

# Fundu ekki hrossakjöt í nautahakkinu

**NEYTENDUR** Matvælastofnun hefur látið rannsaka íslenskar matvörur á markaði til að kanna hvort þær innihaldi hrossakjöt án þess að þess sé getið á umbúðum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að hrossakjöti hafði ekki verið blandað í vörurnar.

Vegna tilfella um íblöndun hrossakjöts í stað nautakjöts í matvörur í Evrópu ákvað Matvælastofnun að láta rannsaka íslenskar matvörur á markaði til að kanna hvort sambærilegt ástand væri hér á landi.

Í því skyni tók Matvælastofnun í síðustu viku 16 sýni úr íslenskum matvörum í verslunum. Samkvæmt innihaldslýsingu innihéldu vörurnar m.a. nautakjöt en engin þeirra hrossakjöt.

Öll sýni voru neikvæð með tilliti til þess hvort um íblöndun á hrossakjöti var að ræða í matvörurnar.

Matvælastofnun mun á næstu dögum fara nánar yfir þær vörur sem teknar voru til rannsóknar með tilliti til innihaldsefna og merkinga þeirra. Nánar verður greint frá niðurstöðum varðandi þessa þætti í næstu viku þegar þær upplýsingar liggja fyrir.



**HAMBORGARI** Eftirliti með matvælafyrirtækjum verður haldið áfram á reglubundinn hátt.

Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga munu áfram fylgjast með vinnsluferlum, uppskriftum og merkingum matvæla í matvælafyrirtækjum í sínu reglubundna eftirliti, segir í frétt frá Matvælastofnun. - shá












**TOYOTA**

ALWAYS A
**BETTER** WAY






# RISA jeppasýning

## í dag kl. 12.00 - 16.00

Toyota jeppar hafa um árabil átt sérstakan stað í hjörtum Íslendinga. Í dag, laugardaginn 23. febrúar, hyllum við Toyota jeppa með glæsilegri sýningu í Kauptúni frá klukkan 12 - 16.  Við sýnum Hilux og Land Cruiser í öllum helstu  útfærslum og litum. Breyttir jeppar á 33 - 46 tommu dekkjum verða bæði í sal og á útisvæði.

Arctic Trucks kynnir jeppabreytingar, 66° Norður kynnir útivistarfatnað, 4x4 kynnir starfsemina. Freyju sælgæti á staðnum, ískalt Coca Cola og klukkan 14 kemur Vilborg Arna pólfari og sýnir okkur búnaðinn sem hún notaði til að komast á Suðurpólinn.

Myndirnar í auglýsinguna fengum við flestar frá Facebook vinum okkar og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir. Ekki missa af STÆRSTU bílasýningu ársins. Húsið opnar klukkan 10.00 eins og venjulega á laugardögum og sýningin hefst klukkan 12.00. Við hlökkum til að sjá ykkur.













**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570  5070

Opið mán-fös
kl. 07.45-18.00
lau kl. 10.00 - 16.00
info@toyota.is

Samstarfsaðilar:

ARCTIC TRUCKS · 66° NORÐUR · Coca-Cola · FREYJA · MÁLNINGARVÖRUR EHF. · 4x4 · ÚTIVIST · KLETTUR







## TRAUST TIL STJÓRNMÁLALEIÐTOGA SAMKVÆMT KÖNNUN MMR




HEIMILD: MMR

# Bjarni nýtur minnsts trausts allra leiðtoga

**Ólafur Ragnar Grímsson nýtur langmests trausts allra íslenskra stjórnmálaleiðtoga. Traust til Hönnu Birnu Kristjánsdóttur er margfalt meira en til Bjarna Benediktssonar. Þá treysta mun fleiri Katrínu Jakobsdóttur en Steingrími J. Sigfússyni.**

**KÖNNUN** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, nýtur minnsts trausts íslenskra stjórnmálaleiðtoga sem spurt var um í nýrri könnun MMR. Einungis 14,6 prósent þátttakenda í könnuninni sögðust bera frekar eða mjög mikið traust til hans en 65,9 prósent sögðust bera frekar eða mjög lítið traust til hans.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, situr á hinum endanum. Langflestir, 58,6 prósent, bera mikið traust til hans, og fæstir, 24 prósent, lítið traust.

Eðli málsins samkvæmt er töluverður munur á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það styður. Þannig treystir stuðningsfólk ríkisstjórnarflokkanna Ólafi Ragnari mun síður en aðrir. Eins ber stuðningsfólk ríkisstjórnarflokkanna og Bjartrar framtíðar mun meira traust til Jóns Gnarr borgarstjóra en stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Þá vekur athygli að Hanna Birna Kristjánsdóttir nýtur trausts 84,6 prósenta stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, samanborið við það að 50 prósent þeirra treysta Bjarna. Eins treystir um 61 prósent stuðningsfólks Framsóknarflokksins Hönnu Birnu, en aðeins um þrettán prósent Bjarna.

Katrín Jakobsdóttir, sem að öllu óbreyttu verður kjörin formaður Vinstri grænna um helgina, nýtur meira trausts en fráfarandi formaður, Steingrímur J. Sigfússon, hjá fylgismönnum allra flokka.

stigur@frettabladid.is




GÓÐ SAMSKIPTI

AÐ SETJA SIG Í SPOR ANNARRA

AÐ GLEYMA ÞVÍ ALDREI AÐ ANNAÐ FÓLK HEFUR
ÞARFIR OG SKOÐANIR SEM ERU ÖÐRUVÍSI EN OKKAR

HUGREKKI, ATHYGLI
VIRÐING, ÞOLINMÆÐI

AÐ LEIÐA FREKAR EN SKIPA
MUNA HLUTI SEM SNÚAST UM AÐRA

GÓÐ SAMSKIPTI BÆTA LÍFIÐ

OG ÞAU VERÐA TIL HJÁ
OKKUR SJÁLFUM

**Vodafone hefur trú á góðum samskiptum**

Það bætir lífið þegar við leggjum okkur fram um að eiga góð samskipti. Við viljum tala máli góðra samskipta í samfélaginu því þau eru grundvöllurinn að allri þjónustu sem við veitum.

**Þín ánægja er okkar markmið**

vodafone.is/godsamskipti

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




**11.999.-**






**2.499.-**

VERÐHRUN
ALLT AÐ 90%
AFSLÁTTUR

# BÓKAMAR *Perlunni*

FRÁ 22. FEBRÚAR TIL 10. MARS

LJÓSMYNDABÆKUR, TÚRISTABÆKUR, LISTAVERKABÆKUR, SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR, MEÐGÖNGUBÆKUR, BARNANUDDBÆKUR, LÍFSTÍLSBÆKUR, M
HANNYRÐABÆKUR, PRJÓNABÆKUR, SAUMABÆKUR, HEKLBÆKUR, GRÍNBÆKUR, KYNLÍFSBÆKUR, SPAKMÆLABÆKUR, ORÐABÆKUR, HANDBÆKUR,
ÍSLENDINGASAGNABÆKUR, ÆTTFRÆÐIBÆKUR, VESTFIRSKARBÆKUR, SKÁLDSÖGUBÆKUR, KILJUBÆKUR, ÆVISÖGUBÆKUR, SÖGUFÉLAGSBÆK




**490.-**




**1.980.-**




**1.990.-**




**1.490.-**




**1.490.-**




**1.990.-**




**790.-**




**1.990.-**




1.990.-




1.290.-




990.-

EKKI MISSA AF ÞESSU

# KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA SPARAÐU ÞÚSUNDIR

ATREIÐSLUBÆKUR, MATARKÚRABÆKUR, VEIÐIBÆKUR, GOLFBÆKUR, ÍÞRÓTTABÆKUR, FERÐABÆKUR, ÍSLANDSKORTABÆKUR, HÖNNUNARBÆKUR, HLJÓÐBÆKUR, LJÓÐABÆKUR, TRÚARBÆKUR, DULRÆNARBÆKUR, SÖGUTENGDAR BÆKUR, FJÁRMÁLABÆKUR, HRUNBÆKUR, SAGNFRÆÐIBÆKUR, UR, HÁSKÓLABÆKUR, UNGLINGABÆKUR, BARNABÆKUR, HARÐSPJALDABÆKUR, DAGBÆKUR, SMÁBÆKUR, STÓRVIRKI, BLÖÐ OG KROSSGÁTUR




2.990.-




290.-




1.290.- hvor




690.-




990.-




8.999.-

OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna lögfestur:

# Mikilvægur áfangi fyrir börn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Alþingi nú í vikunni. Sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1989, undirritaður fyrir Íslands hönd 1990 og fullgiltur árið 1992. Leiðin hefur því verið nokkuð löng.

Enginn mannréttindasáttmáli hefur verið staðfestur af fleiri þjóðum en Barnasáttmálinn, eða 192. Áhrif hans eru því, eða ættu að minnsta kosti að vera, víðtæk.



**Steinunn Stefánsdóttir**
steinunn@frettabladid.is

Samkvæmt umboðsmanni barna hefur þó sjaldan verið vitnað til sáttmálans við úrlausn mála hjá stjórnvöldum og dómstólum. Sáttmálinn hefur haft lítil áhrif á dómaframkvæmd, meira að segja hefur komið fyrir að dæmt hefur verið gegn samningnum fyrir íslenskum dómstólum. Með lögfestingu sáttmálans á slíkt ekki að vera mögulegt lengur.

Mikið hefur áunnist í réttindamálum barna undanfarna áratugi. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er samtvinnaður þeirri viðhorfsbreytingu sem hefur vissulega verið mismikil meðal þjóða og heimshluta og felst í því að líta á börn sem fullgilda borgara með eigin réttindi sem meðal annars felast í rétti þeirra til að fá vernd af hálfu fullorðinna á ýmsum sviðum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tekur til margvíslegra réttinda barna, mannréttinda svo sem skoðanafrelsis, tjáningarfrelsis og trúfrelsis og rétt barna til menntunar. Í sáttmálanum felst líka sú sýn að börn séu hópur sem vernda þarf sérstaklega, umfram þá sem fullorðnir eru, og aðildarríkin taka á sig þá skyldu að tryggja ákveðna grunnþjónustu sem snýr að velferð barna.

Lögfesting Barnasáttmálans er mikilvægur áfangi. Með lögfestingunni er staða barna á Íslandi sterkari en hún var áður. Þingmenn sem stóðu að lögfestingunni og samþykktu hana eiga skilið heiður og þökk fyrir að hafa stigið þetta skref.

Nú ríður á að kynna efni samningsins en nefnd Sameinuðu þjóðanna hefur einmitt gert athugasemd við kynningu hans hér á landi. Auk barnanna sjálfra, sem vitanlega eiga að þekkja réttindi sín, og foreldranna, þeirra sem ábyrgð bera á uppeldi og uppvexti barnanna, þá er mikilvægt að allir þeir sem koma að starfi með börnum þekki ákvæði samningsins og vinni í samræmi við þau í menntakerfinu, félagslega kerfinu, innan heilbrigðisgeirans og í stjórnsýslunni.

Allir þessir hópar þurfa að gerþekkja efnisatriði Barnasáttmálans til þess að starf þeirra allt samræmist þeim réttindum sem börnin hafa samkvæmt honum.

Þarna er hlutur sveitarfélaganna veigamikill því þau reka hina daglegu skólaþjónustu við börn, bæði leikskólann og grunnskólann, sjálfa skólaskylduna.

Aðeins með því að efni sáttmálans samtvinnist öllu starfi sem tengist börnum verður lögfesting hans þau tímamót sem hún á að vera.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

***Ert þú með slæma tíðaverki?***
***Þá gætir þú verið með endómetríósu (legslímuflakk)***

**Samtök um endómetríósu**
**halda aðalfund laugardaginn 2. mars kl. 13.00**
*í fundarsal Kvennadeildar, Landspítalanum við Hringbraut.*
Gengið er inn um aðaldyr Kvennadeildar á fyrstu hæð og síðan til hægri.

**DAGSKRÁ**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- **Fyrirlestur:** Verkir og verkjameðferðir
  Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun

*Allir velkomnir – gott tækifæri til að fræðast um sjúkdóminn og starf samtakanna.*

SAMTÖK UM ENDÓMETRÍÓSU
www.endo.is • endo@endo.is
www.facebook.com/endometriosa



## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Deilan leyst en vandinn óleystur

Í langan tíma hefur ekkert eitt mál náð nær hjartarótum þjóðarinnar en uppsagnir hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Í byrjun var vandanum lýst á þann einfalda og rétta hátt að spítalinn gæti ekki keppt við grannlöndin um hæft starfsfólk. Nú er spurningin þessi: Er búið að leysa þann vanda?



Útgjöldin vegna þessa samnings eru lítil í heildarsamhengi. En verkurinn er að ríkissjóður á samt ekki fyrir þeim. Innan skamms munu aðrir á spítalanum kalla á sömu hækkanir og fá þær. Launahlutföllin verða því óbreytt. Eftir ár mun allur vinnumarkaðurinn hafa fengið sambærilega hækkun. Klípan er hins vegar sú að þjóðarbúið er ekki að skapa þau verðmæti að innistæða sé fyrir henni.

Lausnin felst í því að gengi krónunnar lækkar eftir kosningar. Hjúkrunarfræðingarnir og allir þeir sem fylgja í kjölfarið borga þannig sjálfir launahækkunina. Samningurinn er því ekki um kjarabætur. Hann er aðeins fyrsta skrefið í nýjum verðbólguhringdansi. Hann mun aftur þyngja greiðslubyrði lána. Í reynd er um að ræða eins konar aðfararorð að þegjandi allsherjarsamkomulagi um áframhaldandi kjararýrnun.

Sú alvarlega staða að Landspítalinn getur ekki boðið starfsfólki sínu laun sambærileg við grannlöndin er í besta falli óbreytt. Vandinn er óleystur. Hann er afleiðing af því að íslenska þjóðarbúið stendur halloka og býr við veika samkeppnisstöðu gagnvart þeim sem það skiptir við.

## Veiki hlekkurinn

Framleiðni er svo slök í atvinnulífinu að Ísland er þar í flokki með Grikklandi. Aðeins sjávarútvegurinn hefur náð framleiðni sem stenst alþjóðlega samkeppni. Nú í þinglok á að snúa því dæmi endanlega og rétta við samkeppnishæfni Landspítalans versnar að sama skapi.

Á næstu fimmtán árum þarf að tvöfalda verðmæti útflutningsframleiðslunnar og ná mun meiri framleiðni. Það er eina leiðin til að bæta kjörin og styrkja velferðina. Þessi viðbótarverðmætasköpun þarf að verða í nýjum greinum sem öðru fremur byggja á tækniþekkingu og eiga kost á að vaxa á stærri markaði. Rótgrónu auðlindagreinarnar eru mikilvæg undirstaða en vaxtarmöguleikar þeirra eru takmarkaðir.

Lausnin felst hvorki í átaksverkefnum stjórnvalda né í auknni skattheimtu á fyrirtæki til að endurúthluta til þeirra sem stjórnmálamenn hafa trú á. Þessi umskipti verða aðeins í frjálsum viðskiptum á markaði. Lausnin felst í því að skapa þau markaðsskilyrði að þar geti vaxið blóm af blöðum blóma.

Mörg mikilvægustu skilyrðin eru fyrir hendi. Mesta þýðingu hefur aðildin að innri markaði Evrópusambandsins. Öll viðskiptalöggjöf landsins verður til með sameiginlegum ákvörðunum Evrópusambandsþjóðanna. Þannig er Evrópa heimamarkaður Íslands.

Engin keðja er þó sterkari en veikasti hlekkur hennar. Íslensk fyrirtæki hafa ekki mynt sem er gjaldgeng í viðskiptum á þessum markaði. Að auki er ekki unnt að tryggja sama viðskiptafrelsi með krónuna og önnur ríki njóta. Tvöföldun útflutningsframleiðslunnar verður aldrei að veruleika við þær aðstæður.

## Tækifæri

Margir spyrja hvort ekki sé unnt að hafa betri stjórn á krónunni en var á árunum fyrir hrun. Svarið er: Engin ástæða er til að ætla annað en að þeir sem þá fóru með fullveldisráðin yfir krónunni hafi bæði haft hæfni og styrk til að gera það sem best var fyrir Ísland. Það dugði einfaldlega ekki með litla mynt á opnum markaði.

Ætli menn að losna við gjaldeyrishöftin er annað tveggja til ráða; að taka einhliða upp stöðugri erlenda mynt eða ganga í Evrópska myntbandalagið. Hagræðið af myntbandalaginu felst í því að Ísland er þegar aðili að nær allri löggjöf Evrópusambandsins. Um leið tryggir aðild að því betur pólitíska hagsmuni landsins eins og aðildin að Atlantshafsbandalaginu gerði áður og brýnt er að viðhalda.

Of snemmt er að taka ákvarðanir um þessa kosti nú, en það þarf að gera fyrir mitt næsta kjörtímabil. Þeir sem útiloka báða kostina eru um leið að segja að þeir ætli ekki að styrkja samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og velferðarkerfisins. Þá afstöðu hefur Framsóknarflokkurinn þegar tekið.

Stefna stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum gengur ekki upp nema með krónu sem má gengisfella til að jafna óhjákvæmilegar sveiflur í greininni. Það bendir ekki til að heill hugur hafi fylgt máli þegar þeir samþykktu að stefna að upptöku evru.

Í þessu ljósi hljóta margir að horfa til þess hvort Sjálfstæðisflokkurinn ætlar eins og hinir að loka í raun þeim leiðum sem geta skapað skilyrði fyrir raunverulegum útflutningshagvexti eða hvort hann mun einn flokka halda þeim opnum. Spurningin er hvort leysa eigi vandann eða láta blekkingu verðbólgunnar duga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lækningar og golf – er munur?

HEILBRIGÐISMÁL



Kristófer Sigurðsson
unglæknir

Um þessar mundir berast fréttir af því að fjöldi unglækna á Landspítala hafi sagt upp og að enn fleiri þeirra íhugi uppsagnir á næstu vikum. Bæklunardeild verður alveg án deildarlækna frá og með næstu mánaðamótum ef heldur fram sem horfir og fleiri deildir finna fyrir sárum skorti.

Landspítalinn gerir ýmsar kröfur til unglækna sinna. Starfið er vanþakklátt, annasamt og oft á tíðum flókið. Það hefur svo sem ekki breyst. Það sem breyst hefur er álag á hvern unglækni. Fyrir þremur til fjórum árum var algengast að í hverju teymi væri einn nýútskrifaður unglæknir og annar reyndari, sem saman sinntu hópi inniliggjandi sjúklinga. Víða á Landspítalanum hefur verið fækkað niður í einn unglækni á teymi. Þó að margir Íslendingar hafi farið til Noregs virðist veiku fólki á Íslandi ekki fara fækkandi. Teymin hafa því alls ekki minnkað.

Daglega lenda unglæknar á Landspítalanum í því að klára ekki verk dagsins áður en klukkan slær fjögur. Það er í sjálfu sér ekki undarlegt, það er bara ákveðið mikið sem næst að framkvæma í því sem áður var þekkt sem „hádegismatur“, „kaffitími“ og „pissustopp“. Hvað gerist þá? Sjúklingarnir fara ekki í pásu til næsta dags og sú krafa er gerð til unglæknisins að hann klári sín verk, þó að mjög oft taki það 1-2 klst. aukalega. Dag eftir dag.

**Greiða á fyrir vinnu**

Við unglæknar gerum ýmislegt okkur til skemmtunar, án þess að krefjast launa fyrir það. Til dæmis fór ég nýverið að fikta við golf. Hafði gaman af því. Vandræðalega lélegur í því, en hef samt gaman af því. Gott hobbí. Að stunda lækningar klukkustundum saman eftir að vinnunni átti að ljúka er hins vegar ekki skemmtilegt hobbí. Það er vinna og það á að greiða fyrir hana. Landspítalinn hefur staðfastlega neitað að greiða fyrir þessa vinnu. Ber fyrir sig að unglæknar eigi einfaldlega að ná að klára þessa vinnu í dagvinnutímanum, geti sjálfum sér um kennt ef þeir þurfa að vinna fram eftir. Síðustu samningar náðu að kría út greiðslu fyrir 5 fasta yfirvinnutíma á mánuði vegna þessa álags. Fimm.

Eðli starfa unglækna er þannig að vinna þarf á kvöldin, nóttunni og um helgar, auk dagvinnu. Þegar ekki næst að veita unglæknum lögbundinn hvíldartíma milli vakta skapast lögum samkvæmt frítökuréttur. Þann rétt á að vera hægt að taka út í fríi eða peningum. Því miður hefur Landspítalinn yfirleitt hvorki séð sér fært að veita unglæknum þennan frítökurétt né að greiða hann út.

**➜ Að stunda lækningar klukkustundum saman eftir að vinnunni átti að ljúka er hins vegar ekki skemmtilegt hobbí. Það er vinna og það á að greiða fyrir hana. Landspítalinn hefur staðfastlega neitað að greiða fyrir þessa vinnu.**

Ofangreint bætist við þegar lág laun unglækna á Íslandi, sem, eftir sex ára háskólanám, starfa fyrsta árið fyrir 330.009 krónur á mánuði. Launin geta hæst hækkað í 411.757 á mánuði, þá eftir að hafa bætt alls fjórum aukaárum af menntun og þjálfun við háskólaárin sex. Hver er þá munurinn á golfi og lækningum?

Golf er hobbí. Lækningar eru vinna, og fyrir þær ber að greiða laun.

Meðal annars þess vegna ákvað ég að hafna atvinnutilboði Landspítalans síðasta vor og flytja norður í land. Meðal annars þess vegna styð ég kollega mína á Landspítala í aðgerðum sínum og uppsögnum og sendi þeim mínar bestu baráttukveðjur.

Svo ég taki fræga setningu sem féll skömmu eftir hrun, endurorði hana og geri hana að minni; sá sem fer síðastur vinsamlegast slökkvið ljósin á sjúkrahúsinu á leiðinni út.

## Skoðun visir.is

**373**
FÖSTUDAGUR 22. FEBRÚAR
**Inneignarnóta innanlands**
*Pawel Bartoszek pistlahöfundur*

**345**
ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR
**Á að hjakka í sama farinu áfram?**
*Ragnar H. Hall lögmaður*

**270**
ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR
**Netsíur leysa engan vanda**
*Bjarni Rúnar Einarsson tölvunarfræðingur*

**247**
MIÐVIKUDAGUR 20. FEBRÚAR
**Afnám stimpilgjalda núna**
*Ragnheiður Ríkharðsdóttir þingmaður*

**218**
FIMMTUDAGUR 21. FEBRÚAR
**Skapandi stofnanir**
*Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra*

**179**
FIMMTUDAGUR 21. FEBRÚAR
**Feitar og fallegar?**
*Friðrika Benónýs pistlahöfundur*







# Til sölu

**innréttingar, hillueiningar og kælar**




**Plastgólf á gervigras ca. 5.000fm**



Áhugasamir
vinsamlegast sendið
tölvupóst á netfangið
hbilar@landsbankinn.is






# Fríverslun við Asíuríki í sjónmáli

VIÐSKIPTI



**Jón Ágúst Þorsteinsson**
stjórnarformaður Marorku

Í framsögu fyrir skýrslu sinni um utanríkismál á Alþingi nýlega ræddi Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra um fríverslunarsamninga við ríki í Asíu. Í máli hans kom fram að fríverslunarsamningur við Kína bíður nú undirritunar, en Ísland sé einnig langt komið með slíkan samning við Indland gegnum EFTA, og áleiðis við sólrisuríki í Suðaustur-Asíu eins og Malasíu og Víetnam. Hér er um gríðarmikla hagsmuni að ræða fyrir íslenskt atvinnulíf í bráð og lengd. Það er álitið að á næstu þremur áratugum verði 80% af aukningu heimsviðskipta í Asíu og að spurn eftir hátækni, hugbúnaði og tæknilausnum muni fara hraðvaxandi í þessum heimshluta. Það er því eftir miklu að slægjast þegar lögð eru drög að því að greiða fyrir viðskiptum Íslendinga við Asíubúa.

### Vernd hugverkaréttinda

Marorka hefur á síðustu árum sótt inn á Asíumarkað meðal annars með því að setja upp sölu- og þjónustuútibú í Dubai og á áætlun er að setja starfsstöð upp í Kína þar sem Kína er einn stærsti skipamarkaður í heimi. Slík erlend starfsemi kemur til með að efla alla okkar starfsemi á Íslandi.

Samningar um fríverslun við hin fjölmennu ríki SA-Asíu, sem eru vaxandi efnahagsveldi, eru að sjálfsögðu mikilvægir vegna niðurfellingar á tollum sem þeim fylgja. En þýðing þeirra felst ekki síður í ákvæðum um góða viðskiptahætti sem samningarnir kveða á um. Þannig er okkur sagt að í fríverslunarsamningi við Kína séu upprunareglur sem skýra hvaða skilyrði vara þarf að uppfylla til þess að teljast upprunnin á Íslandi eða í Kína. Einnig að lögð sé áhersla á samstarf í umhverfismálum. Þá sé eitt af markmiðum samningsins að búa vel að vernd hugverkaréttinda eins og áríðandi er í samskiptum þjóða. Þar sé gengið lengra en tíðkast í fríverslunarsamningum EFTA til þess að Kína og Ísland geti leyst úr vandamálum sem upp koma á þessu sviði í tvíhliða samskiptum.

### Umhverfismál mikilvæg

Öll þessi atriði eru fyrirtæki eins og Marorku ákaflega mikilvæg í viðskiptum við Asíulönd. Upprunareglur og vernd hugverkaréttinda eru lykilatriði þegar verið er að selja hugvit og hugbúnað á fjarlægum svæðum þar sem lagaumhverfi og viðskiptavenjur eru um margt frábrugðnar því sem við eigum að venjast. Marorka er fyrst og fremst að selja tæknilausnir til þess að draga úr umhverfismengun og spara dýra orku og eldsneyti. Víða í Asíulöndum, ekki síst í Kína, þarf að leysa úr margskonar umhverfisvanda og er mikil áhersla lögð á það af stjórnvöldum þar. Þess vegna styður það við sókn Marorku á Kínamarkað að umhverfismál skuli tiltekin sérstaklega í fríverslunarsamningi. Mörg önnur

**➜ Samningar um fríverslun við hin fjölmennu ríki SA-Asíu, sem eru vaxandi efnahagsveldi, eru að sjálfsögðu mikilvægir vegna niðurfellingar á tollum sem þeim fylgja. Þannig er okkur sagt að í fríverslunarsamningi við Kína séu upprunareglur sem skýra hvaða skilyrði vara þarf að uppfylla til þess að teljast upprunnin á Íslandi eða í Kína.**

atriði tilheyra umgjörðinni um frjáls viðskipti við Kína en ekki er rúm til þess að gera þeim skil í stuttri grein.

Kína er á margan hátt stærsti framtíðarmarkaður Marorku. Þar er mesta skipasmíði og skiparekstur í heimi um þessar mundir. Margs konar tækifæri fyrir fyrirtæki eins og Marorku bjóðast í tengslum við skipaumsvifin og sívaxandi áherslu á umhverfismál. Þar koma einnig við sögu spennandi áform um siglingar beint um norðurskautið. Kína er einnig sístækkandi miðstöð Asíuviðskipta og þaðan er hagkvæmt að stýra sölustarfi í SA-Asíu

Fríverslunarsamningur við Kína mun gefa íslenskum tæknifyrirtækjum færi á að sækja inn á Asíumarkað með vörur sínar og lausnir. Í því felast vaxtartækifæri sem meta má til hundraða milljarða króna á næstu árum, og geta skilað verðmætum störfum og mikilli arðsemi til samfélagsins á Íslandi.


# EIRBORGIR

öryggisíbúðir til leigu

Fróðengi 1 - 11 Grafarvogi



- Þægilegar nýjar 2. og 3. herbergja öryggisíbúðir til leigu fyrir 60 ára og eldri í nálægð við verslunarkjarna í Spönginni, Grafarvogi.
- Notaleg þjónusta í hlýlegu og fallegu umhverfi. Félagsleg heimaþjónusta, hjúkrun og sjúkraþjálfun, matsalur og félagsstarf.
- Samtengd þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar verður tekin í notkun vorið 2014.
- **Nánari upplýsingar veittar í síma 522 5700.**


## ORÐ VIKUNNAR
**16.02.2013 ➜ 22.02.2013**




## UMMÆLI VIKUNNAR

**„Ef reglur eru skýrar, hvert er þá vandamálið? Landið verður ekki svart þó útlendingar eigi það. Grasið deyr ekki.“**

*Landeigandinn Rudolph Walther Lamprecht segir lítið að óttast þótt útlendingar eignist jarðir á Íslandi.*

**„Þetta er engin hótun, þetta er bara staða sem getur komið upp.“**

*Þingmaðurinn Þór Saari dró vantrauststillögu á stjórnina til baka, en útilokar ekki að leggja aðra fram.*



**„Við fórum í björgunarleiðangur – svokallaða ölmusuferð til Reykjavíkur.“**

*Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar UMFG, um borgarferðir þriggja grindvískra útgerðarmanna þar sem 20 milljónum króna var safnað til að laga fjárhag deildarinnar.*












ENNEMM / SÍA / NM56575

## TILBOÐ

# Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum í febrúar!

**Opið laugardag frá 12-16**

OPEL

Wir leben Autos.

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000 BL

facebook.com/opelvinir

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði. **Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.



0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 690 kr. í áskrift. Innifalin notkun í Snjalláskrift gildir í alla farsíma og heimasíma á Íslandi. Umframnotkun í Snjalláskrift: Startgjald 9,90 kr. | Mínútuverð 16,90 kr. | SMS/MMS 12,90 kr. | Netið í símann 3




9 kr./5 MB dagurinn.



Ólafur Darri Ólafsson, leikari

### Leikhúshelgi hjá Darra

„Ég ætla að skella mér á frumsýningu Mary Poppins og svo er ég að sýna Mýs og Menn á sunnudaginn. Svo þetta verður bara algjör leikhúshelgi hjá mér, held ég.“



Ása Ottesen, eigandi Lakkalakk og nemi

### Ræktar bæði hug og líkama

„Á laugardaginn byrja ég daginn á spinning og sundi með Viktoríu vinkonu minni. Fer svo upp í háskóla þar sem ég er að útskrifast með BA-gráðu úr félags- og fjölmiðlafræði. Bruna svo í Lakkalakk að vinna. Um kvöldið geri ég svo eitthvað rólegt, kannski horfi ég á bíómynd með Nóa kisunni minni. Sunnudagurinn fer svo í leti.“



Ingó Geirdal, töframaður og gítarleikari Dimmu

### Æfir fyrir styrktartónleika

„Við erum að æfa alla helgina fyrir styrktartónleikana hans Ingólfs Júlíussonar ljósmyndara þar sem Dimma verður lokanúmerið í Hörpu á fimmtudaginn. Svo standa yfir tökur á nýju myndbandi hjá Dimmu. Síðan er ég líka að skemmta í fimmtugsafmæli í dag.“

# VISSIR ÞÚ ÞETTA UM ÓSKARINN?








Óskarsverðlaunin verða afhent í 85. skipti annað kvöld í Kodak-leikhúsinu í Los Angeles.



- Fjórir fá sína fyrstu tilnefningu fyrir leik í aðalhlutverki í ár: **Bradley Cooper** (Silver Linings Playbook), **Hugh Jackman** (Vesalingarnir), Emmanuelle Riva (Amour) og Quvenzhane Wallis (Beasts of the Southern Wild).





- Hin 85 ára gamla, franska **Riva** er elsta leikkonan í sögunni til að verða tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik í aðalhlutverki. Hin níu ára gamla Wallis er sú yngsta. Gloria Stuart er elsta leikkonan sem tilnefnd hefur verið fyrir aukahlutverk en hana hlaut hún hlutverk sitt í Titanic árið 1997. Yngsti leikarinn sem tilnefndur hefur verið er Justin Henry, sem var átta ára þegar hann var tilnefndur fyrir leik í aukahlutverki í Kramer Vs. Kramer.



- Níu af þeim tuttugu leikurum og leikkonum sem tilnefnd eru í ár hafa unnið til verðlaunanna áður: Daniel Day-Lewis, **Denzel Washington**, Alan Arkin, Robert De Niro, Philip Seymour Hoffman, Tommy Lee Jones, Christoph Waltz, Sally Field og Helen Hunt.

- Kvikmyndaframleiðendurnir Kathleen Kennedy og Steven Spielberg hafa oftast verið tilnefndir fyrir bestu myndina, alls átta sinnum. Þau eru meðframleiðendur að myndinni Lincoln.

- Amour er fimmta myndin sem er bæði tilnefnd sem besta mynd ársins og í flokknum erlenda mynd ársins. Hinar fjórar eru Z, The Emigrants, La vita e belle, og Crouching Tiger, Hidden Dragon.

- Silver Linings Playbook er fyrsta myndin sem fengið hefur tilnefningu sem mynd ársins, fyrir leikstjórn, handrit og í öllum fjórum leikaraflokkum síðan Reds eftir Warren Beatty gerði það árið 1981.

- George Clooney jafnar annað met Warrens Beatty en þeir eru þeir einu sem tilnefndir hafa verið fyrir leikstjórn, handrit, leik og bestu mynd (Clooney er einn framleiðenda Argo, sem tilnefnd er í ár).



GEORGE CLOONEY

- Enginn núlifandi hefur fengið jafn margar tilnefningar til Óskarsverðlaunanna og John Williams, alls 48. Sá eini sem fengið hefur fleiri tilnefningar er Walt Disney, með 59. Woody Allen kemur á hæla Williams með 28.

- **Roman Coppola** er tilnefndur ásamt Wes Anderson fyrir besta frumsamda handritið fyrir myndina Moonrise Kingdom. Hann er sá sjötti í Coppola-fjölskyldunni sem hlotið hefur tilnefningu. Hin eru Carmine Coppola, Francis Ford Coppola, Talia Shire, Nicolas Cage og Sofia Coppola. Alls hefur fjölskyldan fengið 24 tilnefningar til Óskarsverðlaunanna.



ROMAN COPPOLA

- **Thomas Newman** fékk sína elleftu tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir tónlistina í James Bond-myndinni Skyfall. Newman er af mikilli ætt kvikmyndatónskálda; faðir hans og föðurbræður, Alfred, Lionel og Emil, voru allir tónskáld, sem og bróðir hans David og frændi hans Randy Newman. Alls hefur Newman-ættin fengið 87 tilnefningar til Óskarsverðlauna síðan 1939.

14,4V




Vnr. 74804112
PROWORK rafhlöðuborvél.
**KLÚBB verð**
**1.990 kr.***
Almennt verð 2.990 kr.

BYKO KLÚBBURINN

*GILDIR UM HELGINA

180x45x90 CM



Vnr. 38913500
Járnhillur með tréplötu.
**KLÚBB verð**
**6.990 kr.***
Almennt verð 14.590 kr.

BYKO KLÚBBURINN

*Gildir um helgina

100 BÖR
1400W




Vnr. 74097000
SKIL háþrýstidæla.
**KLÚBB verð**
**6.990 kr.***
Almennt verð 14.590 kr.

BYKO KLÚBBURINN

*Gildir um helgina

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Einhell



Vnr. 74807512
EINHELL ryksuga, 1250W, 20 l, tekur bæði gróft og fínt ryk, þurrt eða blautt.
**12.990 kr.**

Einhell



Vnr. 74800025
EINHELL hjólatjakkur, lyftir 2 tonnum.
**4.495 kr.**

DAYE



Vnr. 54935120
DAYE garðslanga og tengi, 20 m.
**2.490 kr.**

Einhell



Vnr. 74832015
EINHELL þrýstikútur, 1,5 l.
**1.490 kr.**

5 LÍTRAR




Vnr. 90500050
KRAFT tjöruhreinsir, 5 l.
**2.990 kr.**




Vnr. 90522343
ULTRAGLOZZ bón, 250 ml.
**1.990 kr.**



Vnr. 41312253
Skaft fyrir bíla-þvottakúst, 1,5 m.
**3.990 kr.**



Vnr. 41312250
Þvottakústur, nylon.
**4.990 kr.**

# MYGLUSVEPPAPRÓF

Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.



Pinninn tekinn í sundur.



Látið smella tvisvar í vökvafylltu kúlunni.



Hvíta lokið snúið af.



Setjið 5 dropa á hvort greiningarpróf.

Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
**4.690 kr.**

AÐEINS 5 MÍN. MYGLU-SVEPPA-PRÓF




FÆST Í BREIDD, GRANDA, AKUREYRI OG SELFOSSI

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa



**BÓKABÚÐ Á ÍTALÍU** Sigríður segir allt eins geta farið svo að eftir ár skipti hún um skoðun og fari að dreyma um að eiga bókabúð á Ítalíu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ég er alls engin dúlla

Sigríður Thorlacius er ein besta söngkona sinnar kynslóðar og hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína bæði með hljómsveitinni Hjaltalín og í ýmsum sólóverkefnum. Hún var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 sem söngkona ársins og samtalið byrjar með umræðu um það hvað konur voru lítið áberandi á verðlaunahátíðinni á dögunum.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Þetta var mjög sterkt ár en það sem stóð upp úr voru þessir strákar, það þýðir ekkert að horfa fram hjá því. En Þorgerður var flott og eins fékk Kuregej sérstök verðlaun þannig að það voru sterkar konur sem fengu að halda ræður þarna á sviðinu. Ég veit auðvitað að þetta er dálítið viðkvæmt málefni og hlutur kvenna þykir ekki nógu stór. Það var fullt af flottum konum með plötur á síðasta ári en vandamálið er held ég að það eru ekkert svo margar stelpur í popp- og rokktónlist. Mér finnst vandamálið frekar liggja þar en að þær konur sem eru í tónlist fái litla athygli. Hins vegar er það alveg ljóst að þær fá allt öðruvísi athygli heldur en strákarnir, það er annar fókus á þeim. Konur fá ekki bara athygli fyrir tónlistina, það verður alltaf að vera tónlistin og eitthvað annað. Annaðhvort verða þær að vera með töff ímynd eða þá að vera hlýjar og mjúkar og traustvekjandi. Konur eru alltaf dæmdar út frá kynferðinu, annaðhvort sem kyntákn eða einhverjar hlýlegar og notalegar dúllur. Ég sá einmitt athyglisverða umfjöllun í Djöflaeyjunni um daginn þar sem Ragnheiður Axel fatahönnuður var að tjá sig um ímynd íslenskra tónlistarkvenna. Henni fannst athyglisvert hvað hér væru fáar söngkonur sem nýttu sér kynþokkann til að vekja athygli. Væru allar kappklæddar og meira í dúlluhlutverkinu. Hún velti því fyrir sér hvort þetta stafaði af því hvað það er kalt á Íslandi eða hver orsökin væri en ég held nú að ástæðan sé miklu fremur sú að konur hér vilja frekar láta verkin tala, sem er dálítið á skjön við hinn alþjóðlega poppbransa.“

*Þú ert mjög sérstök týpa, er það einhver ímynd sem þú hefur búið til?* „Nei, nei. Ég held ég væri alveg eins þótt ég væri að vinna í banka eða búð. Mér finnst ég vera mjög venjuleg. Ég hef aldrei hugsað þetta út frá einhverju ímyndarsjónarmiði, það eru miklu frekar einhverjir aðrir sem setja mann í ákveðinn bás.“

*Og ert þú sett í dúlluflokkinn?* „Já, sem mér finnst algjörlega fáránlegt. Ég er þrítug og mér finnst ég alls ekkert krúttleg. Ég get alveg ímyndað mér að eitthvað sem ég geri geti verið krúttlegt, eins og hjá öllum öðrum, en ég hef ekki tekið eftir því að karlkyns samstarfsmenn mínir séu kallaðir dúllur þótt þeir geri eitthvað sætt. Mig langar að vera indæl við fólkið mitt og mig langar ekki að koma illa fram við neinn en hugmynd mín um sjálfa mig er ekki að ég sé dúlla. Mér finnst það dálítið niðrandi og notað til að ýta manni niður. Dúlla er svona kona sem er bara mjúk og þægileg með túlípana í vasa í krúttlega eldhúsinu sínu. Ég er langyngst í fimm systra hópi og var alin upp með kynjagleraugun á nefinu. Það hvarflaði aldrei að mér að ég gæti ekki orðið hvað sem mig langaði til og eitt af því var svo sannarlega ekki dúlla.“

### Klassík og djass

*Þú ert nú ekki gömul en samt búin að vera þekkt söngkona árum saman, hvenær byrjaðirðu að syngja?* „Ég byrjaði nú bara að syngja mikið sem barn, eins og sjálfsagt allir. Systur mínar voru allar í Hamrahlíðarkórnum og ég var mikið með þeim á kóræfingum. Mamma spilaði á píanó og við sungum mikið heima. Svo var ég eitthvað smávegis í kórum sem barn, lærði á píanó og svona en fór ekki í söngnám fyrr en ég byrjaði í menntaskóla og byrjaði þá um leið í kórnum. Fram að því hafði ég ekki haft fókusinn á því að ég ætlaði að vinna við tónlist, það bara varð. Ég lærði klassískan söng í Söngskólanum í Reykjavík á menntaskólaárunum en eftir útskrift fór ég til Parísar í hálft ár og hætti þá í söngnáminu. Þegar ég kom til baka var mig farið að langa meira til að fara í FÍH og læra að syngja djass. Það varð líka alveg óvart, ef ég hefði ekki farið til Parísar hefði ég örugglega bara haldið áfram að vera í Söngskólanum og syngja klassík. Ég hins vegar útskrifaðist í djasssöng frá FÍH.“

### Plata í hvirfilvindi

*Varstu þá byrjuð að syngja með Hjaltalín?* „Já, við kynntumst öll í kórnum og þeir byrjuðu svo að spila með mér í sumarstarfi hjá Hinu húsinu. Út frá því fór ég svo að syngja með þeim árið 2006. Mér var aldrei formlega boðin innganga í þessa hljómsveit, við vorum bara samferða og þróuðumst í sömu átt.“

*Högni, söngvari Hjaltalín, hefur greint frá því að hann hafi verið í geðhvörfum á meðan á vinnslu nýjustu plötunnar stóð, það hlýtur að hafa haft áhrif á ykkur öll?* „Ég ætla nú ekkert að fara að ræða hans veikindi, en hins vegar get ég sagt að það er alveg ljóst að þau lituðu okkar vinnu líka en alls ekki á slæman hátt. Það varð bara mjög intens ástand hjá okkur öllum. Við vorum að vinna plötuna í heilt ár, reyndar í skorpum, og seinasta skorpan var í haust þegar við unnum daga og nætur. Platan ber þess alveg merki, bæði tónlistin og textarnir, hún er dálítið persónuleg fyrir Högna og alla hljómsveitina og ég ímynda mér að það skili sér alveg til hlustenda. Okkur þykir sérstaklega vænt um þessa plötu út af því hversu persónuleg hún er og að hún skyldi vera unnin í þessum hvirfilvindi.“

## Elly sinnar kynslóðar?

Þú hefur verið kölluð Elly Vilhjálms þinnar kynslóðar, hvað finnst þér um það? „Það er enginn smáræðis titill. Ég veit ekki hvernig nokkur ætti að standa undir því. Það er samt mjög fallegt og auðvitað held ég mikið upp á Elly. Hún hefur samt aldrei verið neitt goð hjá mér, ekkert frekar en aðrar söngkonur. Þegar ég var unglingur hlustaði ég meira á djass, Ellu Fitzgerald og Billy Holiday og slíkar söngkonur, en auðvitað hlustaði ég líka á þessar flottu íslensku söngkonur, Elly, Helenu og Ingibjörgu Þorbergs, sem hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér.

Í seinni tíð hef ég hlustað meira á Elly og lesið mér til um hana. Hún var náttúrulega ótrúleg, bæði sem söngkona og karakter. Ég veit ekki hvernig ég ætti að komast með tærnar þar sem hún hafði hælana.“

### Ekki á leið í hjónaband

*Þér tekst að lifa af tónlistinni, þarftu ekkert að drýgja tekjurnar með öðrum störfum?* „Eins og staðan er núna þá gengur það, já. En mér myndi ekki detta í hug að plana hálft ár fram í tímann. Ef fólk hringir og biður mig að bóka mig langt fram í tímann þá neita ég alltaf. Ég veit ekkert hvort ég verð á lífi eða hvort ég verð á landinu, ég veit ekkert um framtíðina frekar en nokkur annar. Ég segi nú ekki að ég lifi bara fyrir daginn í dag, það er nauðsynlegt að geta séð næsta mánuðinn fyrir sér að minnsta kosti, en þessi vinna kemur auðvitað í skorpum eins og hjá öllum í þessum bransa og það er alveg ómögulegt að gera einhver langtímaplön.“

*Þú ert ekki fjölskyldumanneskja?* „Nei, ég hef bara um sjálfa mig að hugsa. Ég get trúað að málið horfi svolítið öðruvísi við ef þú átt börn sem þurfa að fá að borða. Þegar maður er einn ræður maður við þessa óvissu og mér finnst það mikil forréttindi að geta unnið við það sem mér finnst skemmtilegast að gera. Hins vegar veit ég ekkert hversu lengi þetta varir eða hvað ég tek mér fyrir hendur eftir hálft ár.“

*Þú ert ekkert á leiðinni að stofna fjölskyldu?* „Nei, það er ég ekki. Það er ekkert sem bendir til þess að ég sé leiðinni í hjónaband, allavega ekki næsta árið. Ég held ég geti alveg lofað því.“

*Áttu kærasta?* „Ég vil ekki tjá mig um það. Ég hef alltaf viljað halda einkalífinu og opinberu persónunni algjörlega aðskildu. Ég er opinber persóna að einhverju leyti en svo á ég mína fjölskyldu og vini og það er alveg prívat. Mér finnst ekki að fólki komi það neitt við hvað ég geri þegar ég er ekki á sviðinu. En það er oft erfitt að passa upp á einkalífið í þessu litla samfélagi þar sem allir eru á Facebook og Twitter og fjölmiðlar grípa allt á lofti. Ég hef líka brennt mig á því að eitthvað sem maður hefur sagt við blaðamenn og beðið þá að fara ekki með lengra hefur lent á forsíðu algjörlega slitið úr samhengi og ég er ekkert ánægð með það.“

*Ég veit þú skipuleggur ekki fram í tímann en hvar sérðu þig fyrir þér eftir tíu ár?* „Ég er náttúrulega ótrúlega heppin að vera að gera það sem mig langar mest og mikið óskaplega væri gaman ef ég gæti enn þá verið að gera það eftir tíu ár. Verið bæði að starfa með hljómsveit og rækta sólóferil í alls konar verkefnum. En á móti kemur að það getur vel verið að eftir eitt ár fái ég einhverja allt aðra hugmynd og nýjan draum og langi til að eiga bókabúð á Ítalíu eða eitthvað. Eins og staðan er í dag langar mig bara að halda áfram að vinna við tónlist og halda áfram að uppfylla þann draum.“

Anna Jónsdóttir

http://www.fésbók.com/annajonsdottir

Google

News ▾



## Anna Jónsdóttir

Reykjavík
Móðir
Gift

Um · Vinir 328 · Myndir 45 · Kort 10 · Ánægjuefni 178

| Líf mitt án sáttmála SÞ | Líf mitt með sáttmála SÞ |
|---|---|
| **Anna Jónsdóttir** 15. febrúar 2013 — Ég er svo reið! Komst ekki að sjá Hauk á sýningunni í leikskólanum þar sem tröppur voru niður í salinn og lyftan ekki komin. Alveg óþolandi að þurfa alltaf að vera að pæla í aðgenginu. Hef ég ekki rétt sem fötluð móðir? Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila. **Erla Heiðarsdóttir** Ég skil þetta ekki, hélt að það væri bara allstaðar gott aðgengi, allavega í nýjum húsum? **Anna Jónsdóttir** Greinilega ekki! Stundum upplifi ég svo sterkt fötlun mína og finnst eins og samfélagið geri mig fatlaða með takmörkuðu aðgengi. | **Anna Jónsdóttir** 15. febrúar 2013 — Ég verð væmnari og væmnari með árunum. Haukur söng svo fallega í leikskólanum á sýningunni að ég táraðist. Sá samt að ég var ekki eina mamman sem þurrkaði tárin. Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila. **Erla Heiðarsdóttir** Já ég táraðist líka, var svo stolt af litlu ungunum okkar! **Anna Jónsdóttir** Ómetanleg stund sem ég geymi alltaf í hjarta mér! :D |

**26. maí 2009 Prinsinn er fæddur. Okkur heilsast báðum vel**

| Líf mitt án sáttmála SÞ | Líf mitt með sáttmála SÞ |
|---|---|
| **Anna Jónsdóttir** 11. nóvember 2005 — Er enn að leita að vinnu. Gleymist virkilega alltaf að hugsa um fólk í hjólastól við hönnun á húsum??? Hefði átt að læra arkitektinn ;) Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila | **Anna Jónsdóttir** 11. nóvember 2005 — Finnst æði í vinnunni. Búið að laga vinnuaðstöðuna þannig að ég kemst um allt húsið núna. Eitt stórt læk á Gustauk hönnunarstofa. Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila |
| **Anna Jónsdóttir** 3. ágúst 2002 — Ég er svo svooo skynsöm eða þannig? Verð að velja mér nám út frá aðgenginu en ekki áhugasviði. Ég skráði mig í tölvunarfræði, kemst inn í skólann þar. Draumurinn um hönnunarnámið verður víst að bíða. Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila | **Anna Jónsdóttir** 3. ágúst 2002 — Draumurinn rættist!!! Sótti um hönnunarnámið og komst inn! Og plúsinn er að ég kemst bókstaflega inn í skólann líka…. Hehehehe. Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila |
| **Anna Jónsdóttir** 20. maí 1999 — Erfitt að vera ekki með vinkonum sínum í skóla. Væri töff ef allstaðar væri aðgengi fyrir hjólastólanotendur. Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila | **Anna Jónsdóttir** 20. maí 1999 — Lúxusvandamál! Hvaða skóla á ég að fara í?!?!?! Elta kannski bara stelpurnar? ;) Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila. **Sara Bjarnadóttir** Hahaha, gætir það. Eða fundið út hvert sætu strákarnir fara ;) |
| **Anna Jónsdóttir** 23. apríl 1998 — Er ótrúlega stolt systir. Elsku Bjössi bróðir að útskrifast úr tónlistarskólanum. Vona að honum gangi vel! Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila. **Björn Jónsson** Takk kæra systir. Þetta gekk frábærlega. Verst að þú gast ekki verið viðstödd. Helv… tröppurnar! **Anna Jónsdóttir** Gott að heyra. Verð að horfa á myndbandið í staðinn, já helv... tröppurnar!!! | **Anna Jónsdóttir** 23. apríl 1998 — Vúhú. Frábærir tónleikar hjá Bjössa bróður. Hann er snillingur á þverflautu. Ég táraðist af stolti. Líkar þetta · Skrifa ummæli · Deila. **Björn Jónsson** Hehe, ég heyrði snöktið. Takk kærlega. Það var gaman að hafa ykkur öll í salnum. |

**Fatlaðist í bílslysi 1992 og notar síðan hjólastól**

**Fæddist 12. júní, 1982**

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður í mars 2007. Hann hefur ekki enn verið lögfestur af íslenskum stjórnvöldum. Þangað til búa fatlaðir við skert mannréttindi á Íslandi.

### 8. GREIN – VITUNDARVAKNING

Vinnum á móti staðalímyndum og stuðlum að jákvæðri ímynd fatlaðs fólks. Viðurkennum færni, verðleika og getu fatlaðs fólks.

### 9. GREIN – AÐGENGI

Gerum viðeigandi ráðstafanir þannig að fatlaðir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í mannlífinu á öllum sviðum.

### 23. GREIN – HEIMILI & FJÖLSKYLDA

Upprætum mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum.

### 24. GREIN – MENNTUN

Viðurkennum rétt fatlaðs fólks til menntunar. Menntakerfi Íslands á öllum skólastigum á að vera án aðgreiningar.

### 27. GREIN – VINNA OG STARF

Viðurkennum rétt fatlaðs fólks til vinnu að eigin vali, án aðgreiningar og með aðgengi.

**ÞÖKKUM ÖLLUM FULLTRÚUM FRAMBOÐANNA OG GESTUM Í SAL FYRIR GÓÐAN FUND 20. FEBRÚAR SL.**

# Sitja allir við sama borð?

Öryrkjabandalag Íslands boðar til opins fundar með fulltrúum stjórnmálaflokkanna **miðvikudaginn 20. febrúar 2013**
**kl. 14.00-16.00, í A sal, Hilton Reykjavík Nordica.**
Bein útsending frá fundinum á www.obi.is.
Tónmöskvi, táknmáls- og rittúlkun í boði.

Allir velkomnir

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

# Tilfinningar ráða gjarnan för

Upplýsingar liggja ekki á lausu um eignarhald á jörðum, kort eru ófullkomin og stjórnvöld hafa ekki skýra stefnu í málaflokknum. Engu að síður hafa allir skoðun á ástandinu og hvert skal stefnt. Stefnan verður hins vegar að byggja á réttum upplýsingum sem þurfa að liggja fyrir.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is
**Páll Hilmarsson**
pallih@gogn.in



Hver á Ísland? Stórt er spurt og af metnaði og reyndar var aldrei meiningin að geta svarað þeirri spurningu endanlega. Ísland er líka mun meira en jarðir og lögbýli. Íbúar sveitarfélaga hljóta að eiga land í eigu þeirra, þjóðlendur eru xxx hluti af landinu og þær eigum við öll. En síðan eru það blessaðar jarðirnar og um það hafa deilurnar snúist. Þess vegna var sjónum beint að þeim; hver á þær, hvar eru þær, hve stórar, hvaða lög og reglur gilda um eignarhaldið og hver er stefna stjórnmálamanna?

Margt hefur komið á óvart við vinnslu þessa greinaflokks. Þar má nefna það að jarðasöfnun virðist vera lítil sem engin, þrátt fyrir að stjórnmálamenn tali oft og tíðum eins og hún sé vandamál sem á þurfi að taka. Þá eiga útlendingar afskaplega fáar jarðir. Þeir eru líka eins og aðrir eigendur, sumir gera lítið á eignum sínum, aðrir standa fyrir uppbyggingu og eyða umtalsverðum fjármunum til þess.

### Óljósar upplýsingar

Þá hefur það einnig vakið athygli okkar hve margt er í raun á huldu um málaflokkinn. Við höfum sjálfir þurft að keyra saman gagnagrunna til að komast eins nálægt sannleikanum og hægt er varðandi eignarhald á jörðum og enn stendur út af að ekki er hægt að ákvarða nákvæmlega, svo dæmi sé tekið, hve margar jarðir útlendingar eiga. Það skýrist af því að þeir geta átt í eignarhaldsfélögum sem eiga jarðir eða jarðahluta. Nokkuð nákvæm tala er þó sú að rúmlega 100 jarðir af 7.595 eru í eigu útlendinga.

Þá eru það ekki ný sannindi að jarðir eru ekki uppmældar, en það flækir málið enn frekar. „Þetta kemur þéttbýlisbúum alltaf á óvart,“ segir Magnús Leópoldsson fasteignasali. Þeir standi í þeirri meiningu að allt sé uppmælt, eins og eignir í þéttbýli. Í staðinn þarf að styðjast við gömul landamerkjabréf sem oft og tíðum eru óljós og um þau geta staðið deilur. „Þetta fer oft eftir vísifingrinum á bóndanum. Hann bendir upp í hlíð segir nokkurn veginn hvar jörðin liggur.“

### Lítið uppmælt

Þrátt fyrir að bændur sjálfir hafi kallað eftir því að gerð verði gangskör að því að mæla upp jarðir, enda vilja þeir vita hvað þeir eiga og mega selja, hefur lítið gerst í þeim málum. Ríkið, sem er stærsti jarðeigandinn, hefur ekki gengið á undan með góðu fordæmi hvað þess eignir varðar.

Samkvæmt fasteignamati eru stærðir á jörðum því yfirleitt skráðar 0 hektarar. Einhver uppmæling hefur farið fram á úthögum, enda eru þeir verðmætara land. Nákvæm stærð jarða liggur þó sjaldnast fyrir og því skiptir engu hvaða gagnagrunnar eru keyrðir saman, ógjörningur er, eins og staðan er í dag, að segja til um hve stór hluti jarðnæðis sé í eigu útlendinga, eignarhaldsfélaga eða ríkisins.

Sem dæmi um það hve mörgu er áfátt í þessum málaflokki má nefna jarðirnar Háf, Háfshjáleigu og Hala í Rangárþingi ytra. Til er landlýsing frá fyrri hluta 20. aldar um skiptingu heimatúna bæjanna og þinglýst skjöl sýna landamerki þeirra.

Árið 2006 kom eigandi Háfs hins vegar að máli við sveitarstjórn með nýja hnitsetningu á því sem talið hafði verið sameiginlegt land. Á innan við viku hafði sveitarstjórn sent erindið til landbúnaðarráðuneytisins, fengið jákvætt svar, samþykkt nýju hnitin og sýslumaður þinglýst; allt án þess að eigendur hinna tveggja jarðanna hefðu hugmynd um það, enda var ekki rætt við þá.

Síðan hafa staðið dómsmál um spilduna sem hnituð var út og hafa dómar fallið eiganda Háfs í vil. Engu að síður hefur sveitarfélagið ekki verið tilbúið til þess að veita honum leyfi til að skipta því landi upp, þar sem Hæstiréttur Íslands segir vafa ríkja um eignarhaldið. Eigandinn má því selja spilduna í heilu lagi, en ekki skipta upp, þrátt fyrir að þinglýst skjöl sýni hvernig hún liggur og staðfesti eignarhald hans.

### Stefnumörkun í vændum

Svörin við því hver eigi Ísland eru því mörg og óljós. Ríkið, í einhverri mynd, er langstærsti eigandinn. Kirkjumálasjóður kemur næstur. Landsbankinn á, í gegnum Lífsval, tæplega 40 jarðir og nokkur eignarhaldsfélög eiga nokkrar jarðir hvert. Eftir stendur að jarðir eru að mestu í dreifðri eigu. Það má líka velta því fyrir sér hvort það sé í raun ekki dreifðari eign þegar eignarhaldsfélag, með mörgum hluthöfum, á þrjár jarðir, en þegar einn eigandi á heila jörð?

Stjórnmálamenn virðast vera sammála um að festa þurfi í lög takmörkun varðandi eignarhald á jörðum. Hún getur falist í stærð þeirra, fjölda, nytjum eða að gerð verði krafa um búsetu. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hyggur á setningu reglugerðar þar sem þess verði krafist að erlendir eigendur jarða verði að vera með efnahagslega starfsemi á þeim. En hvað þýðir það? Rudolph Walter Lamprecht hefur eytt yfir 50 milljónum króna í skógrækt í Heiðardal og stundar þar fiskrækt. Er það efnahagsleg starfsemi? Eða verður að stunda búskap á jörðinni?

Sé að marka orð stjórnmálamanna er hins vegar ljóst að á næstu árum eigum við eftir að sjá takmarkanir af einhverju tagi í lögum. Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, kallar eftir opinni umræðu um málið.

„Ég held að það eigi að ræða þetta opinskátt og nálgast þetta yfirvegað og losna við, bæði alla þjóðrembu, en líka alla feimni við að ræða þetta. Sumir fyllast alltaf tortryggni um að nú eigi að fara að loka einhverju og læsa og þetta sé einhvers slags gamaldags verndarsjónarmið. Mér finnst þetta vera alveg þvert á móti, þetta er spurningin um að þora að takast á við framtíðina og rýna inn í hana.“

### Gögn og aftur gögn

Slík umræða mun, að öllum líkindum, fara fram á næstu árum. Framtíðarstefnu hefur vantað í málaflokknum, en vilji virðist vera til að gera bragarbót á því. Stjórnmálamenn hafa nefnt að þó jarðasöfnun og eignarhald útlendinga sé ekki vandamál núna, geti það orðið það í framtíðinni. Um það skal ekkert fullyrt.

Hins vegar hlýtur það að vera til góðs að setja málin niður fyrir sig, skoða staðreyndir og meta stöðuna eins og hún er, ekki eins og orðrómurinn segir að hún sé, og móta stefnu til framtíðar. Hver sem hún svo verður. Gott skref í því væri að gera gögn aðgengilegri, opna þau, mæla upp landið og útbúa kort. Á því er síðan hægt að byggja skynsamlegar ákvarðanir.

Lamprecht sagði að viðbrögðin við eignarhaldi útlendinga á jörðum væru skiljanleg. Þau væru hins vegar byggð á tilfinningum. Ekki ber að loka augunum fyrir mikilvægi tilfinninga, en lagasetning og stefnumörkun verður einnig að byggja á staðreyndum.



**ÍSLAND** Spurningunni um hver eigi Ísland er ekki auðsvarað, enda á landið sig líklega sjálft. Ljóst er bæta þarf upplýsingar ef marka á stefnu til framtíðar í jarðamálum. MYND/NASA

## Styrkur vegna landupplýsingakerfis

Íslandi ber, sem aðila að EES-samningnum, skylda til að taka upp tilskipun um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE). Tilskipunin rennur út árið 2019, en Ísland hefur fengið frest til ársins 2022 til að uppfylla tilskipunina. Samkvæmt henni þarf að veita aðgang að öllum opinberum landupplýsingum og kortum.

Landmælingar Íslands vinna að verkefninu, með styrk frá Evrópusambandinu. Hins vegar felur tilskipunin ekki í sér kröfu um að gögn verði búin til þar sem þau vantar. Það er því ekki skylda að mæla upp land eða gera kort af jörðum. Styrkjakerfi ESB í landbúnaði samanstendur, meðal annars, af beingreiðslum sem byggja á stærð jarða. Verði Ísland einhvern tímann aðili að sambandinu, þurfa þær því að liggja fyrir.

## Ríkissjóður hægir á sölu jarða sinna

Líkt og fram hefur komið er ríkið langstærsti jarðeigandinn. Ríkisjörðum hefur þó fækkað umtalsvert á síðustu árum og áratugum. Árið 1996 voru þær 638, árið 2000 516 og í dag eru þær 445. Líkt og sést hér til hliðar hefur ríkið selt fjórtán jarðir á síðustu fjórum árum. Á árunum 1991 til 2000 seldi ríkið 127 jarðir, en keypti á móti 21 jörð.

Steingrímur J. Sigfússon veltir því upp hvort ríkið eigi kannski að hætta að selja jarðir. „Ætlar ríkið að hætta að selja jarðir sem það á, bara til þess að það sé þá visst mótvægi í því fólgið að þetta mikið af jarðnæði sé þá í íslenskri eigu. Í mínum huga er ákaflega mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart þessu og það gera öll lönd í kringum okkur. Það er engum sama um það hvernig jarðnæði er meðhöndlað og að það geti í stórum stíl sópast á fárra manna hendur, eða þá menn geti keypt það upp til þess að gera eitthvað allt annað við það heldur en kannski samfélagið telur almennt skynsamlegt að gera.“




## Hlutfall eigenda að jörðum sem eiga 100% í jörð




HEIMILD: ÞJÓÐSKRÁ

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

# + Okkar er ánægjan

Við hjá Lyfju þökkum viðskiptavinum okkar innilega fyrir að hafa valið okkur sem þá lyfjaverslun sem mest ánægja ríkir með.

Samkvæmt niðurstöðu **Íslensku ánægjuvogarinnar 2012** trónum við efst í okkar flokki og erum hæstánægð með það.

Við hlökkum til að taka vel á móti ykkur og veita áfram afbragðsþjónustu í næstu Lyfju, því okkar er ánægjan.

**Starfsfólk Lyfju um land allt**



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 63197 02/13

Lágmúla - Laugavegi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík




★ MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI ★

ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR ERU NÚ Á FEBRÚARTILBOÐI

**VERÐ FRÁ 71.992 KR.**




LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll.
Áklæði í mörgum litum.
B:80 D:85 H:102 cm.




LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.




LA-Z-BOY

**PINNACLE** La-z-boy stóll.
Svart, ljóst eða brúnt leður.
B:80 D:85 H:104 cm.

★ LA-Z-BOY®

**Hinn eini sanni!**

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

# HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili

## Þar sem hönnun, gæði og gott verð fara saman!



HORNSÓFI Í ÁKLÆÐI
**189.990**
VERÐ: 219.990

HORNSÓFI Í LEÐRI
**229.990**
VERÐ: 259.990

**CLEVELAND** B 308 D 203 H 81 cm. Grátt slitsterkt áklæði eða bonded-leður. Krómlappir.

ÓTRÚLEGT VERÐ Á TUNGUSÓFA
IDdesign



**CLEVELAND** 3ja sæta B 208 D 86 H 81 cm. Litur: Grátt slitsterkt áklæði. Krómlappir.

**84.990**
VERÐ: 94.990



TUNGUSÓFI ÁKLÆÐI
**119.990**
VERÐ: 139.990

TUNGUSÓFI LEÐUR
**139.990**
VERÐ: 169.990

**CLEVELAND** tungusófi B 231 D 86/140 H 81 cm. Svart bonded leður og áklæði. Krómlappir.



**BOSTON** Tungusófi: B 240 D 153 H 83 cm. Dökk grátt slitsterkt áklæði.

**149.990**
VERÐ FRÁ: 189.990



**219.990**
VERÐ FRÁ: 249.990

**UMBRIA** Tungusófi: B 245 D 87 H 78 T 163 cm. Margar útfærslur fáanlegar af Umbria sófum. Umbria er bæði til í slitsterku áklæði og leðri. Margir litir.



NETTUR SVEFNSÓFI Á FRÁBÆRU VERÐI
IDdesign

ALICIA SVEFNSÓFI
**109.990**
VERÐ: 129.990

**ALICIA** Svefnsófi B 163 D 83 H 78 cm. Dýnustærð 130x199 cm. Litir: Rautt, dökkgrátt, grænt, svart og ljósgrátt slitsterkt áklæði.



**KENIA**
Hægindastóll
Svart bonded leður.

**49.990**
VERÐ FRÁ: 59.990

TUB FÆST EINNIG Í ÞREMUR LITUM Í ÁKLÆÐI Á KR. 49.900
IDdesign

ÚRVAL HÆGINDA-STÓLA!
IDdesign



**TUB**
Hægindastóll
Svart leður.

**59.990**
VERÐ FRÁ: 74.990



**CLUB**
Hægindastóll
Svart bonded leður.

**39.990**
VERÐ FRÁ: 49.990

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

**0% VEXTIR** - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða





## ➜ Mundi & 66ºN Mundi

**Lýstu línunni í stuttu máli:** Línan er hugsuð fyrir hóp tímaflakkara sem koma frá geimnum til þess að hindra ákveðna keðjuverkun sem er að byrja í okkar tíma.

**Hver var kveikjan að samstarfinu?** Ég lánaði þeim nokkrar buxur fyrir tískusýningu sem þau voru með seinasta vetur og við kynntumst og byrjuðum að ræða málin.

**Mun flísefnið halda vinsældum sínum fram í sumarið?** Örugglega ef það verður kalt, annars vona ég að það verði hlýtt og maður geti verið á stuttermabolnum.

**Hvaða flík eða fylgihlut á fólk að forðast í vor og sumar?** Hmm, ég veit ekki. Ég pæli voða lítið í svona hlutum.

**Er erfitt að vera hönnuður á Íslandi í dag?** Það vantar allan stuðning til að það geti myndast almennilegur iðnaður hér á landi, en margir hönnuðir eru að gera það gott og markaðurinn er allur að taka við sér

**Hvort stundarðu heldur snjóbretti eða skíði?** Snjóbretti.





## ➜ REY Rebekka Jónsdóttir

**Hvaðan sóttirðu innblástur fyrir línuna?** Ég vel mér oftast efni til að vinna með í upphafi og þau leiða mig áfram. Annars er ég oftast með hugann við eitthvað sem er á skjön eða eitthvað sem gæti komið á óvart. Einfalt en með tvisti.

**Lýstu litapallettu línunnar í stuttu máli:** Ég er mjög dökk, svart, og svarblátt. Upp í hugann kemur kalt og djúpt vatn en svo verður nú að birta aðeins til inn á milli.

**Hvaða flík eða fylgihlut spáir þú mestum vinsældum í vor og sumar?** Ég er nú voða lítill spámaður í mér... en trend sem ég væri alveg til í eru lægri hælar.

**Liggur mikil rannsóknarvinna á bak við hverja línu?** Mismikil. Ég á það til að gleyma mér svolítið í henni. Skoða alltof mikið og hugmyndirnar komnar út um víðan völl.

**Er tískuáhugi meðfæddur eða áunninn?** Áhuginn er meðfæddur en maður verður að vinna í halda honum lifandi.

**Fengirðu eina ósk, hver væri hún?** Að allir fengju ævina sem þeir óska sér.

# Íslenskir hönnuðir svolitlir villingar

**RFF** fer fram í fjórða sinn í mars. Sjö hönnuðir taka þátt í ár.




Sara McMahon
sara@frettabladid.is


**Reykjavík Fashion Festival** fer fram í fjórða sinn dagana 14. til 16. mars. Hátíðin var fyrst haldin árið 2009 með það markmið að markaðssetja og vekja athygli á íslenskri fatahönnun á erlendum vettvangi.

Linda Björk Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, segir erlent fagfólk meðvitað um þá þróun sem hefur átt sér stað í íslenskri hönnun. „Ég finn fyrir því að þeir erlendu fagaðilar sem ég er í samskiptum við vita betur hvað er í gangi hér, geta til dæmis nefnt nöfn hönnuða og ýmsar vörutegundir. Ísland hefur ákveðna sérstöðu og Íslendingar eru taldir svolitlir villingar, hvort sem það er í tónlist eða hönnun,“ segir Linda Björk. Að hennar sögn spilar margt inn í uppgang íslenskrar hönnunar, þar á meðal tilurð hönnunardeildar LHÍ, RFF og Hönnunarmars. „Ég held að RFF ýti enn frekar undir þennan áhuga og að mínu mati er einstaklega vel að þessu staðið í ár. Það er komin meiri reynsla og fagmennska í þetta og það er stórkostlegt hversu margir hafa metnað í að auka hróður íslenskrar hönnunar.“



## ➜ JÖR by Guðmundur Jörundsson

**Guðmundur Jörundsson**

**Hvaðan sóttirðu innblástur fyrir nýju línuna?** Vanalega er ég farinn að hugsa um eitthvað ákveðið fyrirbæri áður en rannsóknarferlið hefst, þetta fyrirbæri getur síðan leitt í allar áttir og þróast. Þetta getur verið erfitt að útskýra, stundum getur þetta fyrirbæri verið heildarmynd af einhverjum heimi eða bíómynd. Án þess að segja of mikið um línuna þá er aðalinnblásturinn fangelsi og viss munstur.

**Hvaða flík eða fylgihlut spáir þú mestum vinsældum í vor og sumar?** Í herrafatnaði breytist þetta ekki mikið. Skyrtur eru alltaf vinsælastar, svo er alltaf mikil stemning fyrir léttum jökkum.

**Fylgistu með stóru herratískuvikunum? Hvaða lína fannst þér bera af í ár?** Já og nei, stundum fylgist ég vel með. Stundum truflar það mig þegar ég er sjálfur að gera línu. Sem dæmi sá ég McQueen-herralínuna fyrir næsta haust, þá hafði ég nokkuð nýlega lokið við að hanna JÖR-línuna. Mér brá aðeins að sjá hana, þar sem grunnpælingarnar voru líkar því sem ég var að gera. En af því sem ég hef skoðað ber það af.

**Hvaða íslenski hönnuður er í mestu uppáhaldi hjá þér um þessar mundir?** Sigga Mæja, hún útskrifaðist með mér úr fatahönnunardeild LHÍ. Hún er líklega færasti fatahönnuður landsins.

**Verður þú aldrei uppiskroppa með hugmyndir?** Ekki beint, en að sjálfsögðu er maður mis lengi að finna réttu hugmyndina. Ég held að þegar maður hefur fundið sína aðferð í innblástursferlinu fái maður alltaf mikið af hugmyndum. Svo er bara spurning hversu góður maður er að vinna úr þeim.

**Hvað myndi sjálfsævisaga þín heita, yrði hún skrifuð?** „Hress en hrokafullur“, rituð af Þorláki Einarssyni sagnfræðingi.







## ➜ Andersen & Lauth

**Una Hlín Kristjánsdóttir**

**Lýstu línunni í stuttu máli:** Kvenleg, kynþokkafull, falleg, skemtileg, góð snið og falleg litapalletta.

**Hver er munurinn á gamla og nýja Andersen & Lauth?** Við erum að hressa upp á litapallettuna og betrumbæta snið, efni og ýmis smáatriði. Við höldum enn í fallegu arfleifðina, það er að segja allt handverkið, en erum að nútímavæða það. Nýja Andersen & Lauth hentar breiðari aldurshóp og geta allar konur sem eru fagurkerar fundið eitthvað fallegt við sitt hæfi í línunni.

**Hvaða tímabil í tískusögunni er í mestu uppáhaldi hjá þér?** Áratugurinn 1920 til 1930. Ég er sérstaklega hrifin af Elsu Schiparelly og hennar samstarfi við dadaismana og súrrealistana. Það má segja að á þessum tíma hafi tískan tekið miklum stakkaskiptum og orðið nútímavænni og frjálsari. Konur byrjuðu til dæmis að klæðast buxum og stuttbuxum á þessum tíma.

**Hvaða flík eða fylgihlut spáir þú mestum vinsældum í vor og sumar?** Fallegur silkikjóll og háir hælar klikka aldrei.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Nicolas Ghesquière, hann var yfirhönnuður hjá Balenciaga. Á hverju „seasoni“ hefur hann komið með rosalega heilsteypta línu, alltaf með pottþétt „look“ og ótrúlega flottar nýjungar. Hönnun hans er óaðfinnanleg að mínu mati.

**Fylgistu með Eurovision og ertu sátt með framlag Íslands?** Já, ég fylgist alltaf með Eurovision. Eurovision er gleðigjafi og við fjölskyldan erum Euronördar. Ég tengdi þó ekki við sigurlagið, fannst margt betra í keppninni, en flottur söngvari hann Eyþór.




ENNEMM / SÍA / NM56759

**Íslandsbanki hefur ákveðið að endurgreiða skilvísum viðskiptavinum 30% af greiddum vöxtum ársins 2012**

Endurgreiðslan tekur til vaxta af húsnæðislánum og almennum skuldabréfalánum og verður hún lögð inn á reikninga viðskiptavina þann **25. febrúar.**

Allir sem fá þessa endurgreiðslu hafa fengið tilkynningu um hana í Netbankann sinn auk þess sem þeim hefur verið sent bréf í pósti. Með endurgreiðslunni viljum við þakka þeim fyrir viðskiptin á liðnum árum og vonum að hún komi að góðum notum.

**Nánari upplýsingar um endurgreiðsluna eru á islandsbanki.is/endurgreiðsla**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki





## ➜ ELLA Katrín Káradóttir og Elínrós Líndal

**Hvaðan sóttirðu innblástur fyrir nýju línuna?** Elínrós: Innblásturinn kom frá samtímanum, fréttum og því efnahagslega umhverfi sem við lifum í. Ég notaði tilvísun í gamla tíma sem minntu á tímabilið sem við erum að ganga í gegnum, en mig langaði að gera línu sem konur gætu leitað í þegar tilefnið væri að fagna. *Katrín*: Undanfarið hef ég mikið leitað í bíómyndir og gamlar ljósmyndir en margar leiðir eru færar og ekki nein ein sem virkar alltaf. Tíðarandinn breytist og mikilvægt að staðna ekki í ákveðnu kerfi heldur halda áfram að leita, prófa og þróa hugmyndir.



**Hver er munurinn á „slow fashion“ og venjulegri hönnun?** *Elínrós*: Ég veit ekki hvort ég geti skilgreint mun á hönnun innan slow fashion miðað við venjulega hönnun, því það er ekkert venjulegt við fallega hönnun. En við sem vinnum innan ramma slow fashion beitum öðrum aðferðum og efnistökin okkar eru ólík fyrirtækjum í fast fashion svo dæmi séu tekin. Þú getur t.d. ekki bent svo auðveldlega á hönnun fyrirtækja í fast fashion þar sem fyrirtækin stela nýjustu hugmyndum þekktra hönnuða á tískuvikum og fjöldaframleiða með svo miklum hraða að stundum koma fötin þeirra út á undan tískuhúsunum sem þeir stálu frá. Hönnuður í slow fashion fær tækifæri til að vinna hönnunarvinnu sína ár fram í tímann og þarf ekki að hugsa um nýjustu strauma og stefnur. Hönnuðurinn fær tækifæri til að skapa eitthvað alveg nýtt og þessi vörumerki eru oft og tíðum mjög þekkjanleg á götum úti.“

**Hvaða flík er nauðsynlegt að eignast fyrir vorið?** *Elínrós*: ,,Það fer eftir hverjum og einum. Ég mæli með því að 20% af fataskáp hverrar konu séu lykilflíkur á borð við LBD (litla svarta kjólinn), pensilpils, kasmírpeysa og góð klassísk kápa er mikilvæg. Þetta eru flíkur sem endast og eru mikið notaðar. Það er alltaf gaman að kaupa fallega liti fyrir sumarið en eftir að ég kynnti mér hvernig efnislitun er að menga drykkjarvatn í Asíu, hef ég haft meiri og meiri áhuga á ólituðum náttúrulegum efnum. *Katrín*: Eitthvað sem minnir mann á að fagna vorinu og gleðjast yfir því að vera til.

**Hvort lestu heldur tískublogg eða –tímarit?** *Elínrós*: Hvorugt, því miður hef ég ekki tíma í slíkt. En ég hlusta mikið á BBC á daginn og hef mjög gaman af því að hlusta á greiningar hagfræðinga á tískunni hverju sinni. Það sem fangar auga þeirra er allt annað en blaðamenn tala um almennt og þeir eru alltaf eitt stórt spurningamerki eftir sýningarnar. Eitt allra skemmtilegasta og fróðlegasta efnið um samtímann hverju sinni! *Katrín*: Ég fylgist með sýningunum, les stundum tímarit og jafnvel tískugagnrýni aðila sem ég ber virðingu fyrir.

**Hvaða íslenski hönnuður er í mestu uppáhaldi hjá þér um þessar mundir?** *Elínrós*: Katrín Kára – frá því ég hitti hana fyrst vissi ég að hún gæti gert eitthvað sem skiptir máli, enda leggur hún allt sitt í hverja tískulínu. Hún er með mikla þekkingu á tískusögunni. Klæðskerarnir okkar elska að vinna með henni því hún hefur einnig menntun þeirra og skilur að á bak við hverja hönnun verður að vera hugmynd sem er framkvæmanleg í öðrum deildum. *Katrín*: Fatahönnun á Íslandi hefur tekið miklum framförum á undanförnum árum en ég vil ekki nefna neinn sérstakan að svo stöddu.

**Hvað mundirðu endurfæðast sem?** *Elínrós*: Ég lifi í þeirri von um að ég muni ekki endurfæðast enda á ég nóg með þá örbylgju-hraðsuðu öld sem við lifum á í dag. En ef ég mætti velja mér annað tímabil þá myndi ég velja fimmta áratug síðustu aldar. Ég hefði viljað vera samferðarkona ömmu minnar í móðurætt. Ég hefði þá þurft að sækja vatn út í læk, búa í örfáum fermetrum með stórfjölskyldunni og þannig kynnst því hvað það var sem bjó til þennan stórbrotna karakter sem hún hafði að geyma. *Katrín*: Mér finnst nú fátt benda til þess að ég fengi að velja ef til kæmi.

## ➜ HUGINN MUNINN Guðrún Guðjónsdóttir

**Lýstu línunni í stuttu máli:** Huginn Muninn stendur fyrir klassík og gott handbragð. Við viljum fagna rótum okkar en um leið horfa til framtíðar. Skyrturnar eru með klassísku yfirbragði, en á sama tíma með nútímalegum blæ sem finnst í lita- og efnasamsetningum og í hverju einasta smáatriði.

**Verður þú aldrei uppiskroppa með nýjar hugmyndir að herraskyrtum?** Það er alveg ótrúlegt hvað maður getur gert við svo einfaldan hlut eins og skyrtu. Ég virðist alltaf getað fundið upp á einhverju nýju, eiginlega hef ég of margar hugmyndir frekar en of fáar.

**Hvaða tímabil í tískusögunni er í mestu uppáhaldi hjá þér?** Satt að segja væri ég svo til í að hafa verið uppi á flestöllum tímum þegar kemur að tísku. En það tímabil sem heillar mig kannski mest er stríðstíminn, þetta er tími sem skortur var á öllu og ég einfaldlega heillast af úrráðagóðum konum sem fundu upp á alls kyns leiðum til að líta sem best út. Til dæmis má nefna þegar þær máluðu rönd aftan á fótlegginn á sér til að sýnast vera í nælonsokkabuxum. Það veitir mér einfaldlega innblástur að á þessum tíma reyndi fólk að finna gleði og hamingju hvar sem þau gátu fundið hana.



**Hvaða flík eða fylgihlut á fólk að forðast í vor og sumar?** Þar sem að ein flík eða fylgihlutur fer einum en ekki öðrum finnst mér ekki rétt að láta fólk forðast einhvern ákveðinn hlut. Það eiga bara allir að vera í því sem þeir vilja.

**Eigum við von á dömulínu frá Hugin Munin í framtíðinni?** Já, fyrsta dömulínan kemur í verslanir í vor. Við ætlum einnig að vera með sýnishorn af næstu dömuvetrarlínu á RFF í mars.

**Hvaða líkamsrækt stundarðu helst?** Hlaup á milli skrifstofunnar og saumastofunnar svo fátt eitt sé nefnt.



## ➜ Farmers Market Bergþóra Guðnadóttir

**Lýstu línunni í stuttu máli:** Gróft í bland við fínt, sveitin mætir borginni og hið þjóðlega mætir hinu alþjóðlega. Við höfum frá upphafi lagt ríka áherslu á náttúruleg hráefni og sveitarómantíkin mun halda áfram að svífa yfir vötnum.

**Hvernig er hinn „týpíski“ kúnni Farmers Market?** Við erum lítið fyrir að setja fólk í merktar skúffur og viljum helst ekki hugsa um okkar viðskiptavini þannig. En línan okkar er breið og það kemur okkur sífellt á óvart hvað kúnnarnir okkar eru margvíslegir. Mér finnst t.d. alltaf gaman að sjá tískumeðvitaða Japani birta myndir af sér á bloggi þar sem þeir eru búnir að blanda Farmers Market við sinn persónulega og skemmtilega stíl. Svo eru Íslendingar á öllum aldri og gerðum frábærir kúnnar sem hafa tekið okkur vel frá upphafi og það þykir okkur auðvitað vænst um.

**Hvaða flík eða fylgihlut spáir þú mestum vinsældum í vor og sumar?** Við erum að þróa ýmislegt nýtt sem við erum gríðarlega spennt fyrir og komum til með að sýna eitt og annað af því á RFF í mars. Flíkurnar öðlast svo sjálfstætt líf þegar þær eru komnar á markað og erfitt að spá fyrir um vinsældir. Svo er kominn biðlisti eftir flauelsbuxunum okkar sem munu koma í verslanir í mars.

**Er erfitt að vera hönnuður á Íslandi í dag?** Ekkert erfiðara en hvað annað, í litlu fyrirtæki þurfum við auðvitað að sjá um allt sjálf þannig að þetta er bara hellings vinna. En þar sem við erum nýkomin heim af tískuvikum í Evrópu skal ég alveg viðurkenna að stundum öfunda ég mína erlendu kollega sem búa í nánd við markaðinn þar sem mestu viðskiptin fara fram. Það getur tekið á að þurfa að útskýra muninn á EES og ESB fyrir tískuliðinu sem hefur takmarkaðan áhuga á tollamálum, vilja bara kaupa vörur og fá þær afhentar án vesens.

**Er jafn skemmtilegt að hanna á konur og karla?** Það er ekkert síður skemmtilegt að hanna á karla og ég hef smátt og smátt verið að auka við herralínuna okkar. Að mörgu leyti finnst mér líka herratískan vera á meira flugi um þessar mundir en kventískan og karlar almennt áhugasamari um föt en áður.

**Hvernig er hið fullkomna föstudagskvöld í þínum huga?** Elda góðan mat í góðum félagsskap og njóta annaðhvort við kertaljós í skammdeginu eða úti í garði á sumarsíðkvöldum.






Velkomin í reynsluakstur
í HEKLU og hjá umboðsmönnum
um land allt

# Nýr Volkswagen Golf

**Nýr Volkswagen Golf er kominn til landsins** en það er sjöunda kynslóð þessa vinsæla bíls sem tæplega 30 milljónir eintaka hafa selst af síðan hann kom fyrst á markað árið 1974. Þessi mikla sigurför í tæp 40 ár er ekki síst því að þakka að Golf hefur ávallt verið áreiðanlegur og sá bíll sem stendur fólki næst.

**Nýr Golf er enn betur búinn en áður.** Meðal staðalbúnaðar má nefna: ESP-stöðugleikastýringu, hita í sætum, rafmagnshitaða og stillanlega hliðarspegla, Bluetooth-búnað fyrir síma, fjölrofa sportstýri með fjarsýringu fyrir hljómtæki og síma, útvarp „Compose“ með 8 hátölurum, 5,8“ snertiskjá, AUX-tengi og SD-kortarauf, loftkælingu, þokuljós með beygjuljósingu í framstuðurum, Start/Stop búnað o.fl.

Verið velkomin að líta við og kynna ykkur nýjan Volkswagen Golf í HEKLU og hjá umboðsmönnum um land allt. Þar er hægt að kynnast kostum hans nánar.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.490.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Óvænt endalok Benedikts páfa

Afsögn Benedikts XVI. páfa kom flestum á óvart og margir hafa lýst efasemdum um að ellihrumleiki sé hin raunverulega ástæða afsagnarinnar. Nokkrar aðrar skýringar hafa verið nefndar, einkum þó frekari vandræði kaþólsku kirkjunnar vegna barnaníðsmála sem takast þarf á við. Guðsteinn Bjarnason reynir að lesa í stöðuna.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Strax í byrjun mars má búast við því að rúmlega hundrað kardínálar verði kallaðir saman til að kjósa nýjan páfa. Fyrir valinu verður einn úr þeirra hópi.

Nokkrir hafa verið nefndir til sögunnar sem líklegri en aðrir. Þar á meðal tveir frá Afríkuríkjum og nokkrir aðrir frá fleiri ríkjum þriðja heimsins svonefnda.

**Ellin**

Undanfarið hefur reyndar ekki farið á milli mála að aldurinn er farinn að hafa áhrif á Benedikt páfa. Hann fylgdist náið með því þegar heilsu forvera hans, Jóhannesar Páls II., hrakaði jafnt og þétt undir lokin. Haft hefur verið eftir samstarfsmönnum Benedikts að honum hafi fundist erfitt að horfa upp á það.

Ákvörðun Benedikts kom engu að síður flestum á óvart og margir hafa reyndar lýst efasemdum um að ellihrumleiki sé hin raunverulega ástæða afsagnarinnar. Nokkrar aðrar skýringar hafa verið nefndar, og þá helst sú að hann hafi séð fram á að barnaníðsmálin myndu verða honum þung í skauti. Og þar með kirkjunni allri.

Nú í vikunni sagði til dæmis einn af kardínálum kirkjunnar, Brasilíumaðurinn Geraldo Majella Agnelo, að mikilvægasta verkefni næsta páfa yrði að takast á við barnaníðsmálin.

**Erfið verkefni**

Nærri sex hundruð ár eru liðin frá því páfi tók síðast ákvörðun um að hætta að gegna þessu höfuðembætti kaþólsku kirkjunnar. Aðrir páfar hafa látið sig hafa það að sitja í embættinu alveg fram á grafarbakkann, jafnvel þótt þeir væru orðnir afar hrumir og í raun ófærir um að sinna skyldum sínum undir lokin.

Ákvörðun Benedikts er að mörgu leyti skynsamleg, bæði fyrir hann sjálfan og líka fyrir kaþólsku kirkjuna. Allir hafa gott af því að verja síðustu æviárunum í kyrrð og ró án íþyngjandi erils valdamikils embættis. Kaþólska kirkjan þarf einnig á því að halda að æðsti leiðtogi hennar sé bæði líkamlega og andlega fær um að takast á við sum þau erfiðu verkefni, sem hrannast hafa upp síðustu árin.

Þar munar líklega mest um barnaníðsmálin, sem óneitanlega hafa grafið undan trúverðugleika stofnunarinnar svo mjög að víða getur varla gróið um heilt aftur.

**Yfirmaður trúarráðsins**

Um nærri aldarfjórðungs skeið, frá 1981 til 2005, var Joseph Ratzinger kardínáli, eins og Benedikt páfi hét þá, yfirmaður trúarráðs kaþólsku kirkjunnar, sömu stofnunar og áður kallaðist rannsóknarréttur kaþólsku kirkjunnar, og var illræmd. Trúarráðið fer meðal annars með rannsókn á agabrotum innan kirkjunnar, þannig að Ratzinger bar á þessum tíma ábyrgð á rannsóknum kaþólsku kirkjunnar á kynferðisbrotum kaþólskra presta og annars starfsfólks kirkjunnar. Þegar barnaníðsmálin komust fyrst í hámæli í Bandaríkjunum árið 2001 og Jóhannes Páll II. páfi fól ráðinu rannsókn málsins, þá féll það í hlut Ratzingers að hafa yfirumsjón með og bera endanlega ábyrgð á rannsókninni.

**Sneri við blaðinu**

Benedikt hefur verið sakaður um að hafa í þessu valdamikla embætti brugðist þeim börnum sem urðu fyrir kynferðisbrotum starfsmanna kaþólsku kirkjunnar. Hann hafi litið svo á að æðsta yfirstjórn kirkjunnar ætti ekki að vasast í málum sem biskupsdæmin ættu að leysa úr, hvert fyrir sig. Og jafnvel eftir að ekki varð undan því vikist lengur að taka níðingsmálin alvarlega, þá hafi hann í fyrstu gert lítið úr vandanum.

Síðar tók hann þó af skarið, baðst afsökunar og lét fara fram ítarlegar rannsóknir á vandanum, bæði á Írlandi og í Bandaríkjunum. Hann hét því jafnframt að sjá til þess að aldrei aftur myndi kirkjan líða þjónum sínum slíkt framferði.

**Einangrun**

Starfsfólk í Páfagarði hefur engu að síður lýst áhyggjum yfir því að eftir að Benedikt hættir gæti einhver tekið upp á því að draga hann fyrir dóm vegna barnaníðsmálanna, rétt eins og nokkrir fyrrverandi þjóðarleiðtogar hafa mátt þola vegna mannréttindabrota.

Eftir að Benedikt hættir sem páfi missir hann jafnframt alþjóðlega friðhelgi sína sem þjóðarleiðtogi, en heldur áfram ríkisborgararétti sínum í þessu litla borgríki kaþólsku kirkjunnar í miðri Rómarborg.

Gæti hann þess að stíga aldrei út fyrir landamörk Páfagarðs, þá ætti hann ekki að þurfa að hafa áhyggjur af málaferlum, og kannski hyggst hann einmitt verja síðustu ævidögunum þar í skjóli kirkjunnar.



**BENEDIKT XVI** Páfi hættir um mánaðamótin og tekur þá aftur upp sitt gamla nafn, Joseph Ratzinger.
NORDICPHOTOS/AFP

## PÁFAKJÖR Í FÖSTUM SKORÐUM

**Nýr páfi er kosinn á kardínálafundi samkvæmt reglum Páfagarðs. Einungis þeir kardínálar sem ekki eru orðnir áttræðir taka þátt í kjörinu.**






**Christoph Schönborn frá Austurríki**



**Peter Turkson frá Gana**



**Oscar Andres Rodrigues Maradiaga frá Hondúras**



**Peter Erdö frá Ungverjalandi**



**Tarcisio Bertone frá Ítalíu**



**Timothy Michael Dolan frá Bandaríkjunum**



**Angelo Scola frá Ítalíu**



**Mark Quellet frá Kanada**

## Nokkrir líklegir arftakar

Nokkrir kardínálar hafa verið nefndir oftar en aðrir sem líklegir arftakar Benedikts XVI. páfa. Slíkt eru þó einungis vangaveltur og oft hefur á endanum orðið fyrir valinu kardínáli sem fáum þótti fyrir fram líklegur til að hreppa hnossið.

Töluverð tíðindi yrðu ef næsti páfi kæmi frá þriðja heiminum svonefnda, en nokkrir kardínálar frá ríkjum Afríku og Suður-Ameríku þykja eiga góða möguleika á kjöri. Úr þeim hópi hefur Peter Turkson frá Gana einna oftast verið nefndur, en einnig Francis Arinze frá Nígeríu, Lonardo Sandri frá Argentínu og Oscar Rodrigues Maradiaga frá Hondúras.

Kardínálastaða er æðsta heiðursembætti kaþólsku kirkjunnar. Það er páfi sjálfur sem velur í hóp kardínálanna og eru þeir nú rúmlega 200 talsins. Einungis kardínálar geta orðið páfar, en þeir mega ekki vera orðnir áttræðir. Nú eru 117 kardínálar innan við áttrætt, og það er sá hópur sem er kjörgengur til páfa.

Alls eru 63 þeirra eru frá Evrópuríkjum, 33 frá Norður-, Mið- og Suður-Ameríku, ellefu frá Afríku, ellefu frá Asíu og einn frá Ástralíu.


50
MILLJÓNIR
TÖFRAÐU FRAM
MILLJÓNIR!
Fimmfaldur Lottópottur stefnir í 50 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó
23/02 2013 | WWW.LOTTO.IS
FÍTON / SÍA
THE EUROPEAN LOTTERIES
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED
WORLD LOTTERY ASSOCIATION
WLA
facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

# Hver dagur sársaukafullur

Þegar Helga Lucia Haraldsdóttir komst á kynþroskaaldurinn lét húðsjúkdómurinn psoriasis fyrst á sér kræla. Sjúkdómurinn hríðversnaði þrátt fyrir að gripið væri til allra hefðbundinna ráða og 16 ára gömul var Helga Lucia úrskurðuð öryrki. Þrítug er hún orðin þriggja barna móðir og horfir björtum augum til framtíðar þrátt fyrir stöðuga glímu við skæðan sjúkdóm.

Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is





**HELGA LUCIA HARALDSDÓTTIR** Glímdi lengi við slæma sjálfsmynd en hefur unnið markvisst að því að byggja sig upp andlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helga Lucia Haraldsdóttir tekur á móti blaðamanni á hlýlegu heimili sínu í Garðabæ. Klukkan er rúmlega ellefu að morgni, og Helga Lucia er nýbúin með morgunrútínuna sína sem tekur lengri tíma en hjá flestum. „Á hverjum morgni þarf ég að leggjast í bað, sem ég hef sett olíu út í, í dágóða stund til þess að mýkja húðina. Þá þarf ég að bera á mig krem hátt og lágt, en það heldur sjúkdómseinkennunum niðri. Þegar þessu er lokið klæði ég mig í rólegheitunum og klukkan er yfirleitt orðin ellefu þegar ég er komin á ról," segir Helga Lucia sem hefur síðan hún var ellefu ára gömul glímt við alvarlegt psoriasis.

Psoriasis er húðsjúkdómur sem oftast birtist á afmörkuðum svæðum á húð þeirra sem eru með hann. Hjá Helgu er raunin önnur en alveg frá því að sjúkdómurinn lét fyrst á sér kræla hjá henni hefur hann verið mjög alvarlegur og nokkrum sinnum hefur hún þurft að leggjast inn á spítala vegna hans.

**Lögð inn fjórtán ára**

„Ég byrjaði að fá psoriasis-útbrot þegar ég komst á kynþroskaskeiðið sem er ekki óalgengt upphaf á sjúkdómnum. Það var strax brugðist við útbrotunum með hefðbundnum hætti, ég fékk krem og ég fór í ljós. En það virkaði ekkert sérstaklega vel á mig og það sem gerðist var að smám saman varð sjúkdómurinn verri og verri og hann breiddist út um allan líkamann. Strax fjórtán ára þurfti ég að leggjast inn á húðdeildina sem þá var á Vífilsstöðum vegna þess hversu illa ég var haldin. Þar fór ég í ljós og fékk bæði tjöru- og sterameðferð. Þetta var í fyrsta en ekki síðasta sinn sem ég hef verið lögð inn á húðdeildina, það hefur gerst nokkrum sinnum síðan," segir Helga og útskýrir að í hennar tilfelli myndist svo mikill bjúgur og miklar bólgur að hún fái hita og verði veik.

„Það hafa allar mögulegar meðferðir við psoriasis verið prófaðar á mér. Sagan hefur yfirleitt verið þannig að ég hef lagst inn á húðdeild en blettirnir fóru aldrei allir og ég versnaði alltaf smátt og smátt eftir að ég kom út," segir Helga, en bætir við að sjúkdómurinn hafi leikið hana misjafnlega hart í gegnum tíðina. Stundum hafi komið tímabil þar sem hún slapp við innlagnir, en svo hafi allt farið á versta veg inn á milli. „En jafnvel á góðum dögum verkjar mig í húðina og ég finn fyrir psoriasis-gigtinni í liðunum."

**Átti til að einangra sig**

En hvernig tókst unglingurinn Helga Lucia á við þennan slæma sjúkdóm? „Þetta var mjög erfitt fyrir mig eins og gefur að skilja. Ég burðaðist mjög lengi með mjög brotna sjálfsmynd, ég leit í spegil og mér líkaði ekki það sem ég sá. Ég átti líka til að einangra mig og á í rauninni enn þá, þó að ég færi stundum á meðal fólks, þá langaði mig ekki alltaf til þess að fara út," segir Helga. Hún var á fullu í íþróttum þegar hún var barn og hélt áfram að æfa fyrstu árin með psoriasis og hélt því áfram í mörg ár. „Ég æfði bæði handbolta og fótbolta áfram. En það var erfitt, bæði missti ég úr æfingar og svo breyttist svo margt hjá mér. Ég þurfti alltaf að passa að fara í bað, bera á mig olíu og krem og það tók á. Mig langaði auðvitað til að vera eins og hinir og þurfa ekki að vera alltaf að hugsa um að bera á húðina."

Þrátt fyrir að hafa misst nokkuð úr skóla vegna sjúkdómsins lauk Helga grunnskólanámi sextán ára gömul. Hún hóf svo nám í Iðnskólanum í Hafnarfirði en fljótlega eftir að hún hóf nám þar flosnaði hún upp úr námi. „Ég var úrskurðuð öryrki sextán ára gömul vegna psoriasis-sjúkdómsins. Öðru hvoru hef ég svo reynt að vera í vinnu, en það hefur aldrei gengið vel. Það er mjög erfitt fyrir mig, verandi með þennan sjúkdóm, að mæta í vinnu, þó að ég hafi átt góð tímabil þá hafa komið mjög slæm tímabil inn á milli."

**Erfitt á meðgöngunum**

Helga er þriggja barna móðir og í hennar tilfelli hafa meðgöngur barnanna espað upp sjúkdóminn. „Ég eignaðist elstu dóttur mína Elínu Rós árið 2002 og var mjög slæm á þeirri meðgöngu þó að ég legðist ekki í rúmið. Svo eignaðist ég Emelíu Karen árið 2004 og var mikið veik þá líka," segir Helga, sem tveimur árum síðar lenti afar illa í því. „Árið 2006 varð ég mjög veik og var lögð inn nokkrum sinnum. Loks varð ég algjörlega rúmföst og þurfti að vera í hjólastól í marga daga því fæturnir á mér gátu ekki borið mig. Ég missti skinnið undan iljunum og það var ekkert nema örfín filma sem mátti alls ekki snerta vegna mikils sársauka. Ég endaði á að fá sprautu svo líkaminn myndi ekki stífna upp því ég gat ekki labbað í marga daga, þetta var helvíti á jörð," segir Helga.

Á þessum tíma var sambandi hennar við barnsföður yngri dóttur hennar lokið: „Ég var mjög niðurbrotin og sjálfstraustið ekki mikið. En það voru alltaf einhver ljós í myrkrinu og þarna eftir erfiðustu veikindin árið 2008 þá fór ég í mikið heilsuræktarátak og breytti mataræðinu líka. Það hafði mjög góð áhrif og ég bæði léttist og einkenni psoriasis-sjúkdómsins minnkuðu. Á þessum tíma kynntist ég manninum mínum, Óðni, og það hafði auðvitað mjög góð áhrif á mig. Þegar ég varð ófrísk að syni okkar, honum Haraldi Tristan, fór hins vegar allt aftur á skrið og ég hef ekki almennilega náð mér síðan hann kom í heiminn árið 2011," segir Helga.

**Byrjuð aftur í handbolta**

Hún bætir við að hún sé byrjuð að taka mataræðið aftur í gegn enda virkaði það vel síðast og hún segir að mataræðið skipti mjög miklu máli í hennar veikindum. Helga hugar líka að andlega þættinum og leggur áherslu á að byggja sig upp. „Ég er aftur byrjuð í handboltanum, æfi með gömlum FH-ingum og það er mjög gaman. Ég er mjög mikið að reyna að byggja upp sjálfstraustið og huga að sjálfri mér um þessar mundir. Það gengur ekki alltaf vel að vera jákvæður, stundum finnst mér erfitt að geta til dæmis ekki klætt mig í hvaða föt sem er, en ég þoli til dæmis eiginlega bara bómull við húðina. En ég lít björtum augum fram á veginn," segir Helga Lucia sem segir óendanlega mikilvægt í allri þessari sjúkdómasögu að hafa átt góða að.

„Foreldrar mínir, þau Haraldur Þór Benediktsson og Elín Jakobsdóttir, hafa alltaf stutt ótrúlega vel við bakið á mér. Einnig er ég í mjög góðu sambandi núna og svo á ég auðvitað þrjú yndisleg börn sem hjálpa mér hvert með sínum hætti," segir hún að lokum.

## Fékk sýkingu í blóðið og lá milli heims og helju

„Árið 2008 fékk ég sýkingu í blóðið sem rekja má til sjúkdómsins. Ég var lögð inn á Borgarspítalann og lá þar milli heims og helju fyrstu vikurnar en alls í tvo mánuði. Ég fékk sýkingu upp úr sárum sem myndast þegar hreistrið dettur af húðinni," segir Helga.

Meðfylgjandi myndir sýna hve illa hún var haldin þegar hún var sem veikust og varpa ljósi á hversu þungt hún er haldin og illa farin þegar psoriasis leikur hana sem verst.

Á heimasíðu Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga spoex.is kemur fram að ekki hafi verið skýrt til fullnustu hvers vegna fólk fær sjúkdóminn en að á seinni árum hafi menn helst aðhyllst að um sé að ræða eins konar ónæmissvörun sem síðan leiði til sjálfsónæmis og mismunandi ytri þættir geti kallað sjúkdóminn fram.





# KRÓNAN

1. SÆTI
MATVÖRUVERSLANIR
KRÓNAN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
FYRSTA SÆTI Í FLOKKI MATVÖRUVERSLANA 2012

# KJÖTVEISLA – fyrir alla!



DÚNDUR VERÐ!

**765** kr. kg
Krónu kjúklingur, heill



**35%** afsláttur

**955** kr. kg
Verð áður ~~1169~~ kr. kg
Grísakótilettur, magnpakkning



GOTT VERÐ!

**628** kr. kg
Krónu blandaðir kjúklingabitar



MAGN-PAKKNING

**1998** kr. kg
Krónu kjúklingabringur, magnpakkning



**30%** afsláttur

**1049** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísagúllas og grísasnitsel



**20%** afsláttur

**398** kr. kg
Verð áður ~~498~~ kr. kg
Móar kjúklingavængir



GOTT VERÐ!

**698** kr. kg
Krónu kjúklingaleggir



**1198** kr. kg
Goða frosið lambalæri

GJAFAKORT KRÓNAN

## Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. EXPO • www.expo.is



**FYRSTA DAGS UMSLAG** Margir söfnuðu fyrsta dags umslögum en flest eru verðlítil í dag, vegna stórra upplaga.

**GAMALT OG GOTT** Umslag notað sem minnismiði fyrir vísu.



**SVONA SÖFN LEYNAST VÍÐA** Yfirleitt klipptu menn frímerkin af umslögunum eða rifu.

**UMSLÖGIN VERÐMÆT** Umslög með frímerkjum á eru mun verðmætari en frímerkin ein og sér.

## Tunnumerki, hvað er það?

Tunnumerki voru gjaldmiðill á sínum tíma eins og Freyr Jóhannesson lýsir: „Þegar konurnar voru að salta náðu strákar í fullu tunnurnar til þeirra og renndu um leið svona peningi ofan í stígvélin þeirra. Eftir þeim fengu þær greitt. Fyrir eitt tunnumerki fengu þær um það bil tímakaup verkamanns en söltuðu tvær til þrjár tunnur á klukkutímann,“ útskýrir hann. „Það var saltað á 70 stöðum á landinu og sums staðar á mörgum plönum svo margs konar tunnumerki voru í umferð. Ég fór í nokkur ferðalög um landið til að safna þeim því svona nokkuð hverfur mjög hratt.“



**TUNNUMERKI** Þetta merki tilheyrði Söltunarstöð Ísfirðinga á Siglufirði 1932-1961.



**TUNNUMERKI** Jón Kristjánsson á Akureyri átti þetta merki.

## Meira og minna verðmæt

Gömul merki með hátt verðgildi, eins og alþingishússmerkin, voru ekki gefin út nema í 150 þúsund eintökum. Þau eru verðmæt í dag. Sum merki voru hins vegar gefin út í allt að fjórum milljónum eintaka og verða aldrei verðmæt að sögn safnara nútímans. Sum gömlu fiskamerkin eru til í of miklu magni til að teljast verðmæt nú.



# Söfnun er góð fyrir sálina

Þótt bæði frímerki og mynt séu nánast að hverfa úr notkun er líflegt á félagsfundum safnara. Að stíga þar inn er eins og að koma á markaðstorg. Menn fletta möppum eða síðum á netinu og á borðum eru haugar af góssi til skoðunar.

Við hittumst hér vikulega. Sumir eru að selja, aðrir að skipta,“ segir Viðar Ottesen, fyrsti maður sem blaðamaður víkur sér að á fundi frímerkjasafnara. Hann kveðst hafa verið ástríðusafnari. „Þetta er skemmtilegt hobbý og fræðandi því það eru gefin út alls konar frímerki sem minna á atburði, tækniframfarir og staði. Sumir safna bara bílamerkjum, aðrir blómamerkjum eða einungis merkjum frá þeim tíma sem Ísland var konungdæmi.“

En hvernig líður söfnurum frímerkja nú þegar notkun þeirra er mjög að minnka og engin verslun í landinu býður upp á söfnunarvörur? „Frímerki verða alltaf til og það er fullur grundvöllur fyrir að safna þeim. Nú til dags eru þau gefin út í mun minna upplagi en áður, þannig að nýleg merki geta alveg orðið verðmæt. Svo eru þau falleg,“ segir Viðar. Hann segir frímerki útgefin á tímabilinu 1950-1990 almennt verðlítil vegna stórra upplaga og sama sé að segja um fyrsta dags umslögin.

### Endurnýja lífskraftinn daglega

„Það er ekki hægt að losna við söfnunarvírusinn og hann er bæði hollur og góður fyrir sálina,“ segir hinn þekkti kaupmaður Magni Guðmundsson sem rak safnarabúð á Laugaveginum um árabil. Hann kveðst hafa verið bæði í félagi frímerkjasafnara og myntsafnara frá upphafi. „Ég hef notið þess alla tíð að vera í söfnun og kringum safnara,“ segir hann og segir mikið um að fólk hringi í hann til að leita ráða. Telur hann mikla peninga í söfnum?

„Það geta verið peningar í mörgu. En aðallega er söfnun góð fyrir fyrir heilsuna. Safnarar endurnýja lífskraftinn á hverjum degi þegar þeir fara að dunda í sínum hlutum.“

### Ástríða en ekki fjárfesting

„Menn byrja oft ungir að safna frímerkjum, hætta þegar þeir stofna fjölskyldu og fara á vinnumarkaðinn en byrja aftur þegar fer að róast í kringum þá,“ segir Árni Gústavsson, einn fundarmanna. Spurður hvort safnið frá ungdómsárunum sé þá orðið verðmætt svarar hann: „Það fer eftir því hvað elstu frímerkin hafa verið gömul. Menn gera þetta þó mest ánægjunnar vegna. Margir

> „Safnarar endurnýja lífskraftinn á hverjum degi þegar þeir fara að dunda í sínum hlutum.“
>
> Magni Guðmundsson

fara að safna ákveðnum stimplum, til dæmis númerastimplunum því hver póststöð hafði sitt númer frá 1903 og fram um miðja öld,“ segir Árni sem sjálfur safnar skipspósti frá 19. öld. „Á síðustu áratugum 19. aldar voru þrjár, fjórar póstferðir á ári frá Íslandi þannig að póstmeistarinn notaði hvert tækifæri til að koma pósti frá sér, kannski með fiskibáti eða hvaða skipi sem var og skipstjóranum bar, lögum samkvæmt, að setja póstinn í land í fyrstu höfn. Þar var hann stimplaður. Svo er hægt að lesa ferðasögu bréfs eftir stimplunum.“ Árni kveðst eiga nokkuð stórt safn. „Ég er bara að þessu mér til gamans. Svo er þetta fræðandi. Að lesa eitthvað ákveðið út úr hlutunum og finna fróðleik um þá í bókum og á netinu.“



**Á FUNDI FRÍMERKJASAFNARA** Viðar Ottesen horfir yfir öxlina á Hjalta Jóhannessyni með i-padinn. Ævar Petersen fylgist með. Við hlið hans er barnabarnið Matthías Ævar, sem safnar bara fuglamerkjum, og vinur hans Skúli, sem er líka frímerkjasafnari.

Frímerkjasöfnun er ákveðin keppni, segir Árni. „Menn setja söfnin sín á sýningar og þar eru þau dæmd,“ segir hann og upplýsir að norræn frímerkjasýning verði hér á landi í vor.

Hver ákveður svo verð merkja?

„Það er markaðurinn. Ef allir safna númerastimplum, eins og í dag, þá fer verðið upp, svo kannski hætta allir og þá fer það niður. Söfnun er ástríða en ekki fjárfesting. Ég held að alvöru safnarar séu ekki í þessu út af peningum.“

## FLOTKRÓNAN FER ALDREI Í VERÐ

Myntsafnarar sækjast eftir mörgu sem hefur verið notað sem gjaldmiðill á Íslandi,“ segir Freyr Jóhannesson, formaður Myntsafnarafélagsins. „Fyrst og fremst er það slegin mynt og seðlar en líka brauð- og vörupeningar, herstöðvargjaldmiðill, sérstakir seðlar sem kaupfélögin gáfu út, tunnumerki, víxlar, ávísanir og hlutabréf. Einnig safna menn íslenskum minnispeningum, heiðurspeningum og heiðursmerkjum.“

Íslensk mynt til almennra nota var ekki slegin fyrr en árið 1922 en íslenskir seðlar voru til löngu áður, að sögn Freys. Árið 1777 gaf Kurantbanken í Kaupmannahöfn út seðla með íslenskri áletrun en Íslendingar fúlsuðu við pappírnum og vildu heldur fá mynt úr silfri og gulli. Rigsbanken gaf síðan út seðil árið 1815 með íslenskum texta á bakhlið, sérstaklega ætlaðan til nota hérlendis. Af þessum seðli eru til færri en tíu eintök í öllum heiminum. Landsstjórnin prentaði síðan fyrstu íslensku peningaseðlana í Danmörku árið 1886 og voru gefnir út 5, 10 og 50 krónu seðlar.

Einnig voru til einkagjaldmiðlar af ýmsu tagi. „Kaupmenn á svæðinu frá Vestfjörðum til Stokkseyrar gáfu margir út eigin mynt og seðla, mest um og fyrir aldamótin 1900. Elsta mynt sem ég á af þeim toga er þó frá 1846, merkt Zimsen, dönskum kaupmanni. Svo var Pjetur Thorsteinsson á Bíldudal með mynt og margir hér í Reykjavík, til dæmis Thomsensverslun, gáfu út seðla.“

Freyr segir félagsmönnum Myntsafnarafélagsins að fjölga. „Um áramót vorum við 231 í félaginu og höfum ekki verið svo mörg síðan á 8. áratugnum. Menn selja og kaupa mikið á netinu og við það hefur eftirspurn eftir íslenskum seðlum aukist,“ upplýsir hann. Félagið heldur uppboð fyrsta sunnudag hvers mánaðar nema í júlí og ágúst. Síðasta sunnudag mættu um 50 manns, að sögn Freys. Enginn má bjóða í utan félagsins. „Við sjáum hlutina sem við bjóðum upp stundum á Ebay daginn eftir og getum ekkert ráðið við það.“

En verða hlutir alltaf verðmætari með tímanum? „Það veit enginn, það fer eftir tískusveiflum. Eftir því sem ég hef heyrt frá Seðlabankanum eru til í landinu um 600 tonn af íslenskri mynt. Mest af því er lýðveldismynt í lágu verði. Eitt er víst, flotkrónan fer aldrei í verð.“

Freyr telur dýrustu myntina í dag af íslenskri sláttu tíu þúsund króna peninginn frá 1974 sem Seðlabankinn gaf út í gulli. Segir hann ganga á 80-100 þúsund. „En söfnun er fræði,“ tekur hann fram. „Það er tvennt ólíkt að sanka að sér hlutum óháð sögulegu verðmæti þeirra og safna sögulegum gripum með skipulögðum og kerfisbundnum hætti. Söfnun er að mörgu leyti sagnfræðileg rannsókn á tiltölulega afmörkuðum vettvangi og byggist því vitaskuld á sagnfræðilegum áhuga, jafnvel ástríðu, og upphaf stórra safna eins og Landsbókasafns og Þjóðminjasafns má rekja til einstaklingssafna. Myntsöfnun tengist verslunarsögu og atvinnuháttum landsins og menn eru ekkert alltaf að hugsa um verðmæti safna sinna þó þeir greiði stundum hátt verð fyrir vissa hluti til að eignast þá og rannsaka.



**GAMALL SEÐILL ÚR SAFNI FREYS** og tveggja krónu peningur frá 1940



**FORMAÐURINN** Freyr með litljósrit af hluta seðlasafns síns.

Tunnumerkin eru þannig bráðskemmtilegur hlutur þó þau seljist ekki nema á þúsund kall. Mér finnst alveg nóg fyrir safnara að vita að þeir séu að bjarga sögulegum verðmætum. Allt hitt er bara bónus.“

# FERÐIR

LAUGARDAGUR **23. FEBRÚAR 2013**

**Kynningarblað**

Leikarapar í New York
Ferðamannastaðir á Reykjanesi
Íslendingar í Noregi
Snjóhúsahótel í Alaska
Háloftaklúbburinn
Perlur á Norðurlandi




Djúsbar og matsölustaðir framan við Trinity-kirkjuna í New York.

# Matarhöfuðborg heims

New York trónir efst á lista virtra ferðatímarita sem matarhöfuðborg heimsins. Borgin ber viðurnefnið Stóra eplið með rentu því þar spretta upp veitingastaðir eins og gorkúlur og sífellt bætast ný nöfn í raðir frægðarfólks úr röðum kokka, veitingamanna, matarbloggara og matargagnrýnenda. Í New York malla saman í einum graut allt frá heimsins fínustu Michelin-kokkum yfir í metnaðargjarna götukokka sem selja sælkerapylsur í sölutjöldum. Allt sem viðkemur matartísku magnast upp og verður enn meira í New York og hægt að þræða veitingastaði með smakkmatseðla yfir í nýnorrænt eldhús og allt þar á milli. Það er svo fjölþjóðasamfélaginu í New York að þakka hægt er að verða sér úti um spænska reykta skinku, geitamjólkur-gnocchi og fylltar soðkökur innan tíu húsalengda.

## SNJÓHÚS TIL SÖLU



**Yfirgefið og** hálfklárað hótel hefur verið auglýst til sölu í Alaska. Húsið er merkilegt að því leyti að það lítur út eins og risavaxið snjóhús.

Byggingin, sem staðið hefur auð í nærri fjóra áratugi, er á fjórum hæðum og hefur verið kölluð „Igloo City“, snjóhúsaborg, af íbúum svæðisins. Fjárhagsvandi og vandræði með upphaflegar teikningar urðu til þess að húsið var aldrei klárað.

Og verðið? Eigandinn segist skoða öll tilboð en setur þá kröfu að nýi eigandinn ætli sér að klára bygginguna og reka þar hótel.

Það gæti þó orðið erfitt fyrir nýja eigendur að finna næturgesti. Snjóhúsahótelið stendur nefnilega við afskekktan þjóðveg tæplega 300 km norður af Anchorage. Íbúar í nálægasta þorpi eru rétt um 200 talsins.


Ásdís Hrund Einarsdóttir, til vinstri, ásamt systur sinni, Hildi, og dótturinni Elsu Hrund á fermingardeginum hennar í fyrra.


Kviknes-hótelið í Balestrand við Sognfjörð í Noregi.

# Ílengdist í Noregi

**Ásdís Hrund Einarsdóttir réð sig til sumarvinnu á Kviknes-hóteli sem stendur á undurfögrum stað í Balestrand. Þetta var árið 1979 en Ásdís býr þar enn og hefur komið sér vel fyrir.**

Kviknes-hótel í Balestrand var fyrir stuttu valið besta sveitahótelið í Noregi af Grand Travel Awards, sem tímaritið Travel News stendur fyrir. Hótelið stendur við hinn undurfagra Sognefjord. Fjörðurinn er sá lengsti í Noregi og þriðji lengsti í heimi og sækir mikill fjöldi ferðamanna hann heim yfir sumartímann.

Ásdís segir að á meðan skólafríin voru lengri á Íslandi yfir sumarmánuðina hafi verið afar algengt að ungar stúlkur ynnu á norskum hótelum. Þannig er það ekki lengur. Hún finnur þó vel fyrir fjölgun Íslendinga eftir hruninu í nærliggjandi bæjum en Björgvin er næsta borg við Sognefjord. Þrjár klukkustundir tekur að aka þá leið en einnig er hægt að taka hraðbát.

„Balestrand er lítill bær og hér er fámennt yfir vetrartímann. Á sumrin fyllist allt af ferðamönnum og þá er mikið líf hér. Hér eru þrjú stór hótel og farfuglaheimili. Á þessum stað búa ríflega tuttugu Íslendingar. Þar á meðal er kona hótelstjórans og eiganda Kviknes, María Ragnarsdóttir. Ég hef mikið samband við Maríu en hún á fjögur börn og ég fimm. Einnig er hér mjög vinsæll íslenskur smiður, Svanur Kristófersson og fjölskylda hans. Svanur er með sjö manns í vinnu. Hann kom fyrst hingað 1993 og byggði húsið okkar, fór heim en flutti síðan með fjölskylduna hingað, enda nóg fyrir hann að gera,“ segir Ásdís.

„Allir sem koma hingað segja að þetta sé fallegasti staður sem þeir hafa komið til. Það er ferja sem flytur fólk hingað svo ekki þarf að aka þennan langa fjörð. Hér er haldin stór djasshátíð árlega í maí þar sem meðal annars Mezzoforte hefur komið fram. Þessi hátíð er mjög vel sótt og skemmtileg stemning sem myndast.“

> **Allir** sem koma hingað segja að þetta sé fallegasti staður sem þeir hafa komið til.

Það er margt að sjá í Sognfirði en þar eru fimm elstu stafkirkjur í Noregi. Ein þeirra er á heimsminjaskrá UNESCO. Í firðinum eru fjölbreytt ávaxtatré og berjalönd. Mikið er lagt upp úr matargerð á svæðinu og þá er að sjálfsögðu notað hráefni úr sveitinni. Hægt er að kaupa sultu, saft, eplacider eða ávaxtavín, allt unnið á staðnum.

Ásdís segist fara reglulega í heimsókn til Íslands svo hún fær sjaldan heimþrá. Hún rekur heildsölu og verslun í Balestrand, flytur meðal annars inn Cintamani-vörur frá Íslandi, fatnað frá Farmers Market og Ígló barnafatnað. Einnig hefur hún umboð fyrir ítalskan pitsuofn bæði í Noregi og á Íslandi. „Ég sel einungis vönduð merki og hef marga fasta viðskiptavini hér í Noregi.“

Ásdís á fjóra syni og eina dóttur sem var fermd síðasta sumar. Þá kom fjölskylda hennar í heimsókn frá Íslandi. „Fermingarveislur hér eru svipaðar og heima. Það er mikið í þær lagt og alltaf heitur matur. Mikið sungið og haldnar ræður.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s. 512 5432 | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

Dýrmæt ferð

Ódýr bílaleigubíll

Budget

Ertu á leiðinni til útlanda? Pantaðu ódýra bílaleigubílinn hér heima í síma 562 6060 eða á budget.is og gerðu ferðina dýrmætari.

www.budget.is



# Cape Cod

## Meiriháttar sumarfjör í Bandaríkjunum

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ PANTA FERÐINA HJÁ VITA**

- Öll bókunarþjónusta á sama stað
- Þú greiðir aðeins staðfestingar gjald við bókun
- Þú þarft ekki að greiða ferðina að fullu fyrr en 6 vikum fyrir brottför
- Starfsmaður VITA hefur tekið úr gististaðinn
- Flug- og hótelbókun standast á

**Upplifðu**

- ✓ Fjölbreytt úrval gististaða
- ✓ Fallegar strendur
- ✓ Paradís útivistarfólks
- ✓ Gamall bæjarhluti, gamaldags verslunargötur
- ✓ Spennandi sérvöruverslanir
- ✓ Stutt í verslunarmiðstöð
- ✓ Stutt í frábært golf





ÍSLENSKA SIA.IS VIT 62804 01/13

## CAPE COD

### MASSACHUSETTS - USA

### Strandlíf og góður matur

**Verð frá 139.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn 7. júní. Gist á Heritage House í 5 nætur og Hilton Back Bay Boston í 2 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting.

Verð m.v. 2 í tvíbýli 169.900 kr.

*Verð án Vildarpunkta 149.900 kr.

júní – september

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

# Reykjanesskaginn leynir á sér

Ferðalangar velja sjaldan Reykjanesið sem fyrsta valkost þegar ferðast er um landið. Þangað er þó margt áhugavert og skemmtilegt að sækja eins og fallegar strendur, merkar minjar og söfn. Miklar vonir eru bundnar við nýstofnaðan Jarðvang á Suðurnesjum.



Svartsengi við Bláa lónið á Reykjanesi. MYND/ÚR EINKASAFNI

Það eru ótrúlega spennandi hlutir að gerast í ferðamálum á Suðurnesjum. Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja tók yfir rekstur Markaðsstofu Suðurnesja um áramótin og hefur nafni hennar verið breytt í Markaðsstofu Reykjaness. Búið er að ráða Þuríði Halldóru Aradóttur sem verkefnastjóra Markaðsstofunnar og lögð er áhersla á að auka samstarf fyrirtækja í ferðaþjónustu og við fyrirtæki á svæðinu í öðrum greinum atvinnulífsins," segir Þorsteinn Gunnarsson, upplýsinga- og þróunarfulltrúi Grindavíkurbæjar. Hann á jafnframt á sæti í nýrri stjórn Ferðamálasamtaka Suðurnesja en þar varð einnig uppstokkun fyrr í vetur. Það er því óhætt að segja að ferðaþjónustan á Suðurnesjum gangi í gegnum miklar breytingar þessi misserin.

Að sögn Þorsteins eru miklar vonir bundnar við ráðningu Þuríðar. Hún er með B.Sc. í ferðamálafræði og hefur lokið námi í markaðssamskiptum og almannatengslum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún var markaðs- og kynningarfulltrúi hjá Rangárþingi eystra og forstöðumaður Söguseturs Hvolsvallar auk þess sem hún sá um rekstur upplýsingamiðstöðva. Þuríður sat jafnframt í undirbúningshópi fyrir Kötlu Geopark project.

## Spennandi jarðvangur

„Það verkefni sem mér finnst mest spennandi á Reykjanesi um þessar mundir er nýstofnaður jarðvangur, Reykjanes Geopark, en þetta er sjálfseignarstofnun sem sveitarfélögin á Suðurnesjum höfðu forgöngu um að stofna. Þá hafa fulltrúar fræða- og atvinnulífs á svæðinu komið að verkefninu. Reykjanesjarðvangur hefur skilað inn umsókn um aðild að European Geoparks Network (EGN) og um leið UNESCO Global Geoparks Network. Umsóknin er yfirgripsmikil og tekur til margra ólíkra þátta, s.s. ferða-, umhverfis-, efnahags- og fræðslumála," segir Þorsteinn.



Þorsteinn Gunnarsson, upplýsinga- og þróunarfulltrúi Grindavíkurbæjar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Eftir miklu er því að slægjast með aðild að alþjóðlegum samtökum jarðvanga en hugmyndin á bak við samtökin er að koma á tengslum milli svæða með áhugaverðar jarðminjar, miðla upplýsingum og reynslu, leysa sameiginleg vandamál og koma svæðunum á framfæri.

Að sögn Þorsteins er aðalatriðið að ferðaþjónustan á Suðurnesjum vinni vel og markvisst saman til þess að ná betri árangri. „Á Suðurnesjum eru allar forsendur til þess að ferðaþjónustan blómstri í framtíðinni. Hér er alþjóðlegur flugvöllur og vinsælasti ferðamannastaður landsins, Bláa lónið. Jarðvangurinn er góð viðbót enda er náttúran hér stórbrotin með sínu mikla háhitasvæði með tilheyrandi hverum og gufustrókum, hraunbreiðum og heimsþekktum fuglabjörgum sem dýralífsunnendur mega alls ekki láta fram hjá sér fara," segir Þorsteinn.

Hann bendir á að á Suðurnesjum er mikil saga nánast við hvert fótmál. Þar eru miklar og fagrar strendur, ólgandi brim, gamlar kirkjur hver með sinn sjarma og sína gömlu sögu, gamlar minjar og sel. Ekki má gleyma söfnunum á Suðurnesjum sem spila stórt og geysilega veigamikið hlutverk í menningu Suðurnesjamanna, svo eitthvað sé nefnt.






Nú er hægt að kaupa sér leið inn í háloftaklúbbinn.

## Í háloftaklúbbinn fyrir rétta verðið

Sumir leggja mikið á sig til að komast í hinn alræmda háloftaklúbb eða mile-high club upp á engilsaxnesku. Slíkt getur verið áhættusamt enda ekki vel séð að pör séu að láta vel hvort að öðru í farþegarými eða inn á flugvélasalernum.

Nú hefur breskt fyrirtæki wish.co.uk fundið lausn fyrir þá sem þrá að komast í klúbbinn. Boðið er upp á sérstakar flugferðir í einkaflugvélum þar sem pör geta átt huggulega stund, dreypt á kampavíni, gætt sér á súkkulaði og dundað sér við að gera dodo. Þeir sem það kjósa geta beðið um silkirúmföt, rómantíska lýsingu og jafnvel rósarblöð sem dreift er um farþegarýmið.

Eins og allt annað í lífinu er þessi upplifun þó ekki gefins og kostar litlar 4.999 pund eða um 980 þúsund krónur. Ekki lítið verð fyrir einnar klukkustundar ánægju.

Nánari upplýsingar um þennan lúxusháloftaklúbb má finna á vefsíðunni wish.co.uk/mile-high-club.

## LUKTAHÁTÍÐ Í KÍNA



Ljósin skína skært á ljósahátíð í Kína. NORPDICPHOTOS/GETTY

**Fjöldi fólks** tók þátt í luktahátíð til að fagna lokum vorhátíðar þann 21. febrúar síðastliðinn í Rizhao í Kína. Kínverska nýárshátíðin hefst á gamlárskvöldi hins kínverska dagatals og daginn eftir hefst vorhátíðin á fyrsta degi fyrsta mánaðar tungldagatalsins. Þetta er sú hátíð sem er Kínverjum mikilvægust og er ríkust af hefðum, rétt eins og jólin fyrir flestum Vesturlandabúum. Á 15. degi fyrsta mánaðar tungldagatalsins lýkur vorhátíðinni og nefnist sá dagur Luktahátíðin.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## MÓTAÐ Í SAND

Listasafn Reykjavíkur býður upp á opna listsmiðju „Mótað í sand“ fyrir níu ára og eldri börn á morgun milli klukkan 14-16. Sýningin er í tengslum við sýningu Roberts Smithson, Rýnt í landslag. Frítt er fyrir börn undir 18 ára aldri og handhafa Menningarkortsins.


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Næg bílastæði ........ Engir stöðumælar
Glæsilegt !

Toppur með tvöföldum rennilás á 9.900 kr.
Pils á 9.900 kr.
Eyrnalokkar á 990 kr.
Full verslun af nýrri og fallegri vöru á „venjulegu“ verði.
black pepper FASHION
Kíkið á myndir og verð á facebook
Opið virka daga kl. 11 - 18
Opið laugardaga kl. 11-16
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin)
Sími 555 1516









# ÓÞOLANDI SKRÍMSLI

**VINSÆLASTUR** *Skemmtikrafturinn og fjölmiðlamaðurinn Björn Bragi Arnarsson var kosinn Sjónvarpsmaður ársins á Eddunni. En hver er maðurinn?*

Það er mikill misskilningur að ég sé á lausu því ég á kærustu. Hún heitir Hildur Vala og var með mér og fyrir sjónum landsmanna á Edduverðlaununum,“ segir Björn Bragi sem í vikunni lenti á lista DV yfir þrettán heitustu piparsveina landsins.

Björn Bragi var einnig í fréttum liðinnar viku þegar landsmenn kusu hann Sjónvarpsmann ársins á Eddunni.

„Það kom sannarlega á óvart og tilfinningin var góð en blandin geðshræringu. Ég hef lagt í vana minn að gera allt sem ég geri af vandvirkni, í einlægni og af virðingu fyrir viðfangsefninu, hvort sem það er í gríni eða alvöru. Edduverðlaunin sýna kannski að ég hef gert rétt.“

Björn Bragi segist ekki hafa farið varhluta af óánægjuröddum sem gagnrýna kosninguna á þeim forsendum að hann sé nær óþekktur í sjónvarpi.

„Það hefur með að gera að þátturinn er ekki í sjónvarpi allra landsmanna. Markhópur Týndu kynslóðarinnar er ungt fólk á öllum aldri og vitaskuld alveg jafn virðingarvert að sérhæfa sig í þeim hópi eins og hverjum öðrum,“ segir Björn Bragi, sem í kosningunni skaut Andra Frey Viðarssyni, Gísla Einarssyni, Jóhannesi Kr. Kristjánssyni og Sigmari Guðmundssyni ref fyrir rass.

„Allir eru þeir frábærir sjónvarpsmenn sem verðskulda lof fyrir einstaka umfjöllun um oft erfið málefni. Grín og gamanefni eru ekki síður vandasöm vinna og vegur alveg jafn þungt. Það getur nefnilega verið gott fyrir sálartetrið að hlæja svolítið eftir erfið mál.“

**BEKKJARTRÚÐUR OG KAMELLJÓN**

En hver er Björn Bragi Arnarsson? „Ég er Árbæingur, grínisti og mátulega mikill nörd. Ég hef yndi af því að vera í fjölmiðlum, koma víða við og fjalla um áhugavert fólk. Ég er líka passlega mikið kamelljón til að eiga auðvelt með

**FJÖLHÆFUR**
Björn Bragi er maður ekki einhamur. Hann hlaut tvívegis titilinn Ræðumaður Íslands í Morfís, ræðukeppni framhaldsskólanna, og var í sigurliði Versló í Gettu betur á menntaskólaárunum. Nú stýrir hann vikulegum sjónvarpsþætti ásamt því að koma fram sem uppistandari með Mið-Íslandi og vera veislustjóri í hjáverkum.
MYND/STEFÁN


■ FRAMHALD Á SÍÐU 2



Áríðandi tilkynning! D vítamín birgðir Íslendinga eru í lágmarki nú í skammdeginu
DLUX1000 er byltingarkennt D-vítamín í munnúðaformi
Tryggir hámarksnýtingu !
3 mánaða skammtur
Af hverju D Lux 1000?
BetterYou
- DLUX 1000 er olíublandað og tryggir því betri nýtingu.
- Vítamínið fer beint út í blóðrás í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn sem tryggir hraðari upptöku.
- Skammtakerfi sem skammtar 1000IU í hverjum úða.
- Í hverju glasi eru 100 úðar um 3ja mánaða skammtur.
- Hentar grænmetisætum
BetterYou Eins og náttúran hafði í hyggju
DLUX 1000
D vítamín til daglegra nota
Hentar öllum aldri
Náttúrulegt piparmyntubragð




Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Lifandi Markaður
www.gengurvel.is



**HAMINGJUSAMUR** Björn Bragi hefur jákvætt lífsviðhorf og segir lífið bæði skemmtilegt og fyndið.
MYND/STEFÁN

FRAMHALD AF FORSÍÐU

að aðlagast mismunandi aðstæðum.“

Í þakkarræðu á Eddunni þakkaði Björn Bragi meðal annars samstarfsmönnum fyrir að þola sig og foreldrum sínum fyrir að „skapa þetta skrímsli“.

„Sem krakki og unglingur var ég óþolandi skrímsli og held að mörgum af mínum gömlum kennurum komi á óvart að sjá mig taka við verðlaunum og að vel hafi ræst úr mér. Ég hafði taumlausa orku sem ég vissi ekki hvað ég átti að gera við en með árunum hef ég nýtt hana til góðs.“

Björn Bragi segist hafa verið uppátækjasamur eins og margir af kollegum hans í sama geira.

„Ég hef alltaf verið athyglissjúkur og bekkjartrúðurinn en þótti þó mátulega klár. Eftir á að hyggja er ég þakklátur þeim kennurum sem gáfust ekki upp á mér og leyfðu mér að vera dálítið fífl, vitandi að ég myndi þroskast. Ég hef sótt hvatningu í spakmælin sem segja að maður ráði ekki hvaða spil maður fær á hendi en að maður ráði hvernig maður spilar úr þeim. Þetta snýst um að finna sér réttan farveg.“

### HAMINGJUSAMUR

Björn Bragi segist fæddur inn í dásamlega fjölskyldu en hann er yngstur í systkinahópnum og á tvær eldri systur.

„Í stað þess að móta mig og stýra mér of mikið létu foreldrar mínir mig læra af reynslunni, brenna mig á hlutunum og detta á rassinn. Því var ekki hlaupið upp til handa og fóta þótt ég væri með fíflagang heldur mér leyft að njóta mín í honum líka. Ég hef alltaf átt stuðning þeirra í öllu og þau verið skilningsrík. Ég vona að þau séu stolt af mér því ég hefði ekki getað óskað mér betri foreldra,“ segir Björn Bragi og kveðst hamingjusamur.

„Ég sé lífið í jákvæðu og fallegu ljósi og finnst lífið bæði fyndið og skemmtilegt. Ég elska að vera til.“

### NÝTUR AUGNABLIKSINS

Björn Bragi verður þrítugur að ári. Hann er með gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík en ílengdist í fjölmiðlum eftir að hann réði sig í vinnu sem blaðamaður eftir útskrift úr Versló.

„Ég finn mig vel í fjölmiðlum því ég hef gaman af fólki. Starf sjónvarpsmannsins er óhefðbundið og þar er maður laus ari við. Það hentar mér vel því mér finnst gott að vera minn eigin herra,“ segir Björn Bragi sem ætlar ekki að láta verðlaunin stíga sér til höfuðs.

„Ég ætla fyrst og fremst að njóta augnabliksins. Í framtíðinni vil ég klárlega þróa mig áfram sem sjónvarpsmann og þótt ég sinni nú gamanmálum og uppistandi hef ég líka ánægju af alvarlegra efni og vil spreyta mig á sem flestu.“

Eins og margt í lífi Björns Braga slysaðist hann í uppistand þegar vinir hans í Mið-Íslandi fengu hann sem kynni eitt kvöld.

„Uppistand liggur vel fyrir mér og ég hef gaman af beittum og kaldhæðnum húmor. Ef manni sjálfum finnst eitthvað fyndið smitar það út frá sér til áhorfenda og ég hef enn ekki orðið kjaftstopp.“

### RÓMANTÍSKUR KÆRASTI

Þá sjaldan að Björn Bragi á frídag finnst honum best að slaka á heima yfir leik með Tottenham í enska boltanum eða að reima á sig hlaupaskóna.

„Allra skemmtilegast finnst mér að slaka á eftir langa vinnutörn, staldra við og njóta. Margir teldu þá að ég ynni of mikið og væri hvíldarþurfi en svo er ekki. Auðvitað er maður ekki alltaf vel upplagður en ég get alltaf gírað mig upp í það,“ segir Björn Bragi og brosir.

Konudagurinn er á morgun.

„Ég er rómantískur og hugsa vel um kærustuna. Ég reyni að gera tíma okkar saman sérstakari en ella vegna þess að ég er svo oft önnum kafinn. Ég gaf henni fallegar rósir og jakka á Valentínusardaginn en hef ekki úthugsað útspil mitt á morgun. Kannski að tími sé kominn á nýjar rósir.“

thordis@365.is

### PRAKKARI

„Ég hef alltaf verið athyglissjúkur og bekkjartrúðurinn en þótti þó mátulega klár. Eftir á að hyggja er ég þakklátur þeim kennurum sem gáfust ekki upp á mér og leyfðu mér að vera dálítið fífl, vitandi að ég myndi þroskast.“



Crispy aromatic-önd borin fram með pönnukökum, agúrku og vorlauk ásamt sérlagaðri Pekingandarsósu og ristuðum hrísgrjónum.

# NÝJUNGAR Á NINGS

*__Nings kynnir__ Nings tekur þátt í verkefninu Út að borða fyrir börnin sem Barnaheill stendur fyrir. Í tilefni af því lætur Nings 50 prósent af barnamatseðli renna til átaksins. Mikið er að gerast hjá Nings. Nýrri heimasíðu var hleypt af stokkunum nýverið og nýjum matseðli. Að auki hafa tveir af veitingastöðum Nings fengið andlitslyftingu.*

Veitingastaðurinn Nings hefur í 22 ár kitlað bragðlauka Íslendinga. Alla tíð hefur Nings staðið vörð um gæði, góða þjónustu og ferskt hráefni.

Staðirnir eru þrír, á Suðurlandsbraut, í Hlíðarsmára og á Stórhöfða. Auk þess rekur Nings veisluþjónustu þar sem framleitt er ferskt sushi og ýmsir sælkeraréttir alla daga fyrir veislur af öllum stærðum og gerðum.

Nings tekur þátt í verkefninu „Út að borða fyrir börnin“ sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi stendur fyrir. Í tilefni af því er veittur fimmtíu prósenta afsláttur af barnamatseðli Nings til 15. mars. Á barnamatseðlinum eru ljúffengir og heilsusamlegir réttir og má þar nefna eggjanúðlur, kjúklingaleggi, tröllagrjón og djúpsteiktan fisk.

Nýverið var opnuð ný heimasíða Nings á www.nings.is. Þar má nálgast allar helstu upplýsingar um staðinn, matseðilinn og ýmsa rétti. Auk þess er boðið upp á bráðskemmtileg myndbönd af stofnanda staðarins, herra Ning, að matreiða hina ýmsu rétti af matseðli Nings.

Veitingasalir Nings hafa einnig gengið í endurnýjun lífdaga. Staðurinn á Suðurlandsbraut var tekinn í gegn fyrir ári en nýlega var klárað að standsetja Nings í Hlíðarsmára og geta gestir nú notið matarins í glænýju rými.

Enn ein nýjungin hjá Nings er nýr og endurbættur matseðill. Fjölmargir réttir hafa bæst við þá yfir hundrað rétti sem fyrir voru. Nú fylgja hverjum rétti á matseðli upplýsingar um orku-, prótín-, kolvetni- og fituinnihald. Einkar hentugt fyrir þá sem vilja fylgjast með því sem þeir setja ofan í sig.

## MEÐAL NÝRRA RÉTTA Á MATSEÐLI ERU:

**Grilluð kjúklingabringa með brokkólíi, chili, hvítlauk, engifer og yakitori-sósu. Tailensk kjúklingasúpa með grænmeti, kókos, chili, lime og fersku kóríander. Orange-önd, hægelduð andalæri með appelsínusósu borið fram með grænmeti og engiferristuðum hrísgrjónum. Crispy aromatic-kjúklingur borinn fram með chili-satay-sósu, plómu-hoisin-sósu og steiktum hrísgrjónum. Snöggsteiktur lambainnanlærisvöðvi og grænmeti í sterkri drekasósu. Bleikja á japanska vísu með hvítlaukshrísgrjónum og sesam.**

***Allir velkomnir á Nings sem lætur 50 prósent af barnamatseðli renna til Barnaheilla.***

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

**Frestur til**
**að senda tilnefningar**
**er til miðnættis þann**
**14. mars**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2013

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt.
Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.
**Verðlaunafé 1,2 milljónir.**

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.
Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ







# DREGUR ÚR HÁRÆÐA-SLITI OG RÓSROÐA

**ICEPHARMA KYNNIR** *Kremin frá Skin Doctors eru þróuð til að vinna á algengum húðvandamálum. Nýtt krem, Capillary Clear, vinnur á rósroða og háræðasliti.*

Capillary Clear er sérhannað krem fyrir þá sem þjást af háræðasliti eða rósroða í andliti. Kremið inniheldur virkt jurtasamband sem rannsóknir sýna að draga stórlega úr mislitum blettum á húð á fjórum vikum. Kremið inniheldur einnig virka rakagjafa sem sjá til þess að húðin helst mjúk og falleg.

Háræðaslit og rósroði í andliti er hvimleitt vandamál og engin varanleg lausn til. Háræðaslit kemur oftast fram vegna erfða og lélegrar blóðrásar og verður sýnilegra með tímanum. Einkenni geta versnað við hitabreytingar, sólarljós, kryddaðan mat, áfengi og heita drykki. Rósroði kemur oftast fram á kinnum, höku, nefi og enni og er þekkt vandamál þar sem háræðaslit er til staðar. Capillary Clear er himnasending fyrir þá sem þjást af þessum vandamálum.

Skin Doctors-húðvörurnar eru þróaðar af lýtalæknum sem settu fyrirtækið á laggirnar til að svara eftirspurn eftir skilvirkari lausnum í húðumhirðu, án skurðaðgerða. Húðvörulína Skin Doctors samanstendur af tólf húðvörum sem ætlaðar eru andliti og líkama.

Með sanni má segja að húðvörur Skin Doctors brúi bil á milli hefðbundinna húðvara og lýtaaðgerða. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á marktækan árangur, enda er húðvörulína Skin Doctors sérhönnuð til að leysa ákveðin húðvandamál. Allir finna sína sérhæfðu lausn hjá Skin Doctors.

Hvert og eitt krem inniheldur virkt efni sem þjónar sérhæfðum tilgangi. Öll efni eru vísindalega prófuð og hafa sýnt fram á árangur hvert fyrir sig.

Skin Doctors býður fyrsta flokks lausnir þegar kemur að endurnýjun húðar ásamt því að veita húðinni yngra og ferskara útlit.

Skin Doctors-vörurnar fást meðal annars í Lyfjum & heilsu í Kringlunni, snyrtivörudeildum Hagkaupa, Fríhöfn og Lyfju, Lágmúla, Laugavegi, Smáratorgi og Smáralind.



**SKIN DOCTOR** Niðurstöður rannsókna sýna marktækan árangur þegar notuð eru krem frá Skin Doctor.

## STAÐREYNDIR UM SKIN DOCTORS

- HENTA ÖLLUM HÚÐGERÐUM
- ÞRÓAÐAR AF VIRTU LYFJAFYRIRTÆKI Í SAMVINNU VIÐ LÝTALÆKNA
- SPORNA GEGN NÁTTÚRULEGU HRÖRNUNARFERLI
- ENDURNÝJA HÚÐ OG GEFA FALLEGRI ÁFERÐ
- HJÁLPA TIL VIÐ AÐ JAFNA ÚT HÚÐ Á ERFIÐUM SVÆÐUM



**FALLEGRI HÚÐ** Skin Doctor-kremin henta öllum húðgerðum.




**NÝJUNG** Capillary Clear er nýtt krem frá Skin Doctors.

# HOLLUR KJÚKLINGUR MEÐ KÚSKÚS

Bragðmikill kjúklingur með kúskús sem er létt og einfalt að gera. Ágætis laugardagsmatur sem er aðeins 519 kaloríur hver skammtur svo hann hentar vel þeim sem vilja halda í við sig. Uppskriftin miðast við fjóra.

**ÞAÐ SEM ÞARF:**

Kjúklingabringur eða heill kjúklingur hlutaður niður
1 msk. sterkt karrímauk (paste)
1 msk. mango chutney
1 msk. túrmerik
50 ml ólífuolía
300 g kúskús
Smjör (rúmlega matskeið)
Ferskt kóríander
Hrein jógúrt
Paprikuduft

Setjið karrímauk, mango chutney, túrmerik og ólífuolíu í stóra skál og hrærið vel saman. Skerið kjúklinginn niður og setjið í blönduna. Látið standa í að minnsta kosti tíu mínútur.

Grillið kjúklingabita á grillpönnu í 10-12 mínútur. Setjið síðan smástund í heitan ofn ef um stærri stykki er að ræða og eldið áfram þar til kjötið er fullsteikt. Einnig má gera þetta á útigrilli.

Á meðan kjúklingurinn er að eldast er kúskúsið sett í skál ásamt soðnu vatni eftir leiðbeiningum á pakkanum. Kúskúsið er tilbúið þegar ekkert vatn er eftir. Takið þá gaffal og hrærið. Setjið smjörklípu og kóríander og hrærið saman. Setjið kúskús á disk, kjúklinginn ofan á og berið fram með hreinni jógúrt sem hefur verið bragðbætt með paprikudufti.





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Bifröst er háskóli á sviði félags- og hugvísinda, sem menntar samfélagslega ábyrga leiðtoga. Framtíðarsýn skólans er að verða leiðandi í námsframboði og kennsluháttum sem mótast af áherslum hans á samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Við skólann er kennt á þremur sviðum á háskólastigi, viðskiptasviði, lögfræðisviði og félagsvísindasviði. Jafnframt býður skólinn upp á aðfaranám á framhaldsskólastigi, Háskólagátt. Skólinn hefur aðsetur í háskólaþorpinu á Bifröst í Borgarfirði.

# Rektor Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst auglýsir lausa til umsóknar stöðu háskólarektors. Við leitum að öflugum leiðtoga með sterka framtíðarsýn sem getur þróað háskólann áfram í bæði innlendu og erlendu umhverfi háskólastofnana.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri háskólans
- Leiða starfsemi, uppbyggingu og framtíðarsýn háskólasamfélagsins í takt við stefnu skólans
- Ábyrgð á að starfstilhögun öll sé í samræmi við hlutverk, markmið og gæðakröfur
- Leiðtogi háskólans og samfélagsins alls á Bifröst

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi eða hafa prófessors- eða dósentshæfi að mati dómnefndar um hæfi háskólakennara skv. 18. gr. laga nr. 63/2006 á einhverju fræðasviða háskólans
- Umtalsverð reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking á háskólaumhverfi
- Færni til að fá fólk til samstarfs og samvinnu

Ráðið verður í stöðuna frá 1. júlí nk. til fjögurra ára í senn. Húsnæði í boði á háskólasvæðinu. Valnefnd mun meta umsóknir og skila tillögum til stjórnar. Upplýsingar um valnefnd er að finna á www.bifröst.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

## Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk.**

Umsóknir óskast sendar á netfangið thorir@hagvangur.is eða á skrifstofu Hagvangs Skógarhlíð 12, 108 Reykjavík ásamt fylgigögnum merktar „Háskólinn á Bifröst Rektor“.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Viðhaldsstjóri á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða viðhaldsstjóra.

### Starfssvið

- Rekstur véla og tækja
- Viðhald og viðgerðir véla og alls tækjabúnaðar
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Innkaup varahluta og tækjabúnaðar
- Tækniþróun

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Nám í vélvirkjun, vélfræði, vélgæslu eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Þekking á tölvustýrðum iðnvélum
- Þekking á vélbúnaði, rafbúnaði, vökvakerfum, loftþrýstikerfum sem og öðrum búnaði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í starfi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni

## Upplýsingar veita:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Vitum við af þér?

**Það er þinn hagur að fylla út almenna umsókn á vefsíðunni okkar, www.hagvangur.is.**

Þannig getum við komið þér á framfæri við viðskiptavini sem kjósa að auglýsa ekki laus störf. Við erum stöðugt að leita að góðu fólki til spennandi starfa hjá traustum fyrirtækjum.

Starfsfólk Hagvangs leggur sig fram við að samþætta hag einstaklinga og velgengni fyrirtækja og það er því engin tilviljun að Hagvangur er nú eitt öflugasta ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki á íslenskum vinnumarkaði.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Capacent Ráðningar

# SKÓLASTJÓRI

HVERAGERÐISBÆR

Grunnskólinn í Hveragerði þjónar nemendum frá 1.-10. bekk og eru nemendur um 330. Starfsmenn eru metnaðarfullir og vinna eftir einkunnarorðum skólans sem eru: viska – virðing – vinátta. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á nýtingu nánasta umhverfis við kennslu. Í þeim tilgangi er starfrækt útikennslustofa og umhverfismál eru í hávegum höfð. Tónlistarkennsla er á skólatíma á vegum Tónlistarskóla Árnessýslu. Við skólann er rekinn frístundaskóli ásamt félagsmiðstöð. Öflugt íþróttastarf er í Hveragerði og nýtt íþróttahús gefur mikla möguleika til frekari uppbyggingar þess.

**Hveragerðisbær óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskólann í Hveragerði. Við leitum að leiðtoga með góða færni í mannlegum samskiptum, menntun og reynslu sem nýst getur til að leiða þróttmikinn skóla til árangurs með það að markmiði að börnum og ungmennum í Hveragerði verði búin eins góð skilyrði og mögulegt er.**

**Starfssvið:**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar- eða uppeldis- og menntunarfræða skilyrði
- Reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum skilyrði
- Farsæl reynsla af grunnskólastarfi
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Skipulagshæfileikar og leiðtogahæfni
- Mikill metnaður til að ná árangri í starfi

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Staðan er laus frá 1. ágúst 2013, en æskilegt er að viðkomandi geti byrjað fyrr.

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# TÆKNIMAÐUR

HLAÐBÆR COLAS

Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og útlögn malbiks auk framleiðslu bikbindiefna til vegagerðar. Það er í eigu Colas Danmark A/S og er hluti af Colas SA í Frakklandi, alþjóðlegrar verktakasamsteypu með starfsemi í 45 löndum í fimm heimsálfum sem er sú stærsta á sínu sviði í heiminum í dag. Sjá nánar á www.colas.is.

**Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas óskar eftir að ráða tæknimann til starfa sem fyrst. Um 20 fastir starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu en yfir sumartímann fjölgar starfsfólki verulega og eru þá milli 40-50.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Eftirlit, mælingar, uppgjör og eftirfylgni verka
- Innleiðing nýrrar tækni
- Þátttaka í mótun nýrra verkefna á sviðinu
- Öflun nýrra verkefna, tilboðsgerð
- Skýrslugerð og upplýsingavinnsla fyrir framkvæmdastjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af vegagerð mikill kostur
- Framúrskarandi hæfni til að vinna í hóp sem og sjálfstætt
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði á töluðu og rituðu máli
- Góð kunnátta í dönsku er kostur
- Mjög gott vald á Excel við ýmiskonar greiningarvinnu
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# UMHVERFISFULLTRÚI

HVERAGERÐISBÆR

Í Hveragerði búa um 2300 íbúar. Bæjarfélagið býður upp á kyrrð og náttúrufegurð en möguleikar til fjölbreyttrar útivistar eru óvíða meiri. Í Hveragerði er blómlegt íþrótta- og tómstundastarf fyrir alla aldurshópa auk þess sem bærinn státar af öflugu skólastarfi. Í Hveragerði er öll þjónusta til staðar og stutt að sækja höfuðborgarsvæðið heim. Bæjaryfirvöld hafa sett sér metnaðarfulla stefnu um uppbyggingu fjölskylduvæns ferðamanna- og heilsubæjar.

**Auglýst er eftir starfsmanni í stöðu umhverfisfulltrúa Hveragerðisbæjar. Umhverfisfulltrúi er einn af stjórnendum bæjarins og heyrir beint undir bæjarstjóra í skipuriti Hveragerðisbæjar.**

Hlutverk umhverfisfulltrúa er að veita faglega forystu á sínu sérsviði, hafa frumkvæði að úrbótum, nýjungum og þróun á sviði umhverfismála ásamt því að hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka.

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á útliti og ásýnd bæjarins
- Umsjón með nýframkvæmdum og viðhaldi á sviði gatnagerðar, grænna svæða og stjórnun umhverfismála
- Eftirlit með aðkeyptum verklegum framkvæmdum á umhverfissviði
- Yfirumsjón með sýningum og viðburðum á sviði garðyrkju- og umhverfismála
- Umsjón með endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og starfsemi gámasvæðis
- Gerð fjárhags-, verk- og framkvæmdaáætlana
- Undirbúningur og umsjón með útboðum og mat á tilboðum
- Yfirumsjón með rekstri og þróun starfsemi áhaldahúss
- Umsjón með Vinnuskóla Hveragerðisbæjar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð viðeigandi menntun og/eða víðtæk reynsla og þekking á umhverfismálum
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Leiðtogahæfni og staðfesta
- Samskiptahæfni og geta til að vinna í samhentum hópi
- Gott tölvulæsi skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Skipulag í vinnubrögðum og útsjónarsemi
- Rík þjónustulund og vilji til verka

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# MANNVIRKJASTJÓRI

FJARÐABYGGÐ

**Fjarðabyggð óskar eftir að ráða mannvirkjastjóra. Mannvirkjastjóri er sviðsstjóri framkvæmdasviðs og heyrir undir bæjarstjóra.**

**Starfssvið:**

- Dagleg stjórnun framkvæmdasviðs
- Yfirumsjón með skipulags-, umhverfis- og byggingarmálum sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með rekstri mannvirkja og veitustarfsemi
- Yfirumsjón með verklegum framkvæmdum, nýbyggingum og viðhaldsverkefnum á vegum Fjarðabyggðar
- Yfirumsjón með rekstri þjónustu- og tækjamiðstöðvar
- Yfirmaður slökkviliðs Fjarðabyggðar
- Starfsmaður eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar
- Frumkvæðishlutverk í stefnumörkun sviðsins er snýr að mannvirkjagerð, umhverfismálum, viðhaldi og rekstri mannvirkja á vegum Fjarðabyggðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í verk- og/eða tæknifræði eða sambærileg menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Rík stjórnunarhæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun
- Reynsla af breytingarstjórnun
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga er kostur

Launakjör eru samkvæmt launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Í Fjarðabyggð hefur verið og er mikil uppbygging bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.600 í sex byggðakjörnum. Sjá nánar á www.fjardabyggd.is

Umsjón með ráðningu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent






# Leitum að framúrskarandi þjónustufulltrúum

Starfsfólk í nýrri þjónustudeild Smáralindar veitir viðskiptavinum og verslunum framúrskarandi þjónustu, hugar að snyrtilegu umhverfi og öryggi í húsinu. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi. **Unnið er á vöktum allan sólarhringinn. Í boði er bæði fullt starf og hlutastarf.**

**Hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að vinna vel undir óvæntu álagi
- Gott líkamlegt ástand, almenn reglusemi og heiðarleiki
- Stundvísi og rík ábyrgðartilfinning
- 20 ára lágmarksaldur og reykleysi

**Menntun og aðrar kröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku, bæði í ræðu og riti
- Almennur skilningur og tjáning á ensku, fleiri tungumál eru kostur.
- Hreint sakarvottorð
- Reynsla eða þekking á öryggismálum er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.**

Umsóknir óskast merktar „Þjónustufulltrúi" og sendist á netfangið gudbjorg@smaralind.is, skilist á skrifstofu á 3. hæð eða sendist í pósti. Með umsókn skal fylgja ferilskrá með mynd og formlegt umsóknarbréf.

Fullum trúnaði er heitið. Öllum umsóknum verður svarað. Smáralind leggur áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir:
Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir
gudbjorg@smaralind.is
512 8914

Smáralind

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunarfræðingar

Ákveðið er að opna nýja bráðalyflækningadeild á A-2 í Fossvogi þann 2. apríl n.k. Leitað er að áhugasömum hjúkrunarfræðingum til að taka þátt í að byggja upp og starfa á nýrri deild.

Hugmyndafræði deildarinnar er að erlendri fyrirmynd þar sem áhersla er lögð á skilvirkt verklag við innlögn. Á deildinni verður þverfagleg teymisvinna og unnið verður að eftirliti og meðferð bráðveikra sjúklinga í samræmi við klínískar leiðbeiningar, með öryggi þeirra að leiðarljósi.

Deildin verður 15 rúma sólarhringsdeild ætluð sjúklingum með bráð lyflæknisvandamál. Þar verða lagðir inn sjúklingar samkvæmt ákveðnum skilmerkjum sem geta útskrifast innan 72 klst.

Um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði. Einnig óskum við eftir hjúkrunarfræðingum á fastar næturvaktir.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- » Að vera virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu á nýrri deild
- » Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð
- » Skrá hjúkrun í samræmi við reglur LSH
- » Fylgjast með nýjungum í hjúkrun
- » Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu

## Hæfnikröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samskiptahæfileikar
- » Faglegur metnaður

## Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 16.03.2013

Starfshlutfall er 40 - 100%

Upplýsingar veita María Vigdís Sverrisdóttir deildarstjóri, mariav@landspitali.is, sími: 824 5991 og Þórgunnur Hjaltadóttir mannauðsráðgjafi, torghjal@landspitali.is, sími: 825 5136

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun




# RAFVÉLAVIRKI EÐA RAFVIRKI

Eimskip óskar eftir að ráða rafvélavirkja eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga frá kl. 07:00–24:00. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

FÍTON / SÍA

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum (nýlögnum og viðhaldi) er nauðsynleg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson verkstjóri á rafmagnsverkstæði, sími 525 7181 eða 825 7181, netfang arp@eimskip.is

Umsjón með ráðningunni hefur Guðni Sigurmundsson, sími 525 7162, netfang gts@eimskip.is

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar **www.eimskip.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2013.** Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki sem veitir alhliða flutningaþjónustu, byggða á áreiðanlegu og skilvirku framleiðslukerfi á Norður-Atlantshafi og alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun, með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi.

Eimskip skapar tækifæri fyrir starfsmenn til að dafna og vaxa í starfi í góðu og heilbrigðu starfsumhverfi með grunngildi félagsins að leiðarljósi: Árangur – Samstarf – Traust.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

# Framkvæmdastjóri

**Verslunarfyrirtæki á neytenda- og fyrirtækjamarkaði leitar að öflugum einstaklingi til að leiða stórsölusvið (B2B) fyrirtækisins.**

**Starfssvið**

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsmönnum stórsölusviðs
- Stefnumótun og framkvæmd stefnu
- Árangursmælingar og sölugreiningar
- Gerð rammasamninga, tilboða og umsjón með umboðssölu
- Uppsetning og umsjón með viðskiptamannakerfi
- Ábyrgð á vefverslun

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála er æskileg
- Víðtæk reynsla af sölustjórnun er skilyrði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil reynsla og hæfni í samningatækni
- Skipulagshæfni og drifkraftur
- Leiðtogahæfileikar

*Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

# Byggingaverkfræðingur

**Vegna aukinna verkefna á sviði vega- og gatnahönnunar óskar verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu að ráða fleiri verkfræðinga til starfa. Mörg verkefni eru fyrirliggjandi og eru þau unnin á Íslandi en viðskiptavinir og verkefni stofunnar eru í Noregi.**

**Starfssvið**

- Verkefni í vega- og gatnahönnun
- Vinna við landlíkön og þrívíddarlíkön
- Ýmis brúar- og burðarþolsverkefni tengd vega-, gatna- og járnbrautargerð

**Hæfniskröfur**

- Byggingaverkfræði (M.Sc.)
- Þjálfun í Autocad er skilyrði og þekking á Novapoint er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði, nákvæmni og geta til að vinna undir álagi
- Reynsla af starfi í Noregi er kostur

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

# Forstöðumaður eignastýringar

*Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og mökum látinna sjóðfélaga fjölskyldulífeyri. Sjóðurinn er deildaskiptur; samtryggingadeild og séreignadeild. Samtrygging sjóðfélaga um örorku- og fjölskyldulífeyri tryggir sjóðfélögum og mökum þeirra lífeyri við óvænt áföll.*

*Á skrifstofu sjóðsins starfa 16 starfsmenn auk framkvæmdastjóra.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans **www.lifeyrir.is***

Sameinaði lífeyrissjóðurinn óskar eftir að ráða forstöðumann eignastýringar. Leitað er að talnaglöggum og ábyrgum einstaklingi í þetta mikilvæga starf.

**Helstu verkefni**

- Stýring eignasafna
- Þátttaka í mótun fjárfestingarstefnu
- Gerð fjárfestingaáætlana
- Greining fjárfestingakosta og fjárfestinga
- Greining á hagstærðum og þróun markaða
- Undirbúningur og tillögugerð fyrir stjórn um fjárfestingakosti
- Samskipti við innlend og erlend verðbréfafyrirtæki og aðila á fjármálamarkaði
- Árangursmat safnastýringa fjárvörsluaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Fjármálamenntun á háskólastigi (BS/MS) ásamt prófi í verðbréfaviðskiptum
- Umtalsverð reynsla af eignastýringu, tölfræðiúrvinnslu og greiningu fjárfestingakosta
- Árangursrík reynsla af ábyrgðarstörfum á fjármálamarkaði
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Gott vald á íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsmanna. Umsækjandi þarf að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

**RÁÐGJÖF**
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ráða mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
*Síðumúla 5*
*108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*

## Vélskömmtun lyfja

Lyfjaver ehf óskar eftir að ráða starfsmann til framtíðarstarfa við vélskömmtun lyfja. Viðkomandi þarf að vera heilsuhraustur, snyrtilegur, reglusamur, nákvæmur og samviskusamur og hafa hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi hafi náð a.m.k. 25 ára aldri.
Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið alli@lyfjaver.is fyrir 1. mars n.k.

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100

## Bjarmi

**Á ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði eru tvær lausar stöður leikskólakennara frá 8. ágúst 2013. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2013.**

Okkur vantar hugmyndaríka og skapandi einstaklinga, sem líta lífið björtum augum og líta á áskoranir sem tækifæri til að þroskast.
Á Bjarma er unnið með fljótandi námskrá og dagskipulag, stöðvavinnu, teymisvinnu, dreifða ábyrgð og forystu.
Hægt er að sækja um starfið á netfangið bjargir@gmail.com eða á heimasíðu skólans www.leikskolinn.is/bjarmi
**Nánari upplýsingar veitir Svava í síma 512 3330 og 695 3089**

LINDIN
BÍLAÞVOTTASTÖÐ

**Bílaþvottastöðin Lindin Bæjarlind 2 óskar eftir starfsmanni í fullt starf.**
Um er að ræða starf við bílaþvottastöð og bónstöð.
Viðkomandi þarf að vera harðduglegur, stundvís, heiðarlegur, vandvirkur og með mikla þjónustulund.
Krafist er hreins sakavottorðs og reglumennsku.
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bílpróf.
Umsókn og ferilskrá sendist á robertmar@simnet.is.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Verka- og vélamaður í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarbæjar

Umhverfi og framkvæmdir hjá Hafnarfjarðarbæ óska eftir að ráða starfsmann til starfa frá og með 1. maí n.k. Starfsmaðurinn skal hafa meirapróf og grunnnámskeið vinnuvéla (stóra námskeiðið), einnig að hafa reynslu af tækjavinnu og almennum verkamannastörfum. Hluti af verksviði starfsmannsins er þátttaka í bakvaktarkerfi bæjarins.

Starfslýsingu fyrir starfið má finna á heimasíðu bæjarins undir Auglýsingar/ Verka- og vélamaður í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarbæjar.
Launakjör og taxtar eru samkvæmt kjarasamningi við Hafnarfjarðarbæ.

**Umsóknarfrestur um starfið er til 20. mars n.k.**
Nánari upplýsingar um starfið gefur Björn Bögeskov Hilmarsson yfirmaður Þjónustumiðstöðvar í síma 585-5670 eða í gegnum netfangið boddi@hafnarfjordur.is

Rio Tinto Alcan



# Sumarstörf í Straumsvík

**Við leitum að fólki í sumarstörf á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.**

### Starfsmenn óskast á eftirtalda vinnustaði:

**Ker- og steypuskáli.** Aðallega er unnið á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Skautsmiðja.** Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Hafnarvinna.** Unnið er í dagvinnu og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði og standast lyftarapróf, hafi þeir ekki réttindi.

**Mötuneyti.** Meðal annars er leitað eftir matreiðslumanni.

**Öryggisvarsla.** Unnið er á þrískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að skila inn hreinu sakavottorði.

**Birgðahald og innkaup.** Unnið er í dagvinnu.

**Rannsóknarstofa.** Unnið er á tvískiptum vöktum.

**Efnisvinnsla.** Unnið er á tvískiptum vöktum og þurfa starfsmenn að standast lyftarapróf áður en starf hefst, hafi þeir ekki réttindi.

**Iðnaðarmenn.** Óskað er eftir iðnaðarmönnum í dagvinnu á verkstæðum. Starfsmenn þurfa að hafa iðnréttindi og sérstök athygli er vakin á því að iðnnemar koma jafnframt til greina.

**Ýmsir aðrir vinnustaðir.**
Á flestum vinnustöðum ISAL er bæði dagvinna og vaktavinna í boði.

**Allt nýtt starfsfólk:**

» Þarf að vera orðið 18 ára eða verða það á árinu.

» Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf áður en það hefur störf.

Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og er markviss þjálfun í upphafi starfstíma.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu okkar riotintoalcan.is þar sem jafnframt eru nánari upplýsingar.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars.**

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
**www.riotintoalcan.is**

LÖGMENN | LÆKJARGÖTU

Lögmenn Lækjargötu ehf. | Lækjargötu 2 | 101 Reykjavík
Sími 512 1220 | www.laekjargata.is



# Lögfræðingur

Lögmenn Lækjargötu óska eftir lögfræðingi til starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Fullnaðarpróf í lögfræði.
- Framhaldsnám á sviði lögfræði og lögmannsréttindi eru kostur.
- Reynsla af lögfræðistörfum sem tengjast fjármálamörkuðum er einnig kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi.

Umsóknir skal senda á netfangið:
**logmenn@laekjargata.is.**
Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2013.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Lögmenn Lækjargötu bjóða upp á trausta, alhliða lögfræðiþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

**Eigendur lögmannsstofunnar eru:**
Birgir Tjörvi Pétursson hdl., Guðmundur H. Pétursson hdl., Ingvi Hrafn Óskarsson hdl., Reimar Pétursson hrl. og Sigurður Kári Kristjánsson hdl.

MÖRK

HJÚKRUNARHEIMILI

## Mörk, hjúkrunarheimili óskar eftir lækni í 20-40% starf

Nánari upplýsingar gefur Helga Hansdóttir helga.hansdottir@morkin.is eða í síma 560-1702

---

## Matreiðslumaður - Matsveinn – Matartæknir

**Hjúkrunarheimilið Eir óskar eftir starfsmanni í sumarafleysingar tímabilið frá 1. maí - 31. ágúst 2013.**

- Unnið er virka daga og aðra hverja helgi.
- Starfsmaður þarf að geta unnið sjálfstætt.
- Skila þarf umsóknum inn fyrir 4. mars n.k. og sendist á netfangið: eldhus@eir.is og eða á skrifstofu Eirar.

**Eir hjúkrunarheimili – Eldhús Hlíðarhúsum 7**
**112 Reykjavík S: 522 5700**

---




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 63188 02/13

## VERKEFNASTJÓRI GÆÐAMÁLA

IGS ehf. leitar að öflugum og jákvæðum einstaklingi í starf verkefnastjóra gæðamála

**STARFSSVIÐ VERKEFNASTJ. GÆÐAMÁLA ER M.A.**

- Innleiðing ISO14001 gæðastaðals, rekstur og þróun gæðastjórnunarkerfa fyrirtækisins í samráði við forstöðumann gæðamála
- Skipuleggur vinnu gæðahópa, fylgir eftir starfi þeirra og tekur þátt í því eftir atvikum
- Skjalfestir nýja verkferla innan fyrirtækisins í samráði við stjórnendur
- Skipuleggur og framkvæmir innri úttektir í samráði við ábyrgðaraðila
- Heldur utan um ábendingarkerfi fyrirtækisins

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á gæðamálum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi og heiðarleiki

\+ **Umsókn sendist rafrænt til svala@igs.is eða orne@igs.is**
**Umsóknir berist ekki síðar en 4. mars 2013**

IGS GROUND SERVICES

---




AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK / LSRETAIL / 0213

# Þetta er allt í þínum höndum

Við leitum að skapandi einstaklingi í Mobile teymi LS Retail, þar sem fjölmörg spennandi verkefni eru framundan!

**Helstu verkefni:**
Hönnun og forritun á Mobile lausnum LS Retail sem tengjast snjallsímum, handtölvum, vefþjónustum og veflausnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám. Reynsla af hugbúnaðarþróun í Microsoft .NET eða Java er skilyrði. Reynsla af hugbúnaðarþróun fyrir Android, iOS og Windows Phone er kostur en ekki skilyrði. Sköpunargleði, hugmyndaauðgi og góð enskukunnátta. Góðir samskiptahæfileikar og skipulögð vinnubrögð. Reynsla af Agile aðferðafræði er kostur.

intellecta

Upplýsingar um störfin veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Helga Rún Runólfsdóttir (helga@intellecta.is), ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

LS RETAIL

Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu. Verslunarhugbúnaður okkar er seldur í samstarfi við 140 vottuð fyrirtæki í meira en 60 löndum. Um 2.200 fyrirtæki nota hugbúnað LS Retail á 100.000 afgreiðslukössum í alls 42.000 verslunum. Meðal ánægðra viðskiptavina LS Retail eru: adidas, Fríhöfnin, ÁTVR, Nova, Apple Íslandi, Laugar, Ilva, Melabúðin, Dublin Airport Authority (DAA), Rivoli Group, aswaaq, Pizza Hut, IKEA, Hard Rock Café Þýskalandi, Bodycare International, Eu Yan Sang, Sony Co. (Hong Kong), Wind (Telecom) Ítalíu, Topps Tiles, DIAL (Delhi International Airport Limited) og Kingdom of Dreams.

# Brand Assurance Representative / Designer

LazyTown Entertainment is a Turner EMEA and Time Warner company with business operations all over the world. We are currently seeking a Brand Assurance Representative / Designer to work with us on exciting projects that have worldwide reach and visibility.

The position is full-time with the Brand Assurance department at LazyTown's headquarters in Iceland. This is an entry level position, with opportunities to grow for the tight candidate.

**Job Description**
As a member of the Brand assurance team, you would be:

- Handling submissions for approval from licensees and partners. This entails working with licensees and partners from around the world to develop and approve LazyTown products and communication in accordance with existing Brand and Style guides.
- Designing LazyTown driven product development initiatives, sales presentations, reports and other communication as needed
- Registering physical product samples and managing inventory.

**Qualifications**

- Excellent communication skills in English, both written and spoken.
- Some experience or a strong interest in marketing and/or B2B sales.
- Graphic design skills and proficiency in Adobe Creative Suite.
- Strong organizational skills.

To submit your application (in English) or for further information about this position, please email job@lazytown.com no later than March 1st, 2013.

LAZY TOWN

Turner
A TimeWarner Company

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingar á geðsviði

### Starfsþróunarár 2013-14

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á ýmsar deildir geðsviðs LSH - hvort tveggja á endurhæfingar- og móttökudeildir. Nýráðnum verður boðið að taka þátt í starfsþróunarári þar sem áherslur eru á markvissa fræðslu, handleiðslu og skipulagða innleiðingu í starf sem miðar að því að efla fagmennsku.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

**Hæfnikröfur**
» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
» Áhugi á geðhjúkrun sem sérhæfingu í hjúkrun er skilyrði

**Nánari upplýsingar**
Umsóknarfrestur er til og með 23.03.2013
Starfshlutfall er 80 - 100%
Upplýsingar veita Magnús Ólafsson deildarstjóri, netfang magnuso@landspitali.is, sími: 543-5938 / 824-5537 og María Einisdóttir mannauðsráðgjafi, netfang mariaein@landspitali.is, sími: 543-4034 / 824-5404
Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, Stjórn geðsviðs 34A Landspítala Hringbraut.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



wow air

# Við viljum fleiri **stelpur í stjórn**

**Stjórnarmaður í WOW air**
WOW air var stofnað í nóvember 2011 af Skúla Mogensen og er í eigu fjárfestingafélagsins Títan. Stefna félagsins er að veita skemmtilega og eftirminnilega þjónustu ásamt því að bjóða lægsta verðið í flugsamgöngum til og frá Íslandi.

**Það er WOW í öllu sem við gerum!**
Við hófum okkur til flugs 31. maí 2012 og höfum síðan gert samning um fjórar Airbus A320-vélar sem við fáum afhentar fyrir sumarið — og fljúgum á þeim til 14 áfangastaða í Evrópu. Velta félagsins er áætluð um 12.000 mkr. á árinu.

Breyting verður gerð á fjögurra manna stjórn félagsins á næsta aðalfundi og **því leitum við að öflugri konu í stjórnina.**

Sendið umsókn á **starf@wow.is** fyrir 7. mars

Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | Ísland / Iceland | +354 590 3000 | www.wow.is | wow@wow.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Starfsmaður á heimili fyrir konur

Velferðarsvið óskar eftir starfsmanni á heimili fyrir konur sem eiga við vímuefnavanda að stríða. Fimm konur búa á heimilinu. Um er að ræða 80% starf í vaktavinnu og er ráðið til eins árs.

**Helstu verkefni:**
- Samvinna og aðstoð við íbúa í daglegum störfum heimilisins s.s. við þrif, matseld, tómstundir og þess háttar.
- Samstarf, samvera og stuðningur við íbúa í daglegu lífi innan heimilis og utan.
- Þátttaka í þrifum heimilisins og matseld.
- Þátttaka í teymisvinnu starfsfólks, íbúafundum og hópstarfi íbúa.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun.
- Félagsliðamenntun er kostur.
- Skilningur og þekking á aðstæðum einstaklinga með langvarandi félags- og vímuefnavanda.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi fyrir mál efnum íbúa heimilisins. Unnið er skv. hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Stefánsdóttir forstöðukona í síma 822-9754, netfang sigridur.stefansdottir@reykjavik.is

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is **fyrir 5. mars 2013.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.*

**Launafl óskar eftir að ráða:**

# Reynda bifvélavirkja og vélvirkja

**með full réttindi til starfa nú þegar**

**Nánari upplýsingar veitir**
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á
adda@launafl.is eða magnus@launafl.is.

LAUNAFL

**www.launafl.is – sími 414-9400**

---

ALDAN STÉTTARFÉLAG

Samstaða

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

## Starf ráðgjafa á sviði starfsendurhæfingar hjá stéttarfélögum á Norðvesturlandi

Stéttarfélög á Norðvesturlandi leita að ráðgjafa til að starfa á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða samvinnuverkefni VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs og stéttarfélaga á Norðvesturlandi. Ráðgjafinn mun halda utan um starfsendurhæfingarmál einstaklinga sem eru óvinnufærir vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu sína og varðveita vinnusamband þeirra. Um er að ræða mjög krefjandi starf í umhverfi sem enn er í mótun og uppbyggingu.

**Helstu verkefni ráðgjafans verða:**
- Stuðningur, ráðgjöf og hvatning fyrir einstaklinga
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingaráætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila
- Samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir vegna verkefnanna

**Hæfnikröfur:**
***Helstu hæfnikröfur vegna starfsins eru eftirfarandi:***
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfi (t.d. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði, eða sjúkraþjálfunar )
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er æskileg
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi á að vinna með einstaklingum og geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Geta til að koma frá sér efni í ræðu og riti

Upplýsingar um starf ráðgjafa og starfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs: www.virk.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 15.mars 2013** og umsóknum skal skilað til Þórarins eða Ásgerðar sem jafnframt gefa nánari upplýsingar um starfið.

Þórarinn Sverrisson,
formaður Öldunnar stéttarfélags,
Borgarmýri 1, 550 Sauðárkróki
sími 453 5433
toti@stettarfelag.is

eða

Ásgerður Pálsdóttir
formaður stéttarfélagsins Samstöðu
Þverbraut 1, 540 Blönduósi
sími 452 4932
asgerdur@samstada.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Verkefnastjóri frístundastarfs

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða starfsmann til afleysinga til að hafa umsjón með frístundastarfi í bænum. Um er að ræða 100% starfshlutfall. Starfið tekur til starfsemi starfandi Tómstundamiðstöðva í Hafnarfirði en þær samanstanda af rekstri félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Starfið getur einnig tekið til verkefna tengdum sumarstarfi ÍTH. Næsti yfirmaður er æskulýðsfulltrúinn í Hafnarfirði. Um er að ræða tímabundna afleysingu.

**Helstu verkefni:**
- Skipulagning, framkvæmd og umsjón með verkefnum og viðburðum tengdum frístundastarfi
- Fagleg forysta
- Samskipti við samstarfsaðila og forráðamenn, o.fl.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á vettvangi frítíma er skilyrði
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar veitir æskulýðsfulltrúi Hafnarfjarðar, Ellert Baldur Magnússon. Senda má fyrirspurnir á ellert@hafnarfjordur.is eða hafa samband við skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5500.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars næstkomandi.**

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar **„Verkefnastjóri frístundastarfs"** eða á netfangið ellert@hafnarfjordur.is

*Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar*

---

ORKUSTOFNUN

# Sérfræðingur/ verkefnisstjóri

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings/ verkefnisstjóra við eftirlit með olíuleit og -vinnslu.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

*Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**

### Helstu verkefni:
- Skipuleggja og fylgja eftir eftirlitsverkefnum á sviði leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi.
- Byggja upp samskiptanet við samstarfsaðila innan stjórnsýslunnar og vinna að samræmingu og verkaskiptingu samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.
- Halda yfirlit um allar nauðsynlegar áætlanir fyrirtækja vegna leitar, rannsókna og vinnslu. Skipuleggja rýni og eftirlit með þeim í samstarfi við aðrar stjórnsýslustofnanir, erlenda samstarfsaðila og eftir atvikum með aðkeyptri ráðgjöf.
- Fylgjast með tækniþróun og breytingum á kröfum til rekstraraðila með tilliti til öryggis og umhverfis.

### Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði verkfræði.
- Viðbótarmenntun á sviði olíuverkfræði er æskileg.
- Þriggja ára starfsreynsla æskileg.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita dr. Þórarinn Sv. Arnarson, verkefnisstjóri olíuleitar, (thorarinn.s.arnarson@os.is eða í síma 5696000) eða dr. Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri (gudni.a.johannesson@os.is eða í síma 5696000). Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang **gd@os.is** eigi síðar en **11. mars 2013**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Orkumálastjóri*

## Aðalbókari – Radisson Blu 1919 hótel



Radisson Blu 1919 hótel óskar eftir að ráða til sín aðalbókara.

*Radisson Blu 1919 Hótel er 4 stjörnu hótel, búið öllum helstu þægindum Í hjarta miðbæ Reykjavíkur. 1919 Hótel er nútímatímalegt hótel byggt á sígildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson Blu 1919 Hótel er hluti af Carlson Rezidor Hotel Group sem rekur hátt í 1,300 hótel um allan heim.*

**Helstu verkefni:**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi 1919 hótels
- Umsjón með bókhaldskerfi Navision
- Uppgjör, afstemmingar, áætlana og skýrslugerð
- Innra eftirlit
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Menntun / starfsreynsla sem nýtist í starfi, s.s. á sviði viðskipta eða rekstrar
- Frumkvæði, sjálfstraust og öguð vinnubrögð
- Góð bókhalds og Excel-kunnátta er skilyrði
- Góð þekking á Navision er skilyrði.
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk .Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá inn á ensku á netfangið sigridur.valdimarsdottir@radissonblu.com

Radisson Blu

# LANDVARSLA
## SUMARSTÖRF 2013

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri - Egilsstaðir - Ísafjörður - Mývatn - Patreksfjörður
Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

***Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2013 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, verndarsvæði við Mývatn og Laxá, Suðurland, Vesturland, sunnanverða Vestfirði Hornstrandir og Gullfoss / Geysir / Hveravelli.***

**Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf um miðjan maí og síðustu ljúka störfum í september.**

**Störf landvarða felast m.a. í vöktun, eftirliti, fræðslu og móttöku gesta.**

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2013. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsröðun þar um.

Æskilegt er að umsóknum sé skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum fyrir störfin, sem hægt er að nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar (umhverfisstofnun.is) og í móttöku hennar að Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umsóknir skulu sendar á netfangið ust@ust.is eða á Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Ítarlegri upplýsingar um störfin, tímabil hvers starfs, svæðin og hæfniskröfur eru að finna á starfatorg.is og ust.is/storf_i_bodi/.

**NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN**



# Vaðlaheiðargöng

Ósafl leitar að starfsmönnum með þekkingu, reynslu og réttindi vegna starfa við Vaðlaheiðargöng. Ósafl er félag í eigu ÍAV og Marti Contractors en Vaðlaheiðargöng hf. hafa samið við félagið um framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng.

**Óskað er eftir umsóknum í störf:**

- Jarðgangamanna - Skilyrði er að umsækjendur séu vanir jarðgangavinnu þ.e. borun, hleðslu, bergstyrkingum, ásprautun og bergþéttingum.
- Bifvélavirkja – Kostur er að umsækjendur hafi reynslu af viðgerðum á jarðvinnuvélum.
- Tækjastjóra og bílstjóra.

***Nánari upplýsingar veitir Dagmar Viðarsdóttir mannauðsstjóri. Umsóknir óskast fylltar út á heimasvæði ÍAV www.iav.is - Laus störf, fyrir 8. mars næstkomandi.***

*Ósafl er félag í eigu ÍAV og Marti Contractors en félagið mun vinna að framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng. ÍAV og Marti Contractors hafa lengi unnið saman að stórframkvæmdum s.s. Óshlíðargöngum, snjóflóðavarnargarði í Bolungarvík og nú er unnið að járnbrautargöngum í Noregi.*

ÓSAFL
Ósafl ehf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | osafl.is

NAUTHÓLL Bistro — FYRSTA SVANSVOTTAÐA VEITINGAHÚSIÐ Á ÍSLANDI

Nauthóll óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:
- þjóna, hlutastarf
- uppvaskara, fullt starf, unnið er á vöktum

Við kunnum að meta jákvæðni, gleði, stundvísi og heiðarleika.

Restauracja Nauthóll szuka ludzi do pracy na zmywaku. Praca zmianowa 2-2-3, bardzo mila atmosfera.

Nánari upplýsingar fást í síma 860-2256 (Hanna Guðný) og á atvinna@nautholl.is

Wiecej informacji pod numerem 860-2256 Jezyk angielski lub islandzki

Mozecie panstwo pisac na meila w jezyku polskim atvinna@nautholl.is

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Störf á heimili fatlaðs fólks

Þroskaþjálfi, félagsliði og stuðningsfulltrúi óskast til starfa á heimili í Kópavogi í 60-70% og 40-50% hlutastörf. Um er að ræða morgunvaktir, kvöldvaktir og helgarvaktir. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi.

Upplýsingar veitir Bjarnhildur Ólafsdóttir í síma 568-0206 kl. 08.00-16.00 á virkum dögum. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum netfangið bjarnhildur@styrktarfelag.is.

Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Deildarlæknir á röntgendeild

**Laust er til umsóknar fullt starf deildarlæknis í starfsnám á röntgendeild Landspítala. Boðið er upp á 6 eða 12 mánaða ráðningu. Fyrir þá sem hafa hug á sérfræðinámi í myndgreiningu er boðið upp á allt að tveggja ára starf sem nýtist til sérnáms.**

**Framkvæmdar eru um 120.000 rannsóknir og aðgerðir á ári og kynnast deildarlæknar öllum sviðum greinarinnar, s.s. tölvusneiðmyndum og segulómun.**

**Spennandi tækifæri fyrir áhugasama deildarlækna að öðlast reynslu í myndgreiningu. Kennsla deildarlækna er skipulögð af kennslustjóra.**

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Almenn störf deildarlæknis á röntgendeild Landspítala
- Þátttaka í kennslu og þjálfun læknanema
- Þátttaka í rannsóknarvinnu

### Hæfnikröfur
- Íslenskt lækningaleyfi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar
Umsóknarfrestur er til og með 09.03.2013

Starfshlutfall er 100%

Upplýsingar veitir Pétur Hörður Hannesson yfirlæknir, peturh@landspitali.is, sími: 824 5322.

Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrár.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# LAGER - ÚTKEYRSLA

**Heildverslun** óskar eftir að ráða lagermann. Starfið er býsna fjölbreytt og snýr til að mynda að móttöku á vörum, tiltekt á pöntunum ásamt útkeyrslu svo eitthvað sé nefnt.

Við leitum að samviskusömum einstaklingi með góða og vandaða framkomu, er reglusamur og hefur metnað til að takast á við krefjandi en jafnframt gefandi starf.

**Reynsla er æskileg.**

**Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Umsækjendur** vinsamlega sendið

a) Ferilskrá

b) Mynd

á póstfangið lager201302@gmail.com

**Reyklaus vinnustaður.**

# Viltu starfa hjá framsækinu hugbúnaðarfyrirtæki?



Vegna aukinna umsvifa og verkefna hér heima og erlendis, þá leitum við eftir öflugum liðsmönnum til að starfa í hópi úrvals starfsmanna. Við leitum eftir árangursdrifnum og sjálfstæðum einstaklingum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem getur styrkt okkur við þróun, ráðgjöf og sölu á:

**Microsoft Dynamics AX** | **Microsoft Sharepoint** | **Microsoft Dynamics CRM** | **Viðskiptagreind** (SSAS, SSRS, SSIS, Power Pivot, Power View)

Ef þú býrð yfir góðum hæfileikum og vilt starfa í lifandi og krefjandi umhverfi, þar sem áhersla er lögð á metnað, gæði, gott vinnuumhverfi og góðan starfsanda, þá sendu umsókn ásamt náms- og starfsferilskrá á netfangið hjortur@annata.is fyrir mánudaginn 4. mars. Nánari upplýsingar veitir Hjörtur Þorgilsson í sama netfangi, eða 412 1000. Fullum trúnaði heitið.

Annata veitir þjónustu til viðskiptavina hér á landi og í fjölmörgum löndum utan Íslands. Skrifstofur okkar eru á Íslandi, Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku, Hong Kong og Malasíu og eru starfsmenn um 70. Við störfum náið með samstarfsaðilum um allan heim. Starfsumhverfið er óþvingað og afslappað. Umbunin er fyllilega í takt við framlag og mjög samkeppnishæf. Mikil áhersla er lögð á þjálfun starfsmanna og faglegur aðbúnaður er fyrsta flokks. Þótt vinnan sé tekin alvarlega, skemmtum við okkur reglulega og starfsmannafélagið er mjög virkt.

annata
www.annata.is

FISKISTOFA
Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

# Deildarstjóri fiskeldisdeildar á Ísafirði

**Fiskistofa leitar að háskólamenntuðum einstaklingi með fagþekkingu á fiskeldi til að leiða fiskeldisdeild Fiskistofu. Fiskeldisdeild er hluti af stærsta sviði stofnunarinnar, fiskveiðistjórnunarsviði. Deildin hefur viðamiklu og vaxandi hlutverki að gegna og annast stjórnsýsluleg verkefni á sviði fiskeldis ásamt eftirliti með fiskeldisstöðvum.**

**Um framtíðarstarf er að ræða og mun viðkomandi starfa á starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði. Næsti yfirmaður er forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Helstu verkefni:**
- Daglegt stjórnun og ábyrgð á verkum fiskeldisdeildar
- Stjórnsýsluverkefni á sviði fiskeldis
- Yfirumsjón með leyfismálum og umsögnum
- Eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva til sjós og lands
- Uppbygging og þróun kerfa
- Mótun og þróun verkferla ásamt ritun þeirra í Gæðahandbók Fiskistofu
- Þátttaka í almennri stefnumótun deildarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í sjávarútvegsfræði, líffræði eða skyldum greinum með framhaldsmenntun og/eða fagþekkingu á fiskeldi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af fiskeldi
- Framúrskarandi hæfni til skýrslugerðar
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð íslenskukunnátta

Starfsreynsla úr stjórnsýslunni er kostur. Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum er skilyrði ásamt góðri samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

# Sérfræðingur í fiskeldi

**Fiskistofa leitar að einstaklingi með fagþekkingu í fiskeldi í fiskeldisdeild sína. Starfið felst í eftirliti með fiskeldisstöðvum, skýrslugerð, gagnasöfnun, úrvinnslu gagna og rafrænu eftirliti. Eftirlit með fiskeldisstöðvum felst m.a. í skoðun á búnaði, merkingum og afmörkun eldissvæða, framleiðslumagni stöðva og umhirðu eldisfisks í kvíum. Þá er fylgst með því að skráningar séu með fullnægjandi hætti og að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé tiltæk í sjókvíaeldisstöðvum.**

**Um framtíðarstarf er að ræða og mun viðkomandi starfa á starfsstöð Fiskistofu á Ísafirði. Næsti yfirmaður er deildarstjóri fiskeldisdeildar. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðva til sjós og lands
- Rafrænt eftirlit
- Upplýsingasöfnun um eldi, t.d. framleiðsluskýrslur, skráningar í áframeldi o.þ.h.
- Skýrsluvinna
- Afgreiðsla leyfismála/leyfisumsókna
- Umsagnir
- Uppbygging og þróun kerfa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af fiskeldi
- Góð hæfni til skýrslugerðar
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvufærni
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð

Nánari upplýsingar um störfin veita Hrefna Gísladóttir sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs og Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir deildarstjóri fiskeldisdeildar í síma 569-7900.

Umsóknum sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1B, 220 Hafnarfirði merktar **„Deildarstjóri fiskeldisdeildar“** og **„Sérfræðingur í fiskeldi“**.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2013.
Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## VERK- OG TÆKNIFRÆÐINGAR - REYÐAFJÖRÐUR

VEGAGERÐIN

**Laus eru störf deildarstjóra tæknideildar og starfsmanns í umsjónardeild. Um 100% störf er að ræða. Með tilliti til aldurssamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**

### Starf deildarstjóra tæknideildar

**Starfssvið**
- Áætlanagerð og tæknilegur undirbúningur vegna nýframkvæmda, viðhalds vega og umferðaröryggisaðgerða
- Skipulagsmál, umsagnir og leyfisveitingar
- Umsjón með útboðum og nýframkvæmdum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólmenntun í verk- eða tæknifræði,
- Einhver stjórnunarreynsla er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt,
- Hæfni í mannlegum samkiptum
  Starfsmaður í umsjónardeild

### Starfsmaður í umsjónardeild

**Starfssvið**
- Umsjón með rekstri og verkefnum þjónustustöðva og vélaverkstæðis
- Umsjón með áætlunum, útboðum og verksamningum
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Umsjón með samningum um þéttbýlisvegi, héraðsvegi, styrkvegi og girðingar ásamt framkvæmd þeirra og uppgjöri.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólmenntun í verk- eða tæknifræði
- Einhver stjórnunarreynsla er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt,
- Hæfni í mannlegum samkiptum

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 11. mars 2013.** Umsóknir berist forstöðumanni starfsmannadeildar netfang starf@vegagerdin.is. Umsóknareyðublað má finna á slóðinni http://www.vegagerdin.is/umsoknir-og-leyfi/ymislegt/ en ekki er gerð krafa um að það sé notað. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingumum þær hæfniskröfur sem gerðar eru.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sveinn Sveinsson svæðisstjóri í síma 522 1930. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

---

HELSE PERSONAL AS

## Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie og bofellesskap.

Du må ha Norsk autorisasjon, www.sak.no , og relevant jobberfaring.
Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging.

Man må beherske norsk, dansk eller svensk språk godt både skriftlig og muntlig.

Kontaktinformasjon: Helse Personal, +47 902 80 287
post@helsepersonal.no www.helsepersonal.no

---

## Ferðaskrifstofa

### Deildarstjóri, þjónustufulltrúi og leiðsögumenn

Okkur vantar deildarstjóra þjónustudeildar til framtíðar, þjónustufulltrúa í sumarstarf frá byrjun maí og þýskumælandi leiðsögumenn í fasta vinnu frá miðjum maí til loka ágúst.

**Deildarstjóri** ber m.a. ábyrgð á bókunum, ráðningu leiðsögumanna, vinnslu ferðagagna, yfirumsjón með þjónustuskrifstofunni. Starfið krefst mikillar nákvæmni ásamt aga og skipulögðum vinnubrögðum. Enskukunnátta er skilyrði, þýska æskileg. Æskilegt að viðkomandi geti byrjað strax.

**Þjónustufulltrúi** er hluti af stærra teymi sem tekur á móti gestum á flugvelli og hótelum, aðstoðar við útgáfu og vinnslu ferðagagna og sölu á dagsferðum. Þýsku- og enskukunnátta er skilyrði.

**Leiðsögumenn** í dagsferðir frá Reykjavik með þýska gesti.

Umsóknir sendist á matthias@icelandprotravel.com fyrir 7. mars nk.

Iceland ProTravel

Frekari upplýsingar gefur Matthías Kjartansson í sama netfangi eða í síma 510 3600.

---

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## SUMARSTÖRF 2013

**Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.**

**Um er að ræða landvörslu, upplýsingagjöf og afgreiðslu, afgreiðslustörf í veitingasölu, ræstingar og almenn verkamannastörf.**

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í veitingasölu.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn í Hornafirði:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í almenn störf.
- **Askja og Ódáðahraun:** Landverðir.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf, afgreiðslu og ræstingar.
- **Snæfell:** Landverðir.
- **Kverkfjöll:** Landverðir og skálaverðir í samvinnu við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðafélag Húsavíkur.
- **Hvannalindir:** Landvörður.
- **Hólaskjól, Nýidalur og Lakagígar:** Landverðir.

**Ofangreind störf** eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemmri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

**Ítarlegri upplýsingar** um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; www.vjp.is og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.

**Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars n.k. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsokn@vjp.is eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.**

PORT hönnun

---

## Hjúkrunarfræðingur óskast

**Við hjá Sinnum leitum nú að glaðlegum og kraftmiklum hjúkrunarfræðingi í 50-100% starf.**

Um er að ræða starf við heimaþjónustu og aðstoð við einstaklinga inni á opinberum stofnunum. Með því að koma í Sinnum liðið getur þú fundið gefandi starf sem byggist aðallega á mannlegum samskiptum og einstaklingsmiðaðri þjónustu. Sinnum leggur áherslu á sveigjanleika í starfi og býður upp á uppbyggilegt og hvetjandi starfsumhverfi.

Umsóknum skal skilað á eyðublaði sem er á **www.sinnum.is/umsókn um starf.** Umsóknarfrestur er til og með 3. mars. Nánari upplýsingar fást í síma 770 2221.

Sinnum heimaþjónusta sinnir fjölþættri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu til að mæta þörfum aldraðra, öryrkja, sjúkra, fatlaðra og annarra sem þurfa aðstoð á eigin heimili. Auk þess rekur Sinnum hvíldardvöl í notalegu og öruggu umhverfi á Hótel Íslandi í Ármúla.

sinnum heimaþjónusta



# VILTU ELDA Á SÖGUFRÆGUM STAÐ?

N1 óskar eftir að ráða metnaðarfullan matreiðslumann til starfa í Staðarskála í Hrútafirði. Öll aðstaða í Staðarskála er fyrsta flokks þar sem áhersla er lögð á góðan mat og frábæra þjónustu. Þá er gistiaðstaða starfsfólks á vakt fyrsta flokks og í nýlega endurbættu húsnæði.

**Helstu verkefni:**

- Matreiðsla
- Umsjón með eldhúsi
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegum störfum og/eða menntun sem nýtist í starfi
- Snyrtimennska
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum
- Jákvætt viðhorf og atorkusemi

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanhildur Hlöðversdóttir, stöðvarstjóri N1 Staðarskála, í síma 440 1336. Vinsamlegast sækið um starfið á www.n1.is eða sendið ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið atvinna@n1.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars n.k.**

WWW.N1.IS

N1 Meira í leiðinni

# Vegna stóraukinna umsvifa leita Reykjavik Excursions - Kynnisferðir að starfsfólki í eftirfarandi störf:

**Umsóknir skal senda til Reykjavik Excursions – Kynnisferða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi eða á netfangið job@re.is fyrir miðnætti sunnudaginn 03. mars 2013. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim er öllum svarað um leið og þær berast. Upplýsingar eru ekki veittar símleiðis.**

### REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR

Fyrirtækið Reykjavik Excursions – Kynnisferðir var stofnað 1968 og hefur um árabil verið í fremstu röð ferðaþjónustufyrirtækja. Fyrirtækið rekur dagsferðir fyrir ferðamenn sem sækja landið heim og eru ferðirnar jafnt fyrir einstaklinga og hópa, allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Kynnisferðir reka líka Flugrútuna sem þjónar flugfarþegum allan sólarhringinn, allt árið.
Hjá Reykjavik Excursions – Kynnisferðum starfar stór hópur samhentra karla og kvenna sem saman mynda trausta undirstöðu fyrir gott gengi og hag félagsins.
Við leitum að hæfum einstaklingum til að starfa með og gera liðsheildina enn sterkari.

Gakktu til liðs við okkur!



EXPO • www.expo.is

Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

## Starfsmaður í sölu- og bókunardeild

Helstu verkefni:

- Að svara fyrirspurnum viðskiptavina, íslenskra og erlendra og veita upplýsingar.
- Skráning upplýsinga í gagnagrunna.
- Úrvinnsla gagna frá sölumönnum og undirbúningur ferða.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu er skilyrði.
- Jákvætt lífsviðhorf, skipulagshæfileikar og útsjónarsemi.
- Metnaður og vilji til góðra verka.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, gott að kunna önnur tungumál.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Víðtæk tölvukunnátta er mikilvæg.
- Góð, almenn þekking á landi og þjóð er grunnurinn að starfinu.

## Starfsmaður í sölu- og hvataferðadeild

Helstu verkefni:

- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini.
- Sókn á markaði til að afla nýrra viðskiptavina.
- Að svara fyrirspurnum og veita viðskiptavinum upplýsingar.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Reynsla af sölustörfum í ferðaþjónustu er skilyrði.
- Jákvætt lífsviðhorf, skipulagshæfileikar og útsjónarsemi.
- Metnaður og vilji til góðra verka.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, gott að kunna önnur tungumál.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta er mikilvæg, einnig tölvulæsi.
- Góð, almenn þekking á landi og þjóð er grunnurinn að starfinu.

## Starfsmaður í afgreiðslu

Um er að ræða vaktavinnu (2-2-3)

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðslustörf við sölu á ferðum Reykjavík Excursions - Kynnisferða.
- Veita upplýsingar um ferðir fyrirtækisins í gegnum tölvupóst, símleiðis eða yfir afgreiðsluborðið.
- Taka á móti bókunum frá hótelum, einstaklingum og öðrum ferðaþjónustuaðilum í allar ferðir sem fyrirtækið býður upp á og skrá þær í bókunarkerfið.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, gott að kunna önnur tungumál.
- Góð og almenn tölvukunnátta.
- Reynsla úr ferðaþjónustu kostur.
- Snyrtimennska og stundvísi.

## Starfsmaður í þjónustuver

Helstu verkefni:

- Að svara fyrirspurnum viðskiptavina og veita upplýsingar.
- Símsvörun og tölvupóstsamskipti.
- Taka á móti bókunum frá viðskiptavinum og skrá þær í bókunarkerfið.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur og æskileg kunnátta:

- Reynsla af sölustörfum í ferðaþjónustu er skilyrði.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvætt lífsviðhorf.
- Metnaður og vilji til góðra verka.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, gott að kunna önnur tungumál.
- Víðtæk tölvukunnátta er mikilvæg.

UMF SELFOSS 1936

# Ungmennafélag Selfoss auglýsir eftir kraftmiklum og metnaðarfullum starfsmönnum

## *Framkvæmdastjóri – fullt starf*

***Helstu verkefni:***

- *Yfirumsjón með rekstri félagsins*
- *Fjármála- og starfsmannastjórnun*
- *Þátttaka í mótun kröftugrar liðsheildar stuðla að samvinnu og samlegð milli deilda félagsins*
- *Skipulagning, áætlanagerð og viðburðastjórnun*
- *Markaðssetning og kynning á starfi félags*

***Hæfniskröfur:***

- *Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur*
- *Reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg*
- *Haldgóð tölvukunnátta*
- *Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum*
- *Jákvæðni og hæfni í samskiptum*
- *Reynsla af félagsstarfi*

## *Bókari – starfshlutfall 50%*

***Helstu verkefni :***

- *Færa allt bókhald félagsins*
- *Sjá um launaútreikning allra deilda.*
- *Yfirumsjón með NORA skráningarkerfi*
- *Yfirumsjón með Felix skráningarkerfi*
- *Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri felur starfsmanni*

***Hæfniskröfur:***

- *Reynsla af bókhaldsstörfum*
- *Góð þekking á DK bókhaldskerfi og Excel*
- *Nákvæmni í vinnubrögðum og lipurð í samskiptum*

**Leitað er að dugmiklum og drífandi einstaklingum sem hafa mikinn áhuga á íþrótta- og félagsstarfi og vilja láta gott að sér leiða við uppbyggingu á markaðssetningu og kynningu á félaginu sem og að styrkja innra starf félagsins og vilja láta gott af sér leiða við uppbyggingu og kynningu á félaginu sem og styrkja innra starf og styðja við og efla frumkvæði deilda Umf. Selfoss.**

**Umsjón með störfunum og ráðningaraðili er aðalstjórn Umf. Selfoss. Upplýsingar um störfin veitir Bára Gunnarsdóttir, formaður félagsins í síma 894 3268.**

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendast á netfangið baragunn@simnet.is. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 7. mars 2013.**

Prentmet Suðurlands

# HAMBORGARASMIÐJAN

óskum eftir að ráða starfsfólk til almennra afgreiðslu og þjónustustarfa. Erum að leita að fólki í fullt starf, einnig vantar starfsfólk í hlutastörf.

Umsóknir sendist á smidjan@live.com

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Skurðhjúkrun

**Hjúkrunarfræðingar sem hyggjast sækja um nám í skurðhjúkrun í Háskóla Íslands geta sótt um stöður á skurðstofum Landspítala.**

**Lausar eru til umsóknar stöður hjúkrunarfræðinga á skurðstofum.**

» Skilyrði fyrir ráðningu er að umsækjandi hyggist leggja stund á diplómanám á meistarastigi í skurðhjúkrun við Háskóla Íslands, sem hefst haustið 2013.
» Í boði er þjálfun og aðlögun eftir þörfum hvers og eins á stórum og skemmtilegum vinnustað.
» Við mat umsókna er lögð áhersla á sterkan faglegan grunn í hjúkrun, sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í mannlegum samskiptum.

Á skurðstofum Landspítala er veitt sérhæfð og umfangsmikil þjónusta við sjúklinga. Unnið er eftir hugmyndafræði um einstaklingshæfða hjúkrun. Vinnuskipulag tekur mið af vaktafyrirkomulagi skurðstofa.

## Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2013

Upplýsingar veita Erlín Óskarsdóttir, deildarstjóri skurðdeildar á Hringbraut, sími 825-3588, Helga Kristín Einarsdóttir, deildarstjóri skurðdeildar í Fossvogi, sími 824-5273 og Áslaug Svavarsdóttir, deildarstjóri skurðstofu kvennadeildar, sími 825-3753.

Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá. Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Skrifstofu Skurðlækningasviðs, 13A Hringbraut.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# FINANCIAL WORLD

**Financial Manager needed to direct budgeting and reporting activities for 24 worldwide sales and service units, provide them with guidance and support, and implement corporate policies and best practices.**



**More details: marel.com/24**

marel

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR ÓSKAST

**Innnes óskar eftir að ráða fjölhæfan grafískan hönnuð með reynslu í vefhönnun til starfa sem fyrst. Fjölbreytt verkefni á lifandi og skemmtilegum vinnustað.**

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á útgáfu og gerð á markaðsefni Innnes.
- Gerð blaða/tímarita- sjónvarps- og netauglýsinga.
- Umbrot og hönnun á bæklingum og vörulistum.
- Vefhönnun.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góða kunnáttu á helstu Adobe-forritum, s.s. Illustrator, InDesign, Photoshop.
- Þekking á After Effects eða sambærilegu forriti er einnig kostur.
- Geta unnið sjálfstætt og skapandi.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Reyklaust umhverfi.

**Umsóknir skulu sendar í tölvupósti ásamt sýnishornum af fyrri verkum til Framkvæmdastjóra markaðssviðs, Páls Hilmarssonar á netfangið ph@innnes.is sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um starfið.**

**Umsóknarfrestur:**
Til og með 4. mars 2013

Innnes ehf. er ein stærsta og öflugasta matvöruheildsala landsins og eru vörumerki fyrirtækisins neytendum vel kunnug.
Innnes á m.a. velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki. Markmið Innnes er að vera ávallt í fararbroddi á sínu sviði hvað varðar vörur, þjónustu til viðskiptavina sinna og markaðssetningu vörumerkjanna.
Höfuðstöðvar Innnes eru að Fossaleyni í Grafarvogi. Auk þess rekur fyrirtækið útibú á Akureyri. Innnes er eigandi Selecta sem sérhæfir sig í drykkjavörulausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir.
Hjá Innnes starfar samhent liðsheild 100 starfsmanna, þar af starfa 7 starfsmenn í markaðsdeild og þar af tveir grafískir hönnuðir.



www.innnes.is

---

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

### Fulltrúi skrifstofuþjónusta

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða fulltrúa til starfa við rekstrar- og skrifstofuþjónustu bankans, sem er eining innan rekstrar- og starfsmannasviðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Markmið rekstrar- og starfsmannasviðs Seðlabankans er að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir bankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma. Að gæta hagsýni í hvívetna við notkun á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til reksturs bankans og að framfylgja starfsmanna- og fræðslustefnu bankans hverju sinni.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ritara- og skrifstofuþjónusta fyrir öll svið bankans.
- Umsjón ferðabeiðna og bókun.
- Þátttaka í undirbúningi gestamóttöku og funda.
- Umsjón þjónustubeiðna.
- Dagleg umsjón skrifstofuþjónustu.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af skrifstofu- og þjónustustörfum skilyrði.
- Mjög góð reynsla af ferðabókunum æskileg.
- Góð kunnátta á helsta skrifstofuhugbúnað nauðsynleg.
- Gott vald á íslensku og ensku skilyrði.
- Vald á norðurlandamáli æskilegt.
- Hæfni til að vinna skipulega og í hóp er nauðsynleg.

Upplýsingar um starfið veitir Þórður Gautason aðstoðarframkvæmdastjóri rekstrar- og starfsmannasviðs, í síma 569-9600.

### Sérfræðingur skrifstofuþjónusta

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við rekstrar- og skrifstofuþjónustu bankans, sem er eining innan rekstrar- og starfsmannasviðs. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Markmið rekstrar- og starfsmannasviðs Seðlabankans er að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir bankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma. Að gæta hagsýni í hvívetna við notkun á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til reksturs bankans og að framfylgja starfsmanna- og fræðslustefnu bankans hverju sinni.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Sérhæfð verkefni, t.d. prófarkalestur, ritun fundargerða, aðstoð við vinnslu tölfræðigagna og texta.
- Skráning erinda í skjalakerfi bankans.
- Umsjón ýmissa erinda til bankans.
- Umsjón ýmissa þjónustuverkefna.
- Ritara og skrifstofuþjónusta fyrir öll svið bankans.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði.
- Þekking á OneRecords mála- og skjalakerfi kostur.
- Góð kunnátta á helsta skrifstofuhugbúnaði nauðsynleg.
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku skilyrði.
- Vald á norðurlandamáli æskilegt.
- Hæfni til að vinna skipulega og í hóp er nauðsynleg.

Upplýsingar um starfið veitir Þórður Gautason aðstoðarframkvæmdastjóri rekstrar- og starfsmannasviðs, í síma 569-9600.

### Sérfræðingur reikningshald

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á fjárhagssvið bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans ásamt innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfaviðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær einingar, reikningshald og bakvinnslu.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á rekstrarbókhaldi.
- Daglegar bókanir.
- Greining fjárhagsupplýsinga.
- Skýrslugerð og upplýsingavinnsla.
- Þátttaka í mótun verkefna sviðsins.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf er nýtist í starfi eða próf í viðurkenndum bókara.
- Reynsla af bókhaldi og reikningshaldi skilyrði.
- Þekking á Navision skilyrði.
- Þekking á Agresso æskileg.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg.
- Reynsla af uppgjörum mikill kostur.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt eða í hópi.
- Ágætt vald á íslensku og ensku, bæði á töluðu og rituðu máli.
- Mjög gott vald á Excel og ýmiskonar greiningarvinnu.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erla Guðmundsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri fjárhagssviðs, erlag@cb.is

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2013. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Starf í móttöku | Umboðsmaður skuldara | Reykjavík | 201302/090 |
| Hjúkrunarfr. við heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201302/089 |
| Starfsmaður til þrifa | Menntaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201302/088 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Hafnarfjörður | 201302/087 |
| Fjármálastjóri | Menntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201302/086 |
| Lektor í stærðfræði | Háskóli Íslands, raunvísindadeild | Reykjavík | 201302/085 |
| Lektor í lífeindafræði | Háskóli Íslands, læknadeild | Reykjavík | 201302/084 |
| Sérfræðingur í reikningshaldi | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201302/083 |
| Sérfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201302/082 |
| Fulltrúi | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201302/081 |
| Tryggingafulltrúi á samskiptasviði | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201302/080 |
| Landverðir, sumarstörf | Umhverfisstofnun | Landið | 201302/079 |
| Sérgreinadýralæknir svína og súna | Matvælastofnun | Selfoss | 201302/078 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201302/077 |
| Lögfræðingar | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201302/076 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, lyf- og húðlækningad. | Reykjavík | 201302/075 |
| Hjúkrunarfr., nám í skurðhjúkrun | Landspítali, skurðstofur F-rekstur | Reykjavík | 201302/074 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201302/073 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201302/072 |
| Sérfræðilæknir í taugalækningum | Landspítali, taugalækningar | Reykjavík | 201302/071 |
| Deildarlæknir | Landspítali, röntgendeild | Reykjavík | 201302/070 |
| Fólk í sumarstörf | Vatnajökulsþjóðgarður | Suð-Austurl. | 201302/069 |
| Verk- og tæknifræðingar | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201302/068 |
| Sérfræðingur, verkefnisstjóri | Orkustofnun | Reykjavík | 201302/067 |
| Sjúkraliði, aðstoð við hjúkrun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201302/066 |
| Sérfræðingur | Mennta- og menningarmálaráðun. | Reykjavík | 201302/065 |
| Starfsfólk í sumarafleysingar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Austurland | 201302/064 |
| Skólameistari | Verkmenntaskóli Austurlands | Neskaupstaður | 201302/063 |
| Fjármálastjóri, lögfræðingur | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201302/062 |
| Sérfræðingur í viðskiptagreind | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201302/024 |

# KERECIS

Kerecis ehf. er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á vefjaskaða í mönnum t.d. á þrálátum sárum og kviðsliti. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningavörum og er sala á vörunum nýhafin erlendis. Kerecis rekur starfsstöðvar á Ísafirði og í Reykjavík.

## Sérfræðingur

(líffræðingur, lífeindafræðingur, líftæknir)

Starfið er margþætt og snýr að fremleiðslu og gæðaeftirliti í flóknu umhverfi þar sem unnið er með viðkvæm lífræn hráefni.

Helstu verkefni:
- Skipulagning og umsjón með hráefnistöku
- Eftirlit og framkvæmd á örverueftirliti
- Skipulag á framleiðsluþáttum
- Vinna við framleiðslu á lækningavörum
- Þátttaka í þróunarteymi

Menntun og reynsla:
- Menntun sem líffræðingur, lífeindafræðingur, líftæknir eða svipað
- Góð færni í tölvunotkun

Við leitum að einstaklingi sem:
- Er nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum
- Býr að góðri íslenskukunnáttu
- Hefur góða hæfni til að vinna undir álagi og mæta tímaáætlunum
- Býr að góðum samskiptahæfileikum

## Starfsmaður við framleiðslu á lækningavörum

Um er að ræða framleiðslustarf

Helstu verkefni:
- Umsjón með ákveðnum framleiðsluþáttum
- Vinna við framleiðslu á lækningavörum
- Tilraunaframleiðsla

Hæfniskröfur:
- Fyrri störf úr framleiðslufyrirtækjum
- Minnst 5 ára starfsreynsla
- Nákvæmni og virðing fyrir verkferlum
- Útsjónarsemi og ábyrgð
- Áhugi og sjálfstæð vinnubrögð

Við leitum að einstaklingi sem:
- Er nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum
- Býr að góðri íslenskukunnáttu

Vinnustaður beggja starfa er á Ísafirði. Fyrirspurnir og umsóknir sendist til hr@kerecis.com fyrir 8. mars nk.

www.kerecis.com

## Íslensk Tónverkamiðstöð auglýsir eftir kraftmikilli og drífandi persónu til að veita miðstöðinni forstöðu.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á ritaðri tónlist og frágangi tónverka, mjög góða skipulagshæfileika og innsýn í margmiðlunartækni. Viðkomandi mun halda utan um rekstur miðstöðvarinnar, bera ábyrgð á fjármálum og bókhaldi ásamt því að sinna og/eða skipuleggja öll helstu verkefni sem skilgreind eru í starfssamningi stöðvarinnar sem eru m.a.:
- að sinna samskiptum við fagaðila á Íslandi og erlendis
- að hafa yfirumsjón með gagnagrunni miðstöðvarinnar
- að sinna nýskráningu tónverka
- að vinna að kynningu á þeim verkum sem miðstöðin varðveitir
- að tryggja þjónustu og aðgengi að þeim tónverkum sem miðstöðin hefur skráð

**Umsóknarfrestur er til 4. mars** og skulu umsóknir berast til:
*Íslensk Tónverkamiðstöð/umsókn*
*Þórunnartúni 2, 4.hæð*
*105 Reykjavík*

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu hagmála og fjárlaga

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu hagmála og fjárlaga.

Hlutverk skrifstofunnar er að undirbyggja stefnumarkandi ákvarðanir velferðarráðherra með hagtölum og greiningu og hafa heildarsýn yfir fjárreiður stofnana, tryggingarliða og annarra viðfangsefna sem undir ráðuneytið heyra. Í því felst m.a. uppbygging, greining og úrvinnsla gagna, ábyrgð á gerð fjárlaga, rekstrar- og framkvæmdaáætlana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Þá hefur skrifstofan umsjón með sjúkratryggingum og gerð samninga um þjónustukaup.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun.
- Öryggi og reynsla í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna. Áhersla er lögð á færni í notkun töflureikna.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð og kostnaðargreiningu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að geta unnið sjálfstætt með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum.
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslunni og fjárlagagerð er kostur.
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð ábyrgð og frumkvæði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrönn Ottósdóttir, skrifstofustjóri, hronn.ottosdottir@vel.is eða Dagný Brynjólfsdóttir, dagny.brynjolfsdottir@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 11. mars nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

# „Amma" Óskast

Fjögurra manna fjölskylda í 101 Reykjavík óskar eftir „ömmu" eða ráðskonu. Á heimilinu eru 2 börn, 6 ára og nýfætt. Óskað er eftir aðstoð með heimilisþrif og annað sem til fellur. Vinnutími getur verið annað hvort alla daga vikunnar eða 3-4 sinnum í viku. Áhugasamir sendi ferilskrá með mynd á box@365.is merkt **„Ö-25290"**

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

## FORSTÖÐUÞROSKAÞJÁLFI Á SKAMMTÍMAVISTUN AÐ MÓAFLÖT

Garðabær óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf forstöðuþroskaþjálfa á skammtímavist að Móaflöt 24 þar sem fram fer uppbygging og mótun á faglegu starfi.

Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Forstöðuþroskaþjálfi veitir skammtímavistinni forstöðu, hefur umsjón með áætlanagerð og ber ábyrgð á rekstri. Vinnur að skipulagi innra starfs og ber ábyrgð á starfsmannamálum og samskiptum við aðstandendur og aðra samstarfsaðila.

Nánari upplýsingar um starfið á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is**

## FLEIRI STÖRF HJÁ GARÐABÆ

- Hjúkrunarfræðingar á nýtt hjúkrunarheimili á Sjálandi
- Sjúkraliðar á nýtt hjúkrunarheimili á Sjálandi
- Matráður á leikskólanum Ökrum
- Grunnskólakennara í Garðaskóla vegna forfalla
- Þjónustufulltrúa í Ráðhús Garðabæjar
- Stuðningsfjölskyldur fyrir börn og ungmenni óskast

Sæktu um á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

HVALFJARÐARSVEIT

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf.
Kt: 640608-0560

## Búnaður í dælustöð Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar Grundartanga.

Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar óskar eftir tilboðum í dælubúnað, loka og pípulagnir í dælustöð á Grundartanga. Í verkinu felst að útvega og koma fyrir öllum lögnum og búnaði sem tilheyrir dælustöðinni. Einnig uppsetning afldreifi- og stjórnbúnaði. Verktaki skal, afhenda, koma fyrir og tengja allan afldreifi- og stjórnbúnað sem tilheyra dælustöðinni.

Verktaki skal einnig leggja almennt rafmagn í dælustöðinni. Í því felst að afhenda, koma fyrir og tengja allan almennan rafbúnað sem tilheyra dælustöðinni.

Útboðsgögn verða afhent hjá Almennu verkfræðistofunni Fellsmúla 26 108 Reykjavík frá og með 26.02.2013.

Tilboð verða opnuð 15.03.2013 á skrifstofu Faxaflóahafna sf Tryggvagötu 17 Reykjavík.
Verktaki getur komist í tilbúið dæluhús á Grundartanga til uppsetningar búnaðar 15. 04.2013.
Verklok eru 01.07.2013.

*Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf*

## Dagskrárstjóri og umsjónarmaður

**Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni** leitar að dagskrárstjóra og umsjónarmanni eigna og opinna svæða ÚSÚ.
Í boði eru tvö spennandi störf í kraftmiklu umhverfi.
Leitað er að einstaklingum sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni auk þess að sýna frumkvæði og metnað í starfi. Báðum störfum fylgir húsnæði á staðnum.

**Starfssvið dagskrárstjóra:**
- Vinnur að stefnumótun og þróun dagskrárliða
- Stýrir dagskrá fyrir skólabúðir og sumarbúðir
- Umsjón með hópeflis- og hvataferðum fyrir fyrirtæki og hópa
- Markaðssetning og kynning
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og reynsla:**
- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Lipurð í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar með áherslu á skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af skátastarfi eða öðru sjálfboðastarfi er æskileg.

**Starfssvið umsjónarmanns eigna og opinna svæða:**
- Umsjón með eignum og opnum svæðum Útilífsmiðstöðvarinnar
- Viðhald og umhirða eigna á svæðinu og umsjón með viðhaldskerfi
- Umsjón með störfum verktaka og sjálfboðaliða
- Yfirumsjón með þrifum
- Innkaup og áætlanagerð
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og reynsla:**
- Iðnmenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Metnaður og rík ábyrgðartilfinning
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Grunnþekking á tölvum og helstu forritum
- Reynsla af skátastarfi eða öðru sjálfboðastarfi er æskileg.

Nánari upplýsingar veitir **Brynjólfur Gíslason framkvæmdastjóri ÚSÚ** í síma: **868 8165**, tölvupóstfang: **brynjolfur@skatar.is**
**Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 4. mars 2013**

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr þróunarfjárframlagi til hrossaræktar.

Markmið styrkveitinganna er að efla markaðssókn og ræktun íslenska hestsins og fylgja þannig eftir árangri þeim er náðst hefur í aukinni fagmennsku í hrossarækt og þjálfun íslenska hestsins.

**Styrkhæf eru hverskonar verkefni er lúta að:**
A. Kynbótum hrossa, fóðrun þeirra eða meðferð.
B. Tamningum og þjálfun hrossa sem stuðla að auknum árangri og ávinningi.
C. Markaðs-, kynningar- og nýsköpunarstarfi.

Lögð er megin áhersla á að styrkja átaks- og nýsköpunarverkefni sem geta orðið sjálfbær eftir að þróunartímabili þeirra lýkur, útgáfu- og kynningarstarfsemi og hagnýtar rannsóknir. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar 8,5 milljónir króna.

Umsóknir skulu berast ráðuneytinu eigi síðar en 15. mars 2013. Í umsóknum skal gerð skýr grein fyrir verkefninu sem í hlut á; markmiði þess, framkvæmdaáætlun og ávinningi. Hverri umsókn skal fylgja greinargóð kostnaðaráætlun.

**Póstfang:**
Þróunarfjárnefnd hrossaræktarinnar
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Rekjavík.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Kristinn Hugason í síma 545 9700,
netfang: kristinn.hugason@anr.is

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.*

## ALÞJÓÐLEGIR FRIÐARSTYRKIR RÓTARÝHREYFINGARINNAR 2014-2016

**Rótarýsjóðurinn, ROTARY FOUNDATION,** sem rekinn er af Alþjóða Rótarýhreyfingunni, mun veita allt að 60 styrki til tveggja ára meistaranáms skólaárin 2014-2016. Styrkirnir verða veittir til náms og rannsókna sem tengjast alþjóðasamstarfi og eflingu friðar í heiminum og eru ætlaðir fólki sem þegar hefur reynslu af alþjóðastarfi auk þess að hafa lokið fyrstu háskólagráðu.

Í þessu skyni hefur Rótarýsjóðurinn komið á samvinnu við sex virta háskóla:

- *Chulalongkorn University , Bangkok, Thailand*
- *Duke University and University of North Carolina at Chapel Hill , USA*
- *International Christian University , Tokyo, Japan*
- *University of Bradford , West Yorkshire, England*
- *University of Queensland , Brisbane, Australia*
- *Uppsala University , Uppsala, Sweden*

Styrkirnir, sem eiga að standa undir tveggja ára námskostnaði, eru alþjóðlegir samkeppnisstyrkir. Rótarýhreyfingin á Íslandi má senda eina umsókn. Val íslenska umsækjandans fer fram eftir ítarleg viðtöl og könnun á námsferli og störfum. Makar, afkomendur og makar afkomenda lifandi Rótarýfélaga geta ekki sótt um styrkinn. Tíu Íslendingar hafa fengið friðarstyrki frá því þeir voru fyrst veittir árið 2002.

Nánari upplýsingar um námið, háskólana og umsóknarskilmála er að finna á heimasíðu Rotary International: http://www.rotary.org/EN/STUDENTSANDYOUTH/EDUCATIONALPROGRAMS/ROTARYCENTERSFORINTERNATIONALSTUDIES/Pages/HowToApply.aspx . Umsóknareyðublaðið er að finna undir World peace fellowship. Einnig má nálgast upplýsingar á skrifstofu Rótarýumdæmisins (rotary@rotary.is). Sími 568-2233 (eða í síma 525-4818).

**Þeir sem hafa hug á að sækja um styrk eru beðnir um að senda ítarlegt æviágrip og lýsingu á markmiði með framhaldsnámi fyrir 21. apríl til Skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík, merkt „Friðarstyrkur".**

## Verktakar

Stolt Sea Farm (www.stoltseafarm.com), alþjóðlegt fiskeldisfyrirtæki sem stendur að framkvæmdum við byggingu á fiskeldisstöð fyrir flúru við Reykjanesvirkjun, tilkynnir eftirfarandi;

Vegna áframhaldandi framkvæmda býður fyrirtækið þeim verktakafyrirtækjum sem áhuga hefðu á aðkomu að verkefninu að skrá sig í gagnabanka fyrirtækisins með því að senda ítarlegar upplýsingar um sig og unnin verk á netfangið ssficeland@stolt.com.
Trúnaður verður bundinn í umræddum gagnabanka og fylgt fyrirmælum persónuverndar.

# ÚTBOÐ

## Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Skarhólabraut 1, Mosfellsbæ, slökkvistöð – nýbygging** - Útboð nr. 12941.
- **RFID self-service automats, RFID tags, RFID staff workstations and RFID security gates** – Útboð nr. 12966.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Þetta eru fyrstu einsöngstónleikar Rósalindar en hún vakti athygli í fyrra þegar hún bar sigur úr býtum í Barry Alexander Vocal International Competition - BAVIC og söng við það tilefni í Carnegie Hall í New York.

Í nóvember 2011 söng hún hlutverk Greifynjunnar í verðlaunagjörningi Ragnars Kjartanssonar í New York á Performa 11. Viðburðurinn var valinn einn af tíu merkilegustu listgjörningum ársins þar ytra og upptaka af atburðinum var sýnd á Listahátíð 2012.

Rósalind stundaði söngnám í Söngskólanum í Reykjavík þar sem hennar aðalkennarar voru Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Kolbrún Sæmundsdóttir. Að loknu 8. stigi stundaði hún framhaldsnám í Madrid og Barcelona undir handleiðslu Cristina Beatriz Carlin og Maria Dolors Aldea.

Hún hefur komið fram sem einsöngvari á fjölda tónleika hér á landi og einnig á Spáni og Ítalíu. Meðal annars hefur hún sungið hlutverk Carmen úr samnefndri óperu eftir Bizet með Sumaróperunni (Óperu Reykjavíkur) og mezzohlutverkið í Stabat Mater eftir Pergolesi.



**EINSÖNGSTÓNLEIKAR** Tónleikarnir í Salnum eru fyrstu einsöngstónleikar Rósalindar Gísladóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FORINGINN** Juan Manuel Fangio fékk þann draum sinn uppfylltan að hitta Fidel Castro.

**ÞETTA GERÐIST** 23. FEBRÚAR 1958

## Kappakstursketju rænt á Kúbu

Ein af hetjum kappakstursssögunnar, Argentínumaðurinn Juan Manuel Fangio, kom óvænt við sögu í frelsisbaráttu Kúbu þennan dag árið 1958. Daginn áður en hann átti að keppa í öðrum Formúlukappakstrinum, sem haldinn var í Havana á Kúbu, var honum rænt af skæruliðum kommúnista sem fylgdu Fidel Castro og Che Guevara að máli. „Við vildum sýna heiminum fram á að á Kúbu ríkti stríðsástand þar sem barist væri gegn einræði Batista," útskýrði Arnol Rodriguez, einn mannræningjanna.

Fangio hélt í fyrstu að verið væri að grínast þegar skæruliðinn Manuel Uziel vatt sér að honum inni á hóteli og beindi að honum skammbyssu. Hann sá þó fljótlega hvers kyns var þegar fleiri skæruliðar bættust í hópinn vopnaðir vélbyssum og hlýddi rólegur á þá útskýra fyrirætlan sína um að halda honum þar til keppnin væri afstaðin. Þegar Fangio hafði verið látinn laus og var kominn í argentínska sendiráðið sýndi hann samkennd með málstað mannræningjanna, neitaði að hjálpa til við að bera kennsl á þá og bar áleiðis boð þeirra um að ránið hefði verið pólitísk yfirlýsing. Í kappakstrinum sjálfum hafði hins vegar átt sér stað mikið slys og taldi Fangio jafnvel æðri mátt hafa haldið honum frá keppninni.

Mörgum árum síðar kom hann aftur til Kúbu og var þá tekið á móti honum sem sérlegum gesti ríkisins. Fangio þakkaði hæglætislega fyrir sig og sagði: „Nú hafa ræst tveir drauma minna, annar að snúa aftur til Kúbu og hinn að hitta Fidel Castro."

---

✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, tryggð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÞORKELS SIGURBJÖRNSSONAR**
**tónskálds.**

**Barbara Sigurbjörnsson**
**Mist Þorkelsdóttir** **Sigfús Nikulásson**
**Sigurbjörn Þorkelsson** **Aðalheiður Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, bróður og frænda,

**SIGURÐAR ÞÓRÐARSONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun.

**Þóra Gísladóttir**
**Helga Þórðardóttir**
**og aðrir vandamenn.**

---

✝



Innilegar þakkir til ykkar allra, sem auðsýnt hafa samúð og vinarhug við andlát og útför kærs bróður okkar, mágs og frænda,

**JÓNS ÚLFARS LÍNDAL.**

Sérstakar þakkir fá þau fjölmörgu sem auðguðu líf hans með margvíslegum hætti.

**Þórhildur Líndal** **Eiríkur Tómasson**
**Björn Líndal** **Sólveig Eiríksdóttir**
**Páll Jakob Líndal** **Sigurlaug Gunnarsdóttir**
**og systkinabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd við andlát eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**BIRGIS ÁGÚSTSSONAR**
**vélvirkja,**
**Hraunbæ 84.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk heimahjúkrunar Karitas fyrir alúð og góða umönnun.

**Edda Kjartansdóttir**
**Kjartan Birgisson** **Guðrún Sæmundsdóttir**
**Ágúst Birgisson** **Sigurður Rúnar Sigurðsson**
**Jóhanna Birgisdóttir** **Björn Hörður Jóhannesson**
**Auður Edda Birgisdóttir**
**Margrét Kjartansdóttir**
**Kjartan Helgi Kjartansson**
**Aron Bjarki Björnsson**
**Karen Lea Björnsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**KNÚTS OTTERSTEDT**
**fyrrverandi rafveitustjóra,**
**Brekkugötu 36, Akureyri.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, fyrir einstaka umönnun og hlýju í hans garð.

**Harriet Otterstedt**
**Lena Otterstedt**
**Kristján Otterstedt** **Ólöf Margrét Eiríksdóttir**
**Ása Karen Otterstedt** **Karl Eckner**
**Knútur Otterstedt** **Sylvía Rán Andradóttir**
**Margrét Sesselja Otterstedt**
**Una Lind Otterstedt**

---

✝



Sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÉTUR BERGMANN ÁRNASON**
**áður til heimilis að Brekkustíg 1, Bakkafirði,**

lést hinn 19. febrúar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.
Útför hans fer fram laugardaginn 2. mars frá Skeggjastaðakirkju, Bakkafirði, kl. 14.00.

**Elly S. Höjgaard**
**Árni B. Pétursson** **Oddný Hjaltadóttir**
**Kristinn Pétursson** **Hrefna S. Högnadóttir**
**Bjartmar Pétursson** **Helga L. Helgadóttir**
**Baldur Pétursson** **Salóme H. Viggósdóttir**
**Brynjar B. Pétursson** **Svanhildur Káradóttir**
**Ómar Pétursson** **Sigrún I. Guðmundsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra

**FRIÐFRÍÐUR DODDA RUNÓLFSDÓTTIR**
**frá Dýrfinnustöðum í Skagafirði, til heimilis að Byggðarholti 11, Mosfellsbæ,**

lést á líknardeildinni í Kópavogi hinn 19. febrúar. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ föstudaginn 1. mars kl. 13.00.

**Friðrik Friðriksson, Friðrik Friðriksson yngri, Gísli Friðriksson, barnabörn, barnabarnabörn, systkini hinnar látnu og tengdadætur.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

**DÍSU SIGFÚSDÓTTUR**
**Austurbyggð 17, Akureyri.**

**Hreinn Grétarsson** **Margrét G. Magnúsdóttir**
**Heiða Grétarsdóttir** **Jón Sveinbjörnsson**
**Líney Grétarsdóttir**
**Jóhanna Grétarsdóttir**
**Rósant Grétarsson**
**Sigmar Grétarsson** **Edda J. Baldursdóttir**
**Haraldur Sigfússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**JÓHANNA ÞORLEIFSDÓTTIR**
**Höfða, Akranesi,**

andaðist 20. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 1. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

**Sigurður Gunnarsson** **Kristjana Þórarinsdóttir**
**Sigurlín Gunnarsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**Þór Arnar Gunnarsson** **Björg Agnarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson** **Sigríður Þrastardóttir**
**og ömmubörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁSRÚN RAGNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Hrafnistu í Kópavogi, síðast til heimilis á Kópavogsbraut 1b,**

lést fimmtudaginn 21. febrúar.
Útförin auglýst síðar.

**Steinunn Karlsdóttir**
**Jóhann Karlsson** **Ragnheiður Björnsdóttir**
**Þorbjörg Karlsdóttir** **Þórir Ingason**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELMA JÓNATANSDÓTTIR**
**Miðvangi 12, áður Hörgatúni 9, Garðabæ,**

lést föstudaginn 8. febrúar sl. Útförin hefur farið fram.

**Kjartan Jóhann Magnússon**
**Katrín Linda Óskarsdóttir**
**Unnur Erna Óskarsdóttir** **Símon Már Sturluson**
**Elma Ósk Óskarsdóttir** **Jörgen Söderman**
**Ester Inga Óskarsdóttir** **Magnús Guðbjartsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Við þökkum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur hlýhug og vináttu í veikindum og við andlát heittelskaðs eiginmanns, föður, tengdaföður, tengdasonar og afa,

**JÓNS REYKDAL.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi sem annaðist hann af fagmennsku og mikilli umhyggju.

**Jóhanna Vigdís Þórðardóttir**
**Nanna Huld Reykdal** **Magnús Eðvald Björnsson**
**Hadda Fjóla Reykdal** **Snorri Einarsson**
**Hlín Reykdal** **Hallgrímur Stefán Sigurðsson**
**Sigríður Þóra Eiríksdóttir**
**og barnabörn.**

# SKYFALL
# KOMIN Í NETTÓ




**2.198 KR/STK**

netto
Kræsingar & kostakjör
myndir

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** nálægt, **6.** í röð, **8.** stansa, **9.** tækifæri, **11.** hróp, **12.** rabb, **14.** gistihús, **16.** málmur, **17.** hyggja, **18.** að, **20.** tveir eins, **21.** tigna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** tveir eins, **4.** sigling, **5.** missir, **7.** afturhluti, **10.** æxlunarkorn, **13.** sigað, **15.** fiskur, **16.** beita, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** áb, **8.** æja, **9.** lag, **11.** óp, **12.** skraf, **14.** hótel, **16.** ál, **17.** trú, **18.** til, **20.** öð, **21.** aðla.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ææ, **4.** sjóferð, **5.** tap, **7.** bakhlið, **10.** gró, **13.** att, **15.** lúða, **16.** áta, **19.** ll.






# Íslenska útrásin stöðvuð

**BAKPANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Það er hinn mesti misskilningur að það sé tekið út með sældinni að vera rómantískur. Það er líka misskilningur að það sé raunsæisfólkið sem gerir þetta hlutverk svona erfitt. Það er nefnilega hitt rómanstíska fólkið sem sér um það. Fáir árekstrar eru nefnilega eins harðir og þegar rómantískar hugmyndir stangast á. Þessu fékk ég að finna fyrir um daginn.

**ÞÁ** var ég að ræða við fyrstubekkinga í kaþólskum skóla í bænum Priego de Córdoba. Eins og búast mátti við var ég að segja þeim frá okkar ástkæra Íslandi. Síðan komst ég á flug þegar ég sagði þeim frá sauðkindinni. Ég var í essinu mínu en þó nokkuð rúinn miðað við tilefnið eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Loksins fannst mér hin íslenska andlega útrás komin af stað þar sem ég var við það að opna andlegt útibú Guðna Ágústssonar í Andalúsíu. Þegar ég fór að tala um ullina minntist ég þess að ég var einmitt í ullarsokkum frá Siggu frænku svo ég segi, „sjáiði bara krakkar," en skelli svo hægri fæti á borð skelkaðs nemanda en hífí síðan upp buxnaskálmina svo hin andalúsíska æska fengi nú að líta afurðina.

**SVO** illa vildi til að kennarinn, sem fram að þessu hafði þagað þunnu hljóði, var líka á rómantískri herferð. Þessi miðaldra blómarós grípur nú inn í og segir hneyksluð: „Heyrðu, ert þú ekki frá einhverri eyju fast upp við norðurheimskautið?" Jú, það passaði. „Og ertu síðan í ullarsokkum? Veistu ekki að þú ert í hinni sólríku Andalúsíu." Síðan lítur hún til krakkanna og segir: „Krakkar, mér heyrist við verða að flytja honum Andalúsíuljóðið." Síðan þuldu þau andalúsískt ættjarðarljóð sem fjallaði aðallega um sólina og blómin sem hér eru upp um alla veggi. Síðan leit hún á mig eins og ég hefði verið dæmdur lopaklæddur lýðskrumari í sumarlandi. Ég maldaði í móinn og sagðist fá bæði hálsbólgu og kvef ef ég færi ekki í sokkana hennar Siggu sama hvað öllum sólskinsstundum og blómaskrauti liði. Eftir það fór umræðan í rugl sem krakkarnir höfðu ekkert gagn af en mikið gaman.

**EFTIR** þessa reynslu spyr ég mig hvernig fólk ætlist til þess að vitrænar umræður fari fram á Alþingi. Þar koma saman 63 kollar fullir af rómantískum hugmyndum um sjálfa sig, kjördæmið og síðan þjóðina. Á slíkum vettvangi hljóta umræðurnar að fara út um þúfur og út í þóf. Það þarf ekki einu sinni ullarsokka til.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HREYFÐU ÞIG, ÞAÐ ERU LÍKAMSRÆKTARDAGAR
KYNNINGAR Á VÖRUM FRÁ NIKE, ADIDAS, UNDER ARMOUR, BROOKS, CW-X OG 2XU.
KYNNING #1 : SMÁRALIND, LAUGARDAG KL. 15-17
KYNNING #2 : KRINGLUNNI, SUNNUDAG KL. 14-17
20% AFSLÁTTUR TIL SUNNUDAGS:
adidas
asics
BROOKS
casall
CW-X CONDITIONING WEAR
2XU
Reebok
UNDER ARMOUR
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

ÍSLENSKT TAL

SKÍRDAGUR

## DESPICABLE ME

Hinn illi Gru hyggur á heimsyfirráð með því að stela tunglinu! Pétur Jóhann fer á kostum í talsetningunni á þessari frábæru teiknimynd.





FRUMSÝNING Í SJÓNVARPI

PÁSKADAGUR

## SUMARLANDIÐ

Hvað gerist þegar íslenskur fjölskyldufaðir selur álfasteininn úr garðinum til að bjarga fjárhagnum?

# HAFÐU ÞAÐ GOTT PÁSKANA!

2 | 2 BÍÓ | 2 GULL | 2 krakkar | POPP TíVí

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

Þú hefur það gott um páskana með Stöð 2. Við bjóðum upp á kvikmyndirnar sem eru hreinasta sælgæti, hlaðborð af frábærum þáttum og fjölbreytt bland í poka fyrir börnin. Vertu með það besta um páskana.

**Vertu með Stöð 2.**

FÖSTUDAGURINN LANGI

## PIRATES OF THE CARIBBEAN 4

Jack Sparrow, Svartskeggur og allir hinir sjóræningjarnir snúa aftur í æsispennandi leit að eilífri æsku.



FÍTON / SÍA



LAUGARDAGINN

## THE CHRONICLES OF NARNIA 3

Þriðja myndin um ævintýrin í undralandinu Narníu, þar sem drekar, dvergar og fleiri furðuverur koma við sögu.

SKÍRDAGUR

## JOURNEY 2

Frábær ævintýramynd með Dwayne Johnson og Michael Caine sem gerist á týndri eyju í Kyrrahafinu.





LAUGARDAGURINN

## RED

Bruce Willis, Morgan Freeman og Helen Mirren leika leyniþjónustumenn á eftirlaunum sem þurfa að taka fram byssurnar á ný.

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

PÁSKADAGUR

## CONTRABAND

Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg. Spennutryllir úr smiðju Baltasars Kormáks.






SKÍRDAGUR

## SHERLOCK HOLMES 2

Baráttan við glæpakónginn Professor Moriarty berst um alla Evrópu í æsispennandi en skemmtilegum eltingaleik.

UM



NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI**
OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.



ANNAR Í PÁSKUM

## GAME OF THRONES

EVRÓPU FRUMSÝNING

Þriðja serían um hið magnaða valdatafl í Westeros. Þættirnir verða sýndir samdægurs á Íslandi og í Bandaríkjunum.





PÁSKADAGUR

## SAILCLOTH

Verðlaunastuttmynd Elfars Aðalsteinssonar með John Hurt í aðalhlutverki.



FÖSTUDAGURINN LANGI

## CARS 2

Reykspólandi skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Nú er komið að kappakstri aldarinnar!





PÁSKADAGUR

## AFMÆLISTÓNLEIKAR SIGGU BEINTEINS

Sigga fagnaði 30 ára söngafmæli með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Björgvini Halldórssyni, Grétari Örvarssyni og fleiri frábærum gestum.

**NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST 3. MARS**

2 HD

Sport ÚTSALA
Allt að 40% afsláttur af fæðubótarefnum
Gildir til og með 10. mars
ON cnp USN PhD maximuscle reflex GRENADE PRECISION ENGINEERED
HOLLAND & BARRETT
www.hollandandbarrett.is SMÁRALIND



HANNE-VIBEKE HOLST Fyrsta bók hennar kom út 1980 þegar hún var rúmlega tvítug. Í upphafi ferilsins skrifaði hún unglingabækur. Þá tók við tímabil þar sem ungar konur og viðfangsefni þeirra voru í brennidepli. Á síðasta áratug skrifaði hún þríleik um átök á stjórnmálasviðinu sem vinsælar sænskar sjónvarpsþáttaráðir voru byggðar á. Nýjasta bók hennar, Iðrun, er ættarsaga fjögurra kynslóða.

# Lygin er eins og kjarnorkuúrgangur

**Skáldsaga danska rithöfundarins Hanne-Vibeke Holst, Iðrun, kom út hjá Forlaginu á dögunum. Áður hefur komið út í íslenskri þýðingu sagan Krónprinsessan eftir Holst og margir Íslendingar þekkja auk þess höfundinn í gegnum bókina Til sommer sem kynslóðir framhaldsskólanema hafa lesið í dönsku.**

Hanne-Vibeke Holst kom til landsins í vikunni og kynnti bók sína á höfundakvöldi í Norræna húsinu þar sem þýðandinn, Halldóra Jónsdóttir, ræddi við hana um Iðrun og aðrar bækur hennar.

Af fjölmenninu mátti sjá að aðdáendur Holst eru hér margir þótt ekki hafi verið þýddar fleiri bækur eftir hana.

Hanne-Vibeke Holst hóf rithöfundarferil sinn um tvítugt. Foreldrar hennar voru báðir báðir rithöfundar. „Ég var mjög heilluð af þessari tilveru foreldra minna og ég man ekki annað en að mig hafi langað að skrifa eins og þau.“

Á æskuheimili Hanne-Vibeke voru tvær ritvélar. Önnur vélin var í vinnuherbergi föðurins en mamma hennar vann við borðstofuborðið þannig að hún varð að færa vélina þegar fjölskyldan mataðist. Þriðja ritvélin bættist við þegar pabbi Hanne-Vibeke gaf henni Olivetti-vél þegar hún var tíu ára. „Þá fannst mér ég hafa verið slegin til riddara,“ segir Hanne-Vibeke.

**Lygin ferðast milli kynslóða**

Iðrun er ættarsaga fjögurra kynslóða sem hefst við upphaf síðari heimstyrjaldar og stendur fram til ársins 2011. Hún fjallar um lygina og eyðingarafl hennar, hvernig blekkingarleikur heiðvirðs fjölskylduföður á stríðsárunum fylgir niðjum hans kynslóð fram af kynslóð. „Lygin er eins og kjarnorkuúrgangur,“ segir Hanne Vibeke. Þótt hægt sé að grafa hana í þögn og jafnvel gleymsku þá hitti hún mann alltaf aftur fyrir síðar, jafnvel þegar minnst varir. „Í Iðrun er ég upptekin af þessu. Það hefur verið logið um eitthvað fjórum kynslóðum fyrr og sú lygi er enn að trufla líf barnabarnabarnsins.“

Holst segist stundum vera spurð að því hvort alltaf eigi að segja sannleikann, hvort hann megi ekki stundum liggja kyrr. „Auðvitað getur maður aldrei alhæft en ég held því samt fram að maður eigi alltaf að segja sannleikann. Lygin hefur hreinlega svo miklar afleiðingar og svo mikið eyðingarafl.“

Hanne-Vibeke talar af reynslu því hún og systur hennar urðu fyrir því að uppgötva leyndarmál móður sinnar eftir lát hennar fyrir fimm árum. Leyndarmálið sem legið hafði grafið var að yngsta systirin er ekki dóttir föður þeirra heldur annars manns. Hanne-Vibeke segir reyndar að systir hennar og þær allar hafi unnið vel úr þessu, systirinn hafi meira að segja tekið svo djúpt í árinni að segja að þetta hafi bara verið púslbitinn sem vantaði því hún er á allan hátt svo ólík systrum sínum.

**Sækir efni í líf foreldra sinna**

„Þegar ég var að skrifa bókina talaði ég við marga um þetta fyrirbrigði að vera með „lík í lestinni“ eins og Danir segja og ég komst að því að langflestum fjölskyldum fylgja slík leyndarmál.

Persónurnar í Iðrun eiga það sameiginlegt að út á við eru þau afar virtir og ábyrgir borgarar, fólk sem leggur áþreifanlega hluti fram til samfélagsins. Ættfaðirinn er virkur í andspyrnuhreyfingunni í stríðinu, sonur hans nýtur velgengni í utanríkisþjónustunni, meðal annars sem samningamaður í afvopnunarviðræðum og sonardóttirin er virtur óperustjóri og talsmaður fyrir tjáningarfrelsinu. „Andstæðurnar milli þess sem maður sýnir og þess sem maður leynir eru svo áhugaverðar og spennan þar á milli.“

Hanne-Vibeke dregur ekki dul á það að margt í skáldsögunni Iðrun er sótt í líf móður hennar og móðurfjölskyldu. Iðrun er þó hreinn skáldskapur.

Faðir hennar er næst á dagskrá og bókin sem Hanne-Vibeke vinnur nú að er ævisöguleg skáldsaga sem þar sem Knud Holst er aðalpersóna. „Hann var rithöfundur, hann vann prinsessuna og hálft konungsríkið, móður mína, naut mikillar velgengni sem rithöfundur á sjöunda áratugnum en missti svo allt. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á því hvað það var sem fór úrskeiðis. Af hverju hlaut hann svona dapurleg örlög?“

steinunn@frettabladid.is

## Femínisti með áhuga á karlmennsku

Þótt aðalpersónur í bókum Hanne-Vibeke hafi yfirleitt verið konur þá gegna karlar líka veigamiklu hlutverki í sögum hennar, til dæmis í Iðrun. „Þó að ég hafi verið talin mjög femíniskur höfundur þá hef ég alltaf haft mikinn áhuga á karlmennskunni, til dæmis því sem fylgir karlmannshlutverkinu í feðraveldinu. Það fylgir mikið álag þessu hlutverki og mér fannst ég skynja mikinn einmanaleika bæði hjá pabba mínum og afa vegna þessa hlutverks, þessa stolts. Þess vegna finnst mér gott að sjá að karlmenn í dag eru miklu nánari börnum sínum en þeir voru áður, þeir burðast ekki með þetta mikla stolt, þeir mega tala um veikleika sína og jafnvel gráta. Staða kvenna hefur breyst til batnaðar en staða karlmanna hefur ekki síður batnað, til dæmis í tengslum við föðurhlutverkið.“

VIÐ VILJUM VITA
MÖGULEG INNGANGA ÍSLANDS Í EVRÓPUSAMBANDIÐ SNÝST UM HAGSMUNI ALMENNINGS – UM LÍFSKJÖR – UM FRAMTÍÐ.
KLÁRUM VIÐRÆÐURNAR OG SJÁUM SAMNINGINN.
JAISLAND.IS
Já! ÍSLAND

ÍSLENSKA ÓPERAN
HÁDEGISTÓNLEIKAR
Í NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 26. FEBRÚAR KL. 12.15

GRÉTA HERGILS SÓPRAN
ÁGÚST ÓLAFSSON BARITÓN
ARÍUR OG DÚETTAR ÚR
LUCIU DI LAMMERMOOR
EFTIR DONIZETTI
ANTONÍA HEVESI LEIKUR Á PÍANÓ
AÐGANGUR ÓKEYPIS

# ERTU ALVEG VISS UM AÐ ÞÚ VILJIR SPILA?

„Mögnuð spennusaga ... Plottið er pottþétt og heldur manni fram á síðustu blaðsíðu.“

POLITIKEN, DANMÖRKU

NÝ KILJA!



Anders de la Motte

„Nútímasaga skrifuð á nútímamáli, full af húmor og spennu.“

UMSÖGN SÆNSKU GLÆPASAGNAAKADEMÍUNNAR

Henrik Pettersson, HP, er smákrimmi sem gefur skít í flest gildi samfélagsins.

Dag nokkurn kemst hann yfir farsíma af óþekktri gerð og í gegnum hann er honum boðið að taka þátt í leik sem felst í því að leysa ákveðin verkefni í raunveruleikanum.

Smám saman verða verkefnin hættulegri, ólöglegri og meira spennandi – og verðlaunin hækka í samræmi við það.




1 kr.
sendingargjald til 25. febrúar

VAKA-HELGAFELL

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## Tónlistarskólar á Íslandi

Á Íslandi starfa um 90 tónlistarskólar. Hjá þeim starfa um 900 kennarar og nemendur eru um 15.000 talsins. Fyrstu lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla voru sett 1963 og er nú kennt eftir samræmdum námskrám sem menntamálaráðuneytið gefur út. Í skólunum eiga nemendur kost á fjölbreyttu tónlistarnámi. Skólarnir gegna mikilvægu hlutverki í menningarlífi hvers byggðarlags.

Undir einkennisorðinu Tónlistarskólarnir vinna skólarnir saman að ýmsum verkefnum.

Dagur tónlistarskólanna er síðasta laugardag í febrúarmánuði ár hvert. Þá efna tónlistarskólarnir til hátíðar hver á sínum stað. Meðal viðburða má nefna opið hús, tónleika, hljóðfærakynningar og ýmis konar námskeið. Þá heimsækja nemendur einnig aðra skóla, vinnustaði og heilbrigðisstofnanir í þeim tilgangi að flytja tónlist.

Uppskeruhátíð tónlistarskólanna kallast Nótan og er samvinnuverkefni Félags tónlistarskólakennara (FT), Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Samtaka tónlistarskólastjóra (STS). Hver skóli sendir fulltrúa á sameiginlega landshlutatónleika þar sem valin eru atriði til flutnings á hátíðartónleikum sem jafnframt er tónlistarkeppni. Nemendum sem skara fram úr eru þar veittar viðurkenningar fyrir flutning sinn.

www.tonlistarskolarnir.is

TÓN LISTAR SKÓLARNIR

DAGUR TÓNLISTAR-SKÓLANNA

## Tónlistarskóli FÍH

**Opið hús í Tónlistarskóla FÍH laugardaginn 23. febrúar milli kl 10:30 - 14:00.**

Dagskrá hefst með tónleikum í sal skólans kl.11:00.

Kl.12:00 verður málþing um skólann þar sem tækifæri gefst á að ræða starfið innan veggja hans.

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**


## DÓMAR 16.02.2012 ➜ 22.02.2012

### TÓNLEIKAR

★★★★★
**Squarepusher**
**Sónarhátíðin, Silfurberg**
Margbrotin og síbreytileg, oft ómstríð tónlist full af hljóðrænum árásum. - tj

★★★★★
**GusGus**
**Sónarhátíðin, Silfurberg**
Dúndrandi taktur og frábær söngur. - kh

★★★★☆
**Trentemøller**
**Sónarhátíðin, Norðurljós**
Frábær endalok á vel lukkuðu föstudagskvöldi. - sm

★★★★☆
**James Blake**
**Sónarhátíðin, Silfurberg**
Dansvæn og flott ný lög frá James Blake í bland við eldri perlur. - fb

★★★★☆
**Alva Noto & Ryuichi Sakamoto**
**Sónarhátíðin, Norðurljós**
Dáleiðandi góðir tónleikar. - sm

★★★★☆
**Gluteus Maximus**
**Sónarhátíðin, Silfurbergi**
Skothelt sambland af plötusnúningi og lifandi spilamennsku. - tj

★★★☆☆
**Bloodgroup**
**Sónarhátíðin, Sónarflói**
Sveitin náði ekki nógu vel til áheyrenda. - kh

★★★☆☆
**Samaris**
**Sónarhátíðin, Silfurberg**
Heillandi rafpopp frá Samaris sem fékk því miður of lítinn tíma á Sónar. - fb

★★★☆☆
**Modeselektor**
**Sónarhátíðin, Silfurberg**
Góðir tónleikar sem náðu þó engu stórkostlegu flugi. - sm

### BÆKUR

★★★★☆
**Pater Jón Sveinsson - Nonni**
**Gunnar F. Guðmundsson**
Vönduð ævisaga sem birtir höfund Nonnabókanna í skýrara ljósi en áður en enn er mörgum spurningum ósvarað. - jyj

★★★☆☆
**Brynhjarta**
**Jo Nesbö**
Nesbö klikkar ekki frekar en fyrri daginn. Spenna og hasar vega salt við óuppgerðar tilfinningar og eftirsjá svo úr verður magnaður kokkteill. - fsb

### MYNDLIST

★★★★★
**Teikningar**
**Ingólfur Arnarsson í Hafnarborg**
Nostursamlega unnin sýning á teikningum sem búa yfir innra hljómfalli og ytri takti þegar þær eru saman komnar í rými. - þb

### BÍÓ

★★★★★
**Kon Tiki**
**Leikstjórn: Joachim Rønning, Espen Sandberg.**
Ógleymanleg mynd um hreint út sagt ótrúlegan atburð. - hva


ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

Við leggjum metnað okkar í gæði, þess vegna er Íslandsnaut 100% íslenskt ungnautakjöt

Fæst í: HAGKAUP Ein ferð betra verð BÓNUS

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**LAUGARDAGUR 23. FEBRÚAR 2013**

## Gjörningar

**16.08** Ragnheiður Harpa Leifsdóttir fremur gjörninginn Heimskaut í POKU. Allir velkomnir.

## Sýningar

**12.00** Sýning Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur, Brot, opnar í Sverrissal Hafnarborgar.

**12.00** Sýningin Ellevu opnar í Gallerí Tukt. Á sýningunni sýnir listamaðurinn Helgi Mortal Kombat myndir sem flestar eru eingöngu unnar í Paint og öðrum lélegum tölvuforritum.

## Málþing

**14.00** Í safnaðarsal Hallgrímskirkju verður haldið málþing um orgel í kirkjum, sögu þess í lútherskri hefð, byggingu þess og hlutverk. Allir velkomnir.

## Tónlist

**19.30** Hljómsveitin 200.000 Naglbítar mæta á Luftgítarkvöld á Bar 11. Farið verður yfir sögu hljómsveitarinnar og spiluð lög sem mótuðu hana, þar til klukkan 21 þegar hún stígur á svið og leikur sín þekktustu lög. Aðgangur er í gegnum gestalista sem er hægt að nálgast gegnum Facebook-síðu Luftgítars eða með því að hlusta á Rás 2.

**20.30** Hljómsveitin My Sweet Baklava heldur tónleika á Café Haiti, Geirsgötu 7b, Verbúð 2. Tónleikarnir eru í tilefni af útgáfu plötunnar Drops of Sound. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Ásgeir Trausti heldur tónleika í Bíóhöllinni Akranesi. Sérstakur gestur verður Pétur Ben sem tekur nokkur af sínum bestu lögum. Miðaverð er 2.900 kr.

**22.00** Snorri Helgason spilar glænýtt efni af væntanlegri plötu sinni á Dillon bar. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** KK og Maggi Eiríks skemmta á Café Rosenberg.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir spila á Græna Hattinum, Akureyri. Boðið verður upp á klassískar krásir í bland við efni af væntanlegri plötu. Forsala miða er í Eymundsson á Akureyri og á midi.is.

## Fyrirlestrar

**10.30** Ólafur Garðarsson, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, verður gestur fundar Framsóknar í Reykjavík að Hverfisgötu 33. Umfjöllunarefni fundarins er Skuldaleiðrétting – Sameiginlegt réttlætismál.

## Útivist

**10.00** Farið verður í hjólreiðaferð frá Hlemmi og hjólað um borgina í 1-2 tíma á rólegri ferð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Nánari upplýsingar á vef LHM.is.

**SUNNUDAGUR 24. FEBRÚAR 2013**

## Listasmiðja

**14.00** Listasafn Reykjavíkur býður upp á opna listasmiðju fyrir 9 ára og eldri. Smiðjan er í tengslum við sýningu Roberts Smithson: Rýnt í landslag og ber yfirskriftina Mótað í sand. Frítt fyrir börn yngri en 18 ára.

**15.00** Boðið verður upp á Skuggaleikhússmiðju fyrir börn í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Helga Arnalds sýnir stuttan leikþátt og vinnur svo með börnunum. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.




## Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge-tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

## Sýningar

**12.00** Sýning á málverkum Þorbjargar Höskuldsdóttur verður opnuð í anddyri Hallgrímskirkju. Aðgangur að sýningunni er ókeypis.

## Kvikmyndir

**15.00** Kvikmynd rússneska leikstjórans Alexanders Sokúrov, Alexandra, verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Með aðalhlutverkið í myndinni fer Galína Vishnevskaja, sem var ein frægasta og virtasta óperusöngkona Sovétríkjanna um miðja síðustu öld. Aðgangur er ókeypis.

## Uppákomur

**20.00** Haldin verður Tómasarmessa í Breiðholtskirkju undir yfirskriftinni Hann kallar á þig. Tómasarmessur einkennast af fjölbreyttum söng og tónlist. Allir eru velkomnir.

## Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir fyrir félaga FEB í Reykjavík er kr. 1.500 en kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

## Dagskrá

**11.00** Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fólk á öllum aldri á Þjóðminjasafni Íslands, í tilefni af 150 ára afmæli safnsins. Aðgangur er ókeypis og nánari upplýsingar á heimasíðu safnsins, thjodminjasafn.is.

## Leikrit

**14.00** Tónleikurinn Ástarsaga úr fjöllunum, eftir Pétur Eggerz og Guðna Franzson, verður sýndur í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Verkið er byggt á sögu Guðrúnar Helgadóttur. Miðaverð er kr. 2.200.

## Tónlist

**16.00** Tveir af fremstu fiðluleikurum Norðurlanda, þær Elisabeth Zeuthen Schneider og Guðný Guðmundsdóttir koma fram á tónleikum í Seltjarnarneskirkju ásamt píanóleikaranum Richard Simm. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**17.00** Rósalind Gísladóttir mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari flytja ýmis þekkt lög í Salnum.

**17.00** Kjartan Sigurjónsson, fyrrverandi organisti Digraneskirkju, leikur fjölbreytt orgelverk á orgeltónleikum í Hjallakirkju, Kópavogi. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Perlur íslenskra einsöngslaga fluttar af Hallveigu Rúnarsdóttur sópran, Bjarna Thor Kristinssyni bassa og Ástríði Öldu Sigurðardóttur píanóleikara í Kaldalóni Hörpu.

## Leiðsögn

**14.00** Dagný Heiðdal listfræðingur fjallar um verk kvenna á sýningum Listasafns Íslands, Gamlar gersemar og Erlendir áhrifavaldar.

**15.00** Helgi Þorgils Friðjónsson listamaður leiðir gesti um sýninguna Tónn í öldu í Listasafni Kópavogs – Gerðusafni. Leiðsögnin er í tilefni af síðasta sýningardegi sýningarinnar.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

















góðgæti frá Jóa Fel

Konudagur að hætti Jóa Fel

Fullt af kökum og kruðeríi til að gleðja elskuna sína

Jói Fel

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

# Nýtt – upp á gamla mátann

Pönnukökur, skonsur, vöfflur og fleira í þeim dúr stendur svo sannarlega fyrir sínu þegar kemur að bakstri og því að kalla fram góðgæti á skammri stundu. Uppskriftirnar hér fara örlítið aðrar leiðir þegar kemur að þessari klassík – dálítið meiri hollusta þegar deigið er útbúið og áhugaverðar útfærslur á meðlæti.

**Halla Bára Gestsdóttir**
**Gunnar Sverrisson**
homeanddelicious.com

### 1. Kókosskonsur

40 g kókosmjólk
2 msk. hunang eða agavesíróp
4 msk. hveiti eða heilhveiti
6 dl kókosmjöl
½ tsk. salt
2 tsk. lyftiduft
3 egg, hrærð
4 msk. púðursykur eða hrásykur

Komið upp vægri suðu á kókosmjólk og hunangi/agavesírópi. Blandið þurrefnum saman fyrir utan sykurinn. Hrærið kókosmjólkina saman við þurrefnin. Hrærið eggin varlega saman við svo úr verði mjúk blanda. Þetta má gera kvöldið áður og láta standa í ísskáp.

Hitið pönnu, pönnukökupönnu en helst pönnu sem ekki festist við, á rúmlega miðlungshita. Látið smjörklípu á pönnuna. Setjið um tvær matskeiðar af deigi á pönnuna fyrir hverja skonsu, stráið örlitlum sykri yfir. Snúið skonsunni við þegar loftbólur myndast. Gætið þess að baka ekki of mikið, slíkt gerist ansi hratt. Skonsurnar eiga að vera gullnar að lit. Berið fram og borðið heitar.

### 2. Amerískar pönnukökur með bláberjasírópi

**Bláberjasíróp:**
170 g bláber*
4 msk. púðursykur eða hrásykur
4 msk. maple-síróp
2 msk. vatn

2½ dl hveiti eða heilhveiti
2½ dl spelt
1 tsk. lyftiduft
½ tsk. natron
5 msk. púðursykur eða hrásykur
½ tsk. salt
4 msk. birkifræ
5½ dl súrmjólk eða ab-mjólk
2 egg, hrærð
2 msk. brætt smjör

Byrjið á sírópinu; setjið sykur, síróp og vatn í pott ásamt helmingi af berjum. Látið sjóða þar til berin fara að mýkjast vel og springa. Takið þá af hitanum og þrýstið sírópinu í gegnum sigti þannig að hýðið af berjunum sitji eftir. Setjið heilu berin út í sírópið.

Hrærið þurrefnin saman í deigið. Setjið súrmjólk, egg og brætt smjör saman við og hrærið vel svo úr verði nánast kekkjalaust deig.

Hitið pönnukökupönnu en helst pönnu sem ekki festist við, á rúmlega miðlungshita. Bræðið örlitla smjörklípu á pönnunni. Setjið um 4 msk. af deigi á pönnuna fyrir eina pönnuköku. Snúið við þegar loftbólur myndast. Gætið þess að baka ekki of mikið, slíkt gerist ansi hratt. Berið fram með bláberjasírópinu og borðið þær heitar.

*Hér má að sjálfsögðu nota önnur ber í sírópið.

### 3. Grófar vöfflur

50 g spelt
50 g hveiti
50 g hveilhveiti
50 g haframjöl, malað í matvinnsluvél*
1½ msk. birkifræ
1 msk. hrásykur
2 tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
4½ dl súrmjólk
3 egg, hrærð
3 msk. brætt smjör
3 msk. olía; isio, vínberja- eða önnur létt olía

Hrærið saman þurrefnin. Hrærið saman súrmjólk, egg og olíu. Blandið saman svo úr verði mjúkt deig. Nú verður vöfflujárn hvers og eins að ráða ferðinni upp á hitann á járninu. En bakið vöfflur og gott er að leggja hverja og eina vöfflu á grind þegar hún er tekin úr járninu, ekki stafla þeim beint upp, svo vafflan nái að haldast stökk og seig.

Berið fram með smjöri og sírópi, hrásykri, ferskum berjum, skornum eplum, nutella, grískri jógúrt, ís, rjóma – eða smjöri og osti, marmelaði, góðu salati eða hverju sem hugurinn girnist.

*Setjið haframjölið í matvinnsluvél og malið þar til það verður fínt sem heilhveiti. Þessu má sleppa og bæta þá við sama magni af spelti, hveiti eða heilhveiti.










www.volkswagen.is




Volkswagen Polo

**Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km***

Þarfir okkar eru misjafnar og við leitum leiða til þess að uppfylla þær. Volkswagen Polo er öruggur, hagkvæmur og þægilegur bíll sem mætir þínum þörfum fullkomlega.

Komdu og reynsluaktu nýjum Volkswagen Polo í dag.

**Polo kostar aðeins frá**

**2.550.000 kr.**

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

**Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# BORGIN MÍN NEW YORK



**EDDA SIF PÁLSDÓTTIR, ÍPRÓTTAFRÉTTA-MAÐUR OG NEMI**

**Hver er uppáhaldsborgin þín?**
New York.

**Hvers vegna?**
Ástæðan er eiginlega sú að hún hefur allt. Þú getur verið í látunum og fjörinu á Manhattan en líka í rólegri og lágstemmdari hverfum eins og Williamsburg sem þó er stutt frá. Þú getur heimsótt borgina í kuldanum að vetri til eða blússandi sumri. Allt í boði og nánast á öllum tímum sólarhringsins.

**Hvenær fórstu þangað síðast?**
Ég fór þangað síðast sumarið 2011.

**Hvað er hægt að skoða þar?**
Valmöguleikarnir eru nánast óteljandi enda líður mér stundum eins og New York sé miðpunktur alheimsins. Þar er að finna mörg söfn og sýningar, sjarmerandi götur og garða, fjölbreytt mannlíf og margt fleira.

**Hvað er hægt að gera þar?**
Ég held að það sé fátt sem ekki er hægt að gera þar. Það skemmtilegasta sem ég hef gert er að fara í þyrluferð yfir borgina og liggja með bollaköku í Central Park í steikjandi hita og fylgjast með mannlífinu. Svo reyndar fer ég í túristastrætó hvert sem ég fer og túrinn er mjög skemmtilegur í New York.

**Hvar er gott að fara út að borða þar?**
Hægt er að finna marga góða staði t.d. á 7th Street sem eru jafnframt aðeins ódýrari en staðirnir á fjölförnustu ferðamannapunktunum. Í Meatpacking District er frábær staður sem heitir Spice Market og í Soho er lítill kúbanskur veitingastaður sem heitir Café Habana og þar er hægt að fá heimsins besta maís og fleira gómsætt.

**Hvar er best að versla?**
Í Soho-hverfinu. Þar og í nágrenni þess finn ég allavega flest sem mig langar til. Svo eru margar litlar og skemmtilegar búðir í Williamsburg. Þar eru líka margar flottar second-hand búðir fyrir þá sem eru hrifnir af slíku.





**Í FRAMBOÐ** Leikkonan Ashley Judd íhugar framboð til öldungadeildar Bandaríkjaþings. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ashley Judd í framboð

Leikkonan Ashley Judd er sögð íhuga framboð til öldungadeildar Bandaríkjaþings fyrir hönd demókrata, ef marka má frétt US Weekly. Hún hyggst bjóða sig fram gegn Mitch McConnell, sem er núverandi öldungadeildarþingmaður Kentucky-fylkis.

Sjónvarpsstöðin WHAS 11 segir Judd hafa snætt hádegisverð með mikilsvirtum demókrötum á fimmtudag og ýtir það enn frekar undir getgátur manna.

Judd hefur lengi verið viðriðin mannúðarstörf og stjórnmál í heimalandi sínu og er meðal annars ötull stuðningsmaður Baracks Obama.



**HÆTT SAMAN** Josh Brolin og Diane Lane eru hætt saman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hjónabandið á enda runnið

Hollywood-stjörnurnar Josh Brolin og Diane Lane hafa ákveðið að enda hjónaband sitt. Brolin og Lane gengu upp að altarinu árið 2004 en hafa ekkert hist síðan seint á síðasta ári. Blaðafulltrúi hjónanna staðfesti tíðindin við UsMagazine.com.

Þau voru síðust mynduð saman í Los Angeles í desember á frumsýningu The Guilt Trip með stjúpmóður Brolins, Barbra Streisand, í aðalhlutverki. Lane hefur áður gengið í gegnum hjónaskilnað þegar hún hætti með Christopher Lambert árið 1994. Sama ár hætti Brolin með barnsmóður sinni Alice Adair.




Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 18. mars.
Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2013-2014.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

» 3 styrkir til framhaldsskólanáms, 200.000 kr. hver.
» 3 styrkir til iðn- og verknáms, 350.000 kr. hver.
» 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr. hver.
» 3 styrkir til listnáms, 450.000 kr. hver.
» 3 styrkir til framh.náms á háskólastigi, 450.000 kr. hver.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# GRÍPANDI OG ÁGENG

**Útlagi gerist í Tansaníu á níunda áratugnum og er fyrsta bók í Afríku-þríleik Danans Jakobs Ejersbo.**




★★★★

Jon Helt Haarder / Jyllands-Posten

**„... sannarlega stórvirki og opnar fyrir lesanda heim sem hvergi er að finna í samtímabókmenntum Evrópu,“**

***segir í eftirmála Páls Baldvins.***



Jakob Ejersbo

Útlagi vakti mikla athygli þegar hún kom út í Danmörku 2009 en skömmu áður lést höfundurinn úr krabbameini, fertugur að aldri.

1 kr.
sendingargjald til 25. febrúar

*www.forlagid.is*
*– alvöru bókabúð á netinu*




Hinn sextán ára **Prince Michael Jackson**, sonur poppstjörnunnar sálugu Michaels Jackson, er orðinn fréttamaður hjá afþreyingarsjónvarps-stöðinni Entertainment Tonight. Hann hyggur á feril sem framleiðandi, leikstjóri, handrits-höfundur og leikari.



**Scott Eastwood** er 26 ára sonur goðsagnarinnar Clints Eastwood. Fyrsta myndin sem hann lék í var Flags of Our Fathers í leikstjórn föður síns, sem var að hluta til tekin upp á Íslandi. Hann leikur næst í Texas Chainsaw 3D.

# Í fótspor foreldranna

Börn fræga fólksins reyna mörg hver að feta í fótspor foreldranna og koma sér á framfæri í skemmtanabransanum. Dæmi um það eru Prince Michael Jackson, Romeo Beckham og Maude Apatow sem öll virðast elska sviðsljósið.



Þrjú af börnum Brads Pitt og Angelinu Jolie leika lítil hlutverk í væntanlegri mynd Jolie, Maleficent. Hin fjögurra ára **Vivienne** leikur prinsessuna Auroru.



**Riley Keough**, 23 ára dóttir Lisu Marie Presley og barnabarn söngvarans Elvis Presley, er leik-kona og fyrir-sæta. Næsta mynd hennar er Mad Max: Fury Road.



**Romeo Beck-ham**, tíu ára sonur fótboltatöffar-ans Davids Beckham og Victoriu Beckham, leikur í auglýsingu fyrir vor- og sumarlínu Burberry.



Hin fjórtán ára **Maude Apatow**, dóttir leikkonunnar Leslie Mann og leikstjór-ans Judds Apatow, fer með hlutverk í This Is 40 ásamt móður sinni. Leik-stjóri myndarinnar er að sjálfsögðu Apatow. Maude hefur einnig leikið í Knocked Up og Funny People í leik-stjórn föður síns.



**Daniellynn Birkhead**, sex ára dóttir Anna Nicole Smith og Larrys Birkhead, er strax byrjuð að feta í fótspor móður sinnar, sem var fyrir-sæta og leikkona. Birkhead er nýtt andlit Guess Kids.



**Jaden**, sonur Wills Smith og Jada Pinkett-Smith, leikur á móti föður sínum í myndinni After Earth í leikstjórn M. Night Shyamalan. Jaden, sem er fimmtán ára, hefur áður leikið aðalhlutverkið í endurgerð The Karate Kid.


## Ráðstefna um orkumál

**Sveitarfélagið Hornafjörður efnir til ráðstefnu um orkumál á Hótel Höfn Hornafirði 28. febrúar 2013 kl. 15:00 – 18:30**

**Setning ráðstefnu** *Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri í atvinnu og nýsköpunarráðuneyti*
**Sjávarhverfill** *Valdimar Össurarson, framkvæmdastóri Valorku ehf.*
**Jarðhitaleit við Hoffell og verkefni RARIK** *Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK.*
**Vindtúrbínur fyrir íslenskar aðstæður** Sæþór Ásgeirsson, verkfræðingur IceWind.
**Repjutilraunir í Austur Skaftafellsýslu** Sveinn Rúnar Ragnarsson, verkefnisstjóri.
**Gagnaver á Hornafirði, áætlun GGD** *Eymundur Sigurðsson, verkfræðingur, VJI*
**Aðgerðir í loftlagsmálum** *Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri umhverfis og auðlindaráðuneyti.*
**Tilraun með varmadælur** *Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæ.*
**Orkubóndinn** *Jón Snæbjörnsson, verkfræðingur Verkís.*
**Orkusetur Landbúnaðarins** *Eiður Guðmundsson, Landbúnaðarháskóli Íslands.*
**Umræður og samantekt** *Ásgerður Gylfadóttir, forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar.*
**Ráðstefnustjóri,** *Bryndís Bjarnarson upplýsinga og gæðastjóri Hornafjarðar.*

**Allir eru hvattir til að mæta, ókeypis aðgangur. Flugfélagið Ernir flýgur beint til Hafnar.**



**Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is**

# Hera Björk etur kappi við herra Venesúela

Söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir þykir sigurstrangleg í Vina del Mar International-söngvakeppninni sem fer fram í næstu viku.

„Já, hann er undurfagur drengurinn, en hann veit ekki hverju hann á von á frá fyrrverandi ungfrú Úlfljótsvatn,“ segir söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir, um keppinaut sinn Francisco Leon.

Hera og Leon eru stödd í Síle þessa dagana, þar sem þau eru að keppa í sex laga úrslitum söngvakeppninnar Vina del Mar International Song Contest og eru þau, að sögn spekinga, sigurstranglegustu keppendurnir. Leon þessi er frá Venesúela og er fleira til lista lagt en að syngja því hann var kjörinn herra Venesúela árið 2004. Hera er þó ekki ókunnug fegurðarsamkeppnum sjálf, því hún var einmitt kosin Ungfrú Úlfljótsvatn árið 1984.

Keppnin hefst á morgun en riðillinn sem Hera keppir í er þó ekki fyrr en á mánudaginn. Hún keppir svo aftur á miðvikudaginn og komist hún í þriggja laga úrslit stígur hún aftur á svið á fimmtudagskvöldið, þegar úrslitin fara fram. „Þetta verður hörð keppni sem ég hlakka mikið til að taka þátt í. Sviðið er frábært og gaman að syngja með stórri hljómsveit, fallegum dönsurum og með yfir 20.000 manns fyrir framan sig. Okkur var sagt í dag að í fyrra hafi áhorf í sjónvarpi farið yfir 100 milljónir manna í fyrsta skipti svo þetta er greinilega mjög vaxandi hátíð,“ segir Hera spennt.



**BÆÐI FALLEG** Þau Hera Björk og Francisco Leon eiga bæði fegurðartitla í farteskinu en þau eru talin sigurstranglegust í Vina del Mar International Song Contest sem fer fram í Síle í vikunni.



**INGÓLFUR JÚLÍUSSON** Ljósmyndarinn og margmiðlunarhönnuðurinn berst við bráðahvítblæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tónleikar til styrktar Ingólfi

**Tónleikar til styrktar Ingólfi Júlíussyni, ljósmyndara og margmiðlunarhönnuði, verða haldnir í Norðurljósum í Hörpu 28. febrúar. Ingólfur greindist með bráðahvítblæði í byrjun október í fyrra og hefur dvalið á sjúkrahúsi að mestu síðan.**

**Allir sem koma fram á tónleikunum gefa vinnu sína og þeirra á meðal eru Ari Eldjárn, Hörður Torfason, Dimma, KK og Q4U, sem Ingólfur hefur spilað með. Aðgangseyrir er kr. 2.500 krónur. Miðasala er í Hörpu og á midi.is. Þeir sem ekki komast á tónleikana geta lagt inn peninga á eftirfarandi reikning: 0319-26-002052. Kennitala: 190671-2249.**

## APP VIKUNNAR



**OneHundredPushups**

Ef þú vilt endilega styrkja líkama þinn þá getur þú að sjálfsögðu fundið app við hæfi. OneHundredPushups er frábært app fyrir upptekið fólk sem hefur ekki tíma til að komast í ræktina en vill samt sem áður geta gert 100 armbeygjur.

Appið býður upp á sex vikna æfingaáætlun sem miðar að því að þú getir tekið 100 armbeygjur eftir einn og hálfan mánuð. Það eina sem þú þarft er appið, fullt af vilja og um það bil 30 mínútur á viku.

**Skýringar:**
App fyrir Apple-tæki
App fyrir Android-tæki
App fyrir Windows





**A GOOD DAY TO DIE HARD** „Sonurinn er leiðindatýpa og það er aldrei sjáanlegur neisti á milli feðganna.“

# Þetta er búið

BÍÓ ★☆☆☆☆

**A Good Die to Die Hard**
Leikstjórn: John Moore
**LEIKARAR: BRUCE WILLIS, JAI COURTNEY, SEBASTIAN KOCH, YULIYA SNIGIR, COLE HAUSER, MARY ELIZABETH WINSTEAD.**

Að setjast niður til þess að skrifa illa um bíólögguna John McClane er erfitt. Það er ekki ósvipað því að bíða eftir réttа augnablikinu til að segja góðum vini að hann eigi við andfýluvandamál að stríða. Helst vill maður fresta því í lengstu lög, en illu er víst best aflokið. Og það er ekki ósennilegt að sá sem klippti A Good Day to Die Hard hafi einmitt verið með þá speki í huga þegar hann skilaði af sér myndinni, en myndin er ekki nema rétt rúmlega ein og hálf klukkustund, sem gerir hana að langstystu mynd Die Hard-seríunnar.

Aðalmennirnir á bak við myndina, handritshöfundurinn Skip Woods, leikstjórinn John Moore og leikarinn Bruce Willis, sýna fram á svo mikla vanþekkingu á efniviðnum og því sem gerir Die Hard að einni skemmtilegustu hasarmyndaseríu allra tíma, að eðlilegast væri að leggja fram vantrauststillögu á hendur þeim. Vissulega fataðist John McClane flugið í bragðdaufri fjórðu myndinni, en fimmta myndin hefði getað bætt skaðann nánast að fullu.

Því miður ber myndin metnaðarleysisins skýr merki. John McClane fer til Moskvu þegar sonur hans kemst í kast við lögin og fimm mínútum síðar erum við stödd í leiðinlegasta bílaeltingarleik sem festur hefur verið á filmu. Okkur á að finnast sniðugt að sjá McClane mala hversdagslega við dóttur sína í farsíma á meðan hann eyðileggur Moskvu með ofurjeppa. Við fyrirgáfum Willis kjánaskapinn í Hudson Hawk. Af hverju er svona atriði í Die Hard-mynd?

Myndin nær sér aldrei á strik eftir hörmungarnar í upphafi. Sonurinn er leiðindatýpa og það er aldrei sjáanlegur neisti á milli feðganna. Áferðin er ljót og myndatakan þreytandi. Það koma augnablik í síðari hluta myndarinnar sem eru sæmileg en það dugir ekki til. Grunnurinn er of veikbyggður og því hrynur þetta allt saman.

Ég óttast að þessi mynd verði banabiti seríunnar. Máske verða gerðar fleiri myndir en John McClane verður aldrei samur.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ófyrirgefanleg afskræming á klassískri seríu. Þetta er búið.

# Fjölmenni á Borginni

